



Ársskýrsla Sjálandsskóla
Skólaárið 2005-2006

Efnisyfirlit

1. Almennt um Sjálandsskóla	3
I. Stefna og markmið	
II. Skólabragur	
III. Tengsl skóla, umhverfis og grenndarsamfélags	
IV. Þróunarverkefni á skólaárinu	
V. Sjálfrmat skóla	
VI. Skólaárið	
VII. Skóladagurinn	
2. Starfsmenn	6
I. Stöðuheiti og stöðugildi	
II. Aldur, búseta og kyn	
III. Símenntun	
3. Skólahúsnæði skólalóð	10
I. Skólalóðin	
II. Skólahúsnæði	
III. Heimasvæði	
IV. Sérgreinastofur	
4. Nemendur	12
I. Skipting í umsjónarhópa, kyn og fjöldi	
II. Lögheimili	
III. Ástundun	
IV. Tómsundur	
5. Foreldrar nemenda	14
I. Stefna	
II. Foreldrafélag og foreldraráð	
III. Samstarf kennara og foreldra	
IV. Foreldraheimsóknir	
6. Nám og starf í 1./2. bekk	16
7. Nám og starf í 3./4. bekk	18
8. Nám og starf í 5./6. bekk	21
9. Skýrsla íþróttakennara	24
10. Skýrsla listgreinakennara	34
11. Skýrsla tónmenntakennara	39
12. Skýrsla sérkennara	43
13. Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu og upplýsingatækni	46
14. Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu	52
15. Ytri tengsl	60
16. Samtantekt og mat á árangri skólastarfsins	62
17. Fylgiskjöl	63
I. Skóladagatal	
II. Skipurit skólans	
III. Skýrsla um þróunarverkefnið Skólaping	
IV. Skýrsla um niðurstöður foreldrakönnunar	
V. Skýrsla um símenntun starfsmanna	
VI. Skýrsla um tómsundiðkun	
VII. Fréttadagbók	

1. Almennt um Sjálandsskóla

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005 og er þessi skýrsla því um fyrsta starfsár skólans. Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-6. bekk. Garðaskóli sinnir kennslu nemenda í 8.-10. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-7. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjáland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Skólinn var settur í fyrsta sinn 23. ágúst 2005 og voru þá 79 nemendur skráðir í skólann. Formleg vísluathöfn var 3. september. Samtals voru 85 nemendur í skólanum í vetur. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Skólastjóri á þessu fyrsta starfsári var Helgi Grímsson. Skipurit skólans er fylgiskjal II.

Stefna og markmið

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð er áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í Sjálandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttæðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: Að vilja og virða.

Skólabragur

Skólinn er sameiginlegur vinnustaður margra ólíkra einstaklinga sem sýna hverjir öðrum hlýhug og umhyggju. Hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá tækifæri til að vinna sína vinnu svo sem best verður á kosið. Unnið er markvisst að því að skapa andrúmsloft háttvísi og frelsis í skólanum. Ábyrgð nemenda á eigin starfi, leik, viðhorfum og framkomu verður þroskuð með því að veita þeim viðeigandi ábyrgð, val og frelsi eftir því sem þroski þeirra leyfir og með því að láta þá taka þátt í umræðu og eiga hlutdeild í ákvörðunum um réttindi sín og skyldur.

Tengsl skóla, umhverfis og grenndarsamfélags

Lögð er áhersla á nán tengsl skóla, foreldra, umhverfis og grenndarsamfélags. Rík áhersla er lögð á að umhverfi skólans sé notað á markvissan hátt. Til dæmis verður nánasta umhverfi skólans s.s. Hraunholtslækur, Arnarnesvogur og Gálgahraun notað í skólastarfinu og ræktuð tengsl við íbúa Sjálandshverfis og félagasamtök i Garðabæ. Umhverfismál s.s. sorpflokkun, endurnýting, umhverfisskilningur, umhverfisvernd og landgræðsla er ein af undirstöðum skólastarfsins. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að aðilar úr grenndarsamfélaginu nýti sér húsnæði og aðstöðu skólans og auði þannig skólasamfélagið s.s. íbúar Sjálandshverfis (þá sérstaklega eldri borgarar og leikskólabörn) siglingaklúbbur, skátar og sundmenn.

Þróunarverkefni á skólaárinu

Óhætt er að segja að allt skólaárið hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Þó var lagt af stað með eitt formlegt þróunarverkefni sem styrkt var af þróunarsjóði grunnskóla. Verkefnið hafi yfirskriftina: *Skólaping*.

Markmið verkefnisins er að:

- Þjálfa og þroska lýðræðislega umræðu og þátttöku nemenda í stjórnun skóla
- Efla samskiptahæfni nemenda
- Auka samkennd og styrkja skólameninguna
- Stuðla að skilningi nemenda á leikreglum lýðræðis, samfélagslegri ábyrgð og margbreytileika mannlífsins.

Skólaping er tvíþættur vettvangur þar sem annars vegar hittast lýðræðislega kjörnir fulltrúar umsjónarhópa á *fulltrúapingi* og hins vegar allir nemendur og starfsmenn sem starfa saman á svokölluðu heimasvæði (60-80 nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn) á svokölluðu *heimapingi*. Skýrsla um þróunarverkefnið er fylgiskjal III.

Sjálfsmat skóla

Lög var formleg viðhorfakönnun fyrir foreldra í desember og brugðist við helstu niðurstöðum hennar. Skýrsla um könnunina er fylgiskjal IV. Þá voru einstakir liðir í skólastarfinu metnir á starfsmannafundum, kennarafundum og heimaþingum. Einnig var lagt mat á stöðu mála á fundum með skólaráði, foreldraráði og kennararáði.

Skólaárið

Fjöldi nemendadaga á skólaárinu voru 180. Skóladagatal Sjálandsskóla er fylgiskjal I. Dagar þar sem verulega var brugðið frá námi og kennslu voru skólasetningardagur sem jafnframt var foreldraviðtalsdagur, jólaskemmtun og skólaslit. Ekki voru hafðir foreldraviðtalsdagar eða prófadagar. Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá stundatöflu hjá öllum nemendum skólans voru:

9. september	Gróðursetningardagur
26. september	Stærðfræðidagurinn
25. – 28. október	Heimilisvika
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
1. desember	Fullveldishátíð
7.-14. desember	Jólaþema
1. mars	Öskudagur
15. mars	Skíðaferð
22.-25. mars	Listadagar

21. apríl	Íþróttadagur
25. apríl	Dagur umhverfisins
1.-2. júní	Innilega

Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í kafla 15. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttedagbók (fylgiskjal VII).

Skóladagurinn

07:30 – 08:25	Skólahús opið. Nemendur áttu næðisstund undir eftirliti skólaliða
08:25 – 08:30	Samkoma (morgunsöngur, atriði, tilkynningar)
08:30 – 08:40	Umsjónartími (skipulag dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
08:40 – 09:40	1. kennslustund
09:40 – 09:55	Hlé (morgunhressing: ávextir og grænmeti og annað hollt nesti)
09:55 – 10:15	Hlé (útivera)
10:15 – 11:15	2. kennslustund - Í lok stundar var stutt hlé á kennslu.
11:15 – 12:15	3. kennslustund
12:15 – 13:35	Hlé (heitur matur)
13:35 – 13:05	Hlé (frímínútur - val um að vera inni eða úti)
13:05 – 14:05	4. kennslustund
14:05 – 14:15	Umsjónartími (uppgjör dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
14:15 – 17:00	Tómstundaheimili og annað frístundastarf.

Á samkomu komu nemendur saman í í stiganum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Upplýsingar um gesti má sjá í fréttedagbók (fylgiskjal VII).

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í fyrra nesti snæddu nemendur nesti að heiman. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Eindregið var hvatt til þess að allir nemendur fengju heitan mat í hádeginu og voru nemendur þá í heitum mat alla daga eða ekki. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel.

Skóladagurinn jafn langur hjá öllum árgöngum. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5. og 6. bekkur ívið styttri. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel.


2. Starfmenn

Starfsmenn Sjáländsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólafar sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólafara og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólafarinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólafarinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi.


Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:


	Stöðuheiti	Stöðuhlutfall
Bergþóra Hákonardóttir	Skólaliði	80
Finnbjörg Skaftadóttir	Þroskaþjálfari	40
Helga Kristín Martinsdóttir	Skólaliði og stuðningsfulltrúi	80
Helgi Grímsson	Skólafari	100
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsjónarmaður tómstundaheimilis	50
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttir og kennsla 3/4 b.	100
Kristín Guðbrandsdóttir	Listgreinakennsla	100
Kristín Steinarsdóttir	Kennsluráðgjafi UT	100
María Gísladóttir	Skólaliði	50
Ólafur Schram	Tónmennt og umsjónarkennsla 5/6 b.	100
Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100
Salome Kristín Jakobsdóttir	Skólaliði	35
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður skóla	100
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	100
Þóra Melsted	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100
Þórdís Helga Ólafsdóttir	Sérkennsla og umsjónarkennsla 3/4 b.	100
Þórunn Jónsdóttir	Skólaliði og starfsmaður tómstundah.	100

Tveir skólaliðar voru ráðnir til tímabundinna verkefna. Þá var ráðinn nemi í bókasafnsfræðum til þess að vinna að frágangi skólasafns frá maí fram í júlí.



Meðalaldur kennara var 36,57 ár en annarra starfsmanna 40,27 ár.





Símenntun starfsmanna

Kennarar skólans komu til starfa 3. ágúst. Fyrstu dagarnir voru nýttir til símenntunar og samráðs áður en að eiginlegur undirbúningur kennslu hófst (sjá fylgiskjal V). Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðaða starfshætti, samskipti og skipulag náms, kennslu og námsmat.

Ráðningar starfsfólks

Gengið var frá ráðningum flestra starfsmanna á vordögum 2005. Flest allir umsækjendur voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verk svið. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Stefnt var að því að sem flestir starfsmenn vinni við skólann í fullu starfi. Það tókst ekki varðandi skólaliða. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og tókst það vel þar sem að skólastjóri hafði úr stórum hópi umsækjenda að velja.

Forföll starfsmanna

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Kennarar sinntu forfallakennslu ef því var við komið, einnig voru kallaðir til forfallakennarar. Þá sinnti UT kennsluráðgjafi forfallakennslu sem og skólastjóri sem sinnti forföllum öðru hverju. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá oftast með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna.

9,14, launapottur, deildarstjórn

Nýting 9,14 tímanna voru ákveðin sameiginlega af skólastjóra og kennarahópnum. Það samkomulag var í heiðri haft að skólinn væri vinnustaður kennara frá kl. 8:15 til

kl. 16:00 alla daga nema föstudaga. Ákveðið var að hafa fastan vikulegan kennarafund, miðvikudaga frá 14:30-16:00. Ekki voru festir niður foreldraviðtalstímar en kennarar settu á töflu sína nemendaviðtalstíma. Að öðru leiti ráðstöfuðu kennarar vinnutíma sínum enda í mörg horn að líta á fyrsta starfsári. Allir kennarar skólans fengu útdelt 30 mínútum á viku úr potti og einnig var fjármunum til deildarstjórnar útdelt á kennara, eða 2 klukkustundum á viku á hvern kennara. Hver kennari var þá gerður ábyrgur fyrir þróun og stjórnun eftirfarandi verkefna, þar með talið innkaup:

Hrafnhildur – íþróttir og sundkennsla
Kristín Guðbrandsdóttir – textíl, myndmennt, smíði
Ólafur Schram – Tónmennt
Ólöf Sigurðardóttir – kennsla á heimasvæði í 1./2. bekk
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir, - kennsla á heimasvæði í 3.-4. bekk
Þóra Melsted - kennsla á heimasvæði í 5./6.bekk
Þórdís Ólafsdóttir – sérkennsla.

Útdelt var úr launapotti út frá skilgreindum viðmiðunum. Trúnaðarmaður fór yfir útdelingu úr potti.

Starfmannasamtöl

Starfmannasamtöl voru í mars og apríl og tók skólastjóri þau öll. Eins og gefur að skilja fór mikill tími í þetta mikilvæga verkefni. Stefnt er að því að á næsta ári taki aðstoðarskólastjóri starfmannasamtöl við hluta starfsmanna.

3. Skólahúsnæðið - skólalóð

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.

Skólalóðin

Haustið 2005 var tilbúinn sá hluti skólalóðarinnar sem varðar útileiki, útiþróttir og útikennslu. Aðstaða til útileikja og íþróttar er góð m.a. gervigrasvöllur, körfuboltavöllur, rólur, vegasalt, klifurvarða, stauraskógur og klifurveggur. Ýmislegt vantaði þó uppá t.d. var hönnun umferðar um skólalóð ábótavant, lýsing á battavelli ónóg og gróður var ekki frágenginn. Þá var tenging skóla við fjöru ekki nægjanlega góð einnig sem það kom í ljós að loka þarf af rými undir skólasafni. Þá var ólokið frágangi á mörkum skólalóðar og nálæggra umferðarmannvirkja einnig sem OR gekk seint og illa frá raski sem verktaki á þeirra vegum olli á haustmánuðum. Lóðinn nýttist afar vel í öllu skólastarfinu (frímínútur, íþróttakennsla, útikennsla, tómstundaheimili). Miklu munaði að battavöllur var strax frágenginn. Vegna veðurfars skipti miklu máli fyrir skólann hversu mikill gróður er við Marargrundina og skýlir hann skólalóðinni vel.

Á haustdögum voru settir niður haustlaukar á lóðinni og á vordögum voru settir upp vermireitir og karteflugarður. Það verður því uppskeruhátíð í haust.

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skipti miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur lærðu fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór tvisvar til þrisvar í viku með barnahópa í “veiðiferðir” niður í fjöru í frímínútum og var aflinn settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í andyri skólans. Búrið var sett upp með aðstoð frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og með styrk frá Marel hf. Einnig var veitt úr læknum, m.a. hornsíli og urriði.

Skólahúsnæðið

Bygging skólahússins er áætluð í þrem til fjórum áföngum. Í fyrsta áfanga eru fjögur heimasvæði, upplýsingamiðstöð, list- og verkgreinstofur, aðstaða fyrir stjórnendur, sérfræðinga og skrifstofur. Í öðrum áfanga er íþróttahús, 12 metra innisundlaug, samkomusalur, eldhús, tónlistarstofa, tónlistarskóli og aðstaða fyrir tómstundaheimili. Í þriðja og fjórða áfanga eru heimasvæði og heimilisfræðistofa og náttúrufræðistofa. Haustið 2005 var 1. áfangi tekinn í notkun. Eitt heimasvæði var notað til almennrar kennslu, annað var notað sem hreyfirými og tónmenntastofa, það þriðja sem húsnæði fyrir leikskólann Sjáland og eldhús en það fjórða stóð autt en var notað öðru hvoru fyrir fundi, námskeið, leiklistarstarfsemi ofl. Tómstundaheimili var með miðstöð á gangi á mörkum heimasvæðisins og nýtti annað húsnæði skólans af vild. Gafst þetta skipulag afar vel. Forsalur á neðri hæð var nýttur sem matsalur og reyndist hann vel.

Heimasvæði

Það sem aðgreinir skólahúsnæði Sjálandsskóla einna helst frá hefðbundnu skólahúsnæði eru heimasvæðin. Í stað hefðbundinna kennslustofa er sameiginlegt vinnusvæði 60 – 80 nemenda úr tveim eða fleiri árgöngum sem starfa í 3-5 umsjónarhópum. Þetta fyrirkomulag býður upp á fjölbreytt hópastarf, margvíslega

möguleika á námsaðstæðum, árangursríkt samstarf 3-5 kennara auk annarra starfsmanna.

Þetta skólaár voru allir nemendur 1.-6. bekkjar saman á heimasvæði í 5 umsjónarhópum. Góð reynsla skapaðist af nýtingu húsnæðis og húsbúnaðar. Það er ljóst að heimasvæði ber ekki fleiri en 80 nemendur með góðu móti.

Sérgreinastofur

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð í Sjálandsskóla. Hönnun rýmisins hefur heppnast afar vel en heldur var bókakostur rýr á fyrsta starfsári.


Innangengt er á milli saumastofu (textílmennnt), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimennnt) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuaðstöðu. Ekki tókst að hefja smíðakennslu á skólaárinu þar sem að búnaður var ekki fyrir hendi. Smíðakennsla mun hefjast haustið 2006.

Tónmenntakennsla fór fram í 30 fermetra stofu og reyndist það rými allt of lítið.


Íþróttakennsla fór fram á skólalóð og í “hreyfirými”. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra en yfir vetrarmánuði voru yngstu nemendur báða íþróttatímanna innandyra en þau eldri annan tímann úti á lóð en hinn innandyra. Fundarherbergi voru notuð sem búningsklefar en börnunum gafst ekki færi á að fara í sturtu. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Sund var kennt í lotum í sundlauginni í Ásgarði.

4. Nemendur

Samtals voru 85 nemendur sem voru í skólanum, 79 við upphaf skólaársins en 83 þegar mest var. Skipting nemenda í árganga var afar misjöfn. Samkennt var í 1. og 2. bekk í einum umsjónarhópi. Samkennt var í 3. og 4. bekk í tveim umsjónarhópum. Samkennt var í 5. og 6. bekk í tveim umsjónarhópum. Gafst þetta fyrirkomulag vel.



Eftirfarandi er skipting nemenda skólans eftir lögheimili. Athyglisvert er hversu fáir nemendur koma úr Sjáländsshverfi og skýrist það af íbúasamsetningu.



Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að veikindadagar nemenda sem skráðir eru í Mentor eru samtals 285 og veikindastundir 30. Seinkomur eru í 744 stundir og ræður þar mestu seinkomur í upphafi skóladags. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 137 daga. Eftirfarandi tafla sýnir meðaltal ástundunar hjá nemendur skólans.

	Veikindi	Leyfi	Leyfi úr degi	Fjarvist	Seint	Tannlæknir	Læknir
Dagar	3,35	1,61	0,01				
Stundir	0,35	0,02		0,36	8,75	0,07	

Tómstundir

Gerð var könnun meðal allra nemenda skólans á því að hve miklu leyti þeir verja tómstundum sínum til íþróttæfinga, listnáms og starfs með frjálsum félagasamtökum og stofnunum. Markmið könnunarinnar var að gefa skýrari mynd af aðstæðum nemenda og gera því störf skólans skilvirkari sem og þeirra sem bjóða upp á tómstundastarf fyrir börn í Garðabæ. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar er fylgiskjal VI. Helstu niðurstöður eru að stór hluti nemenda tekur þátt í skipulögðu tómstundastarfi, helst þó íþróttum (knattspyrna og fimleikar). Fjölbreytni í tómstundaiðkun mætti hins vegar meiri.

5. Foreldrar nemenda

Foreldrar eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarþekkinga, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í desember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru fylgiskjal IV. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar afar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Þá komu skýrar vísbendingar um það sem betur má fara og var það helst upplýsingastreymi og gæði heits matar.

Foreldrafélag og foreldraráð

Fyrsti aðalfundur foreldrafélags Sjálandsskóla var haldinn 11. október. Sérstakur gestur fundarinn og ræðumaður var sr. Jóna Hrönn Bolladóttir. Á fundinum voru samþykkt lög foreldrafélags og kosin stjórn og einnig starfreglur fyrir foreldraráð og kjörnir fulltrúar í ráðið. Undirbúningshópur hafði starfað í nokkrar vikur í samstarfi við skólastjóra og Heimili og skóla að undirbúningi stofnunar foreldrafélags og starfssviðs foreldraráðs.

Foreldrafélag skólans stóð fyrir leikhúsfélagi, til stóð að það stæði fyrir ferð á þrettaándabrennu bæjarins en sú ferð féll niður vegna veðurs. Þá stóð foreldrafélagið fyrir veglegu páskabingói einnig sem foreldrafélagið sá um kvöldmat og morgunmat í innilegunni (útilega í skólahúsinu). Skýrsla foreldrafélags fyrir þetta skólaár verður gefin út haustið 2006. Upplýsingar um dagskrá á vegum bekkjarfulltrúa er í skýrslum umsjónarkennara (sjá síðar).

Foreldraráð vann með skólastjóra að skipulagi skólastarfsins og tók þátt í starfi skólaráðs en það skipa auk foreldraráðs: skólastjóri, kennararáð og tveir fulltrúar starfsmanna. Skýrsla foreldraráðs fyrir þetta skólaár verður gefin út haustið 2006.

Samstarf kennara og foreldra

Áður en skólaárið hófst var haldinn upplýsingafundur fyrir foreldra. Kennarar skólans kynntu komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru einnig að lágmarki tvö viðtöl við alla foreldra, þó ekki á sérstökum foreldraviðtalsdögum heldur eftir að kennslu lauk eða í eyðum í stundatöflum kennara. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel.

Frá áramótum var lögð rík áhersla á að umsjónarkennarar sendu vikulega fréttaskeyti til foreldra. Var það gert eftir að niðurstöður foreldrakönnunar lágu fyrir.

Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Þá voru nokkrir foreldrar sem voru með okkur heila morgna, margir áttu þess kost að taka þátt í vettvangsferðum og formaður foreldráðs hélt sannkallaða töfrasýningu einn fagran janúardag (efnafræðitilraunasýning).

6. Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk

Nemendur í 1.bekk voru 9 og í 2.bekk voru nemendur 6. Umsjónarkennari var Ólöf Sigurðardóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnun voru Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi íþróttir og Ólafur Schram sem kenndi tónmennt.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 25 kennslustundir (60 mín hver stund) með umsjónarkennara. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samatals 18 klukkustundir. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum að þau fái jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan fyrsta vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Bekkjafundir voru haldnir vikulega. Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Reynt var að láta alla nemendurna lesa daglega í skólanum og mælst til þess að eins væri gert heima. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning auk einfaldra reikniáðgerða. Mikil áhersla var lögð á hlutbundna stærðfræði og leik í stærðfræði. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti	Helstu áherslur í verkefninu
Nýr skóli	kynnast skólaumhverfinu
Tröll	kynnast steinaríkinu, Gálgahrauni, þjóðsögum og jarðvísindum
Vinátta	efla samkennd hópsins
Hljóðfæri	smíða sín eigin hljóðfæri og spila á þau
Hringir	kynnast hringrás tímans s.s klukkunni – árstíðum - vikudögum
Jól	taka þátt í að móta jólasíði í nýjum skóla – jólaskreytingar og boðskapur jólanna
Peningar	læra á íslenska peninga
Líkaminn	kynnast mannslíkamanum
Tilraunir og vísindi	framkvæmdar ýmsar einfaldar tilraunir í eðlis og efnafræði – vísindaleg vinnubrögð kynnt

Páskar	páskaboðskapurinn
Heimilisvika	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
Fuglar	fuglar í nágrenni skólans – stefnt að því að þekkja helstu fugla í nágrenni skólans
Góðgerðarhátíð	safna fé fyrir bágstadda með því að halda tónleika fyrir aðstandendur

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Nemendur lærðu að þekkja eigin námsstíla og kennari aðstoðaði við að skapa hverjum nemandi aðstæður sem hæfðu.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennari sendi út vikuleg fréttabréf um starfið hverju sinni. Skipulag og markmið þemavinnunnar var birt á foreldrasvæðum á mentor.is. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni þar sem krafist var samvinnu fjölskyldunnar. Foreldrar tóku þátt og aðstoðuðu við skipulagningu á nokkrum upptökum.

Ferðir

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Árbæjarsafn, gróðursett í Sandahlíð, miðbær Reykjavíkur heimsóttur, Hellisgerði í Hafnarfirði, skautiferð, skíðaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 47 dagar.
Leyfisveitingar voru 17 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf. Í tvígang voru send heim verkefni þar sem forráðamenn tóku þátt í námsmatinu. Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat.

Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir í tvígang. Námsmat var kynnt foreldrum þrívægis í vetur. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Ennfremur fengu nemendur gulldisk með myndum af sér í starfinu og með verkefnum sem unnin höfðu verið í tölvum. Einnig fóru nemendur heim með brot af því besta eða verkmöppu sem þau sjálf völdu efni í.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Lengd þemalotanna riðlaðist all nokkuð þar sem efnið reyndist viðameira en áætlað hafði verið. Námsárangur var að jafnaði mjög góður út frá þeim markmiðum sem lagt var upp með.

7. Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Nemendur í 3. bekk voru 23 og í 4. bekk voru 6 nemendur. Tveir nemendur hættu rétt fyrir jólafrí og tveir nemendur bættust í hópinn rétt eftir jól. Nemendafjöldi hélst því óbreyttur í allan vetur.

Umsjónarkennarar hópsins voru Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og Þórdís Helga Ólafsdóttir sem einnig var sérkennari skólans, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi bekknum með Sesselju tvisvar í viku, þrjár kennslustundir í senn. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi íþróttir og sund. Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir og Ólafur Schram sem kenndi tónmennt. Sigurlaug Jónsdóttir talmeinafræðingur tók tvo nemendur í þjálfun óreglubundið og í samráði við sérkennara. Skólaliðarnir Berþóra Hákonardóttir og Þórunn Jónsdóttir aðstoðuðu nemendur í bekk sex stundir á viku.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 25 kennslustundir (60 mín hver stund) með umsjónarkennara. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samtals 18 klukkustundir. Tölvukennsla var föst á stundatöflu ein klukkustund á viku.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að aðlaga börnin að nýjum skóla og skólaumhverfi með það að markmiði að eiga farsælt starf í vændum og að börnunum liði vel í skólanum. Lögð var áhersla á að þau fengju jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að námsuhverfið næði að vekja hjá nemendum jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á jákvæð samskipti á milli nemenda, samhug og samkennd ásamt almennri skólafærni. Nemendur sátu vikulega bekkjarfundi í allan vetur þar sem farið var yfir samskiptin í hópnum og hvernig æskilegt er að nemendur komi fram hver við annan. Nemendur voru spurðir þriggja spurninga á fundunum: Hefur mér verið strítt? Hef ég strítt einhverjum? Er málið leyst eða þarftu aðstoð fullorðinna? Með þessum hætti fengu allir tækifæri til að segja frá því sem þá hafði hennt og þeir sem gerðu eitthvað á hlut annarra voru látnir taka ábyrgð á hegðun sinni og framkomu. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var nokkuð einkennandi þáttur fyrir skólastarfið þennan fyrsta vetur og var mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Þó nokkur áhersla var lögð á lestrarnám og sagnaritun í sögubók sem nemendur höfðu sjálfir útbúið. Reynt var að láta alla nemendurna lesa daglega í skólanum og heimanám nemenda var að gera slíkt hið sama. Í stærðfræði var unnið með talnaskilning, mælingar, brot og form, og kennsla í margföldun hófst í vetur, auk þess fengust nemendur við úrlausnir á einföldum reikniáðgerðum. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Umhverfið mitt-gatan mín	Kynnast skólaumhverfinu og nánasta umhverfi nemandans.
Vinátta	Efla samkennd hópsins
Lestrarátak	Leggja áherslu á lestur nemenda.
Heimilisvika	Kenna nemendum um helstu heimilisstörfin og gera þá að þátttakendum í heimilisstörfum.
Húsdýrin okkar	Kynna sér helstu húsdýrin á Íslandi.
Benedikt búálfur	Bókin tekin til umfjöllunar.
Jólin okkar í Sjálandsskóla	Nemendur tóku þátt í að móta jólasíði í nýjum skóla-jólaskreytingar og boðskapur jólanna.
Himingeimurinn	Kynning á himingeimnum og sólkerfinu
Hrósvika-vinátta	Efla samkennd hópsins og fjalla um gildi vináttunnar.
Hringrásir í náttúrunni	Kynna sér hringrásir í náttúrunni.
Páskarnir	páskaboðskapurinn
Ísland áður fyrr	Torfbæir og lífshættir Íslendinga áður fyrr.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær áferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku, að minnsta kosti 2 kennslustundir í senn. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám með gerð vikuáætlunar. Námsgreinar og efni sem tengdist gerð vikuáætlunar voru lestur, skrift, móðurmál, tölvur, margföldun og önnur stærðfræðiverkefni

Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim. Fjölgreindakenning Gardners var í hávegum höfð við undirbúning lotanna og skipulagningu námsleiða nemenda.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir tóku viðtöl við foreldra og ömmu og afa í tengslum við verkefnið Ísland áður fyrr og hrós-vinátta. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði en einnig fengu þeir sem óskuðu eftir því að taka með sér vinnubækur heim. Aðeins lítill hluti hópsins óskaði eftir heimavinnu og var almenn ánægja foreldra með að skólinn hefði þá stefnu að nemendur væru ekki með annað heimanám en lestur alla jafna.

Ferðir

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Árbæjarsafn, gróðursett í Sandahlíð, Þjóðminjasafn Íslands heimsótt, Húsdýragarðurinn, skautiferð, skíðaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 37.
Leyfisveitingar voru 16 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir, hraðlestrarpróf og tvö skimunarpróf (sjá skýrslu fyrir sérkennslu). Einu sinni voru send heim verkefni þar sem forráðamenn tóku þátt í námsmatinu. Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat.

Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir alla nemendur á miðju skólaári. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól og aftur um vorið. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Ennfremur fengu nemendur 3. og 4.bekkar afhentan gulldisk með myndum sem þeir höfðu sjálfir valið. Einnig fóru nemendur heim með brot af því besta af vinnu vetrarins í verkmöppu en innihald þeirrar möppu var efni sem nemendur höfðu sjálfir valið af vinnu vetrarins.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst mjög vel. Námsárangur nemendar var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár sem lagt var upp með í haust.

8. Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk

Í upphafi vetrar voru 29 nemendur í 5. bekk og 7 nemendur í 6. bekk. Einn nemandi bættist í hópinn eftir áramót og voru því 37 við lok skólaárs.

Umsjónarkennarar hópsins voru Þóra Melsted og Ólafur Schram sem einnig var tónmenntakennari skólans. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi íþróttir og sund, Kristín Guðbrandsdóttir sem kenndi listir og Kristín Steinarsdóttir sem kenndi upplýsingamennt. Þórdís Ólafsdóttir sérkennari kenndi fjórar klukkustundir í lok vetrar en framanaf vetri kom hún þrjár stundir á viku. Finnbjörg Skaftadóttir þroskaþjálfari kom til starfa í febrúar og vann með þroskahömluðum nemanda 10, 5 klst. í viku. Skólaliðarnir Helga Martinsdóttir og Salóme Jakobsdóttir aðstoðuðu einnig þann nemanda 7,5 stundir á viku. Í febrúar var mannaflí aukinn og komu Hrafnhildur Sævarsdóttir, Helgi Grímsson og Kristín Steinarsdóttir inn í kennslu í vinnustundum samtals 3 klst. á viku. Til viðbótar var festir tövlutímar fyrir árganginn þannig að hópnum var þrískipt þrjár stundir á viku.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 25 kennslustundir (60 mín hver stund) með umsjónarkennara. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í vetur voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlök er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Listir voru fastar á stundatöflu tvær klukkustundir á viku. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samtals 18 klukkustundir. Tölvukennsla var föst á stundatöflu ein klukkustund á viku. Enska var kennd klukkustund á viku fyrir hvorn árganginn.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að aðlaga börnin að nýjum skóla og skólaumhverfi með það að markmiði að eiga farsælt og árangursríkt starf og að börnunum liði vel í skólanum. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í að móta það skólasamfélag sem þeir voru hluti af og voru skólareglur unnar með nemendum á fyrstu vikunum. Í kjölfarið var mikið unnið með samskipti, framkomu og samvinnu í hópnum. Í upphafi og lok hvers dags hittist hvor umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins. Í einstaklingsmiðuðu námi er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri ábyrgð á eigin vinnu. Einnig að skólinn sé vinnustaður nemenda og að þeir vinni eins mikið af sinni vinnu og hægt er á vinnustaðnum og nýti vinnutíma sinn sem best. Heimanám var fyrst og fremst í formi lestrar valbóka en einnig í einstaka þáttum sem hentaði betur að vinna heima en í skólanum.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Umhverfið - Garðabær	Kynnast umhverfi skólans og heimabyggðinni Garðabæ
Vinátta	Efla samkennd hópsins, bæta samskipti og skapa öruggt umhverfi fyrir nemendur
Landnámið	Læra um landnám Íslands, ástæður þess og afleiðingar
Heimilisvika	kynnast helstu heimilisstörfunum og að nemendur verði þátttakendum í heimilisstörfum.
Rafmagn	Læra um eðli og notkun rafmagns og tækniframfarir tengdar rafmagni
Jólin okkar í Sjálundsskóla	Nemendur tóku þátt í að móta jólasíði í nýjum skóla-jólaskreytingar og boðskapur jólanna.
Bókmenntir og ljóð	Kynnast og fjalla um íslenskar bókmenntir og ljóð og höfunda þeirra
Norðurlöndin	Kynnast Norðurlöndunum og einkennum þeirra
Líf og starf Jesú	Læra um atburði páskahátíðarinnar, þýðingu og afleiðingar þeirra
Ísland	Læri um mótun lands og náttúru og einkenni Íslands

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju, og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Í haust var lagt upp með að útikennsla væri í hverri viku, að minnsta kosti tvær kennslustundir í senn. Í einstaka tilfellum féll hún niður en þá voru farnar lengri ferðir á öðrum tíma. Eins og áður segir var mikil áhersla lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Nemendur gerðu vikuáætlun í málfræði, stafsetningu, skrift og stærðfræði og unnu eftir þeirri áætlun í vinnustundum sem voru yfirleitt fimm klukkustundir á viku, þvert á þemavinnuna. Hvert þema var kennt í eina til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefni frá sem flestum hliðum. Þá var nemendum boðið að vinna einstaklingsverkefni sem fæli í sér að velja sér viðfangsefni, læra um það og kynna fyrir samnemendum. Vinna við verkefnið þurfti að vera að lágmarki tuttugu klukkustundir bæði heima og í skóla. Meiri hluti nemenda valdi að taka þátt í verkefninu og varð útkoman yfirleitt mjög góð.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu reglulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda sem var föst heimavinna allan

veturinn. Í heimilisviku unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Þá var einstaklingsverkefnið unnið að $\frac{3}{4}$ hluta heima og undir leiðsögn og með hjálp foreldra. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir bingói, piparkökubakstri og keiluferð. Þá aðstoðuðu þeir við búningagerð fyrir helgileik í desember.

Ferðir

Í vetur var farið í margar vettvangsferðir og voru þær flestar í tengslum við það þema sem hópurinn var að vinna í hverju sinni. Umhverfi skólans var nýtt í náminu og m.a. farið í gönguferðir í Gálgahraun, Sjálandshverfið, að Hofsstöðum, Vídalínskirkju, Holtsbúð og upp með Hofstaðalæk. Farið var í vettvangsferðir að Vífilsstaðavatni, á Þjóðminjasafnið, Smáratorg, Þingvelli og Nesjavelli, í Heiðmörk, Rafheima, Norræna húsið og gróðursetningarferð í Sandahlíð. Þá var einnig farið í skíðaferð, á skauta, skemmtiferð í Gufunesbæ og gönguferð á Helgafell og í Valaból.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 152.

Leyfisveitingar voru 82 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig mátu nemendur eigin vinnu og afurð sem og samnemenda sinna. Í heimilisviku tóku foreldrar þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemun í janúar og maí. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól og aftur um vorið. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Fyrir jól og í lok skólaársins völdu nemendur úr vinnu sinni og verkefnum sem voru á tölvutæku formi og brenndu á geisladisk ásamt ljósmyndum úr skólastarfinu sem þeir fengu til eignar. Diskinn sem nemendur gerðu fyrir jól notuðu margir sem jólagjöf til foreldra sinna.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar voru samskipti nemenda og framkoma fyrirferðamikil og tímafrek viðfangsefni en framfarir urðu líka miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd stóðst oftast. Námsárangur nemendar var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

9. Skýrsla íþróttakennara

1. – 2. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslunni eru að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er löðg áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er löðg ríka áhersla á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða annars voru nemendur inni í hreyfirýminu.

Viðfangsefni

Það var löðg áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Við tókum þátt í Norræna skólahlaupinu og hlupu allir nemendur skólans. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun og þrautabrautir. Liðleikaþjálfun m.a. í gegnum teygjur og jóga. Við fórum nokkrum sinnum í stutta slökun. Við vorum örlítið í skólagolfi, bæði inni og úti og vil ég leggja meiri áherslu á það næsta skólaár. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Það gleymdist fara með þau út að fljúga flugdrekum en skólinn á nokkra litla flugdreka sem til stendur að láta nemendur setja sjálfa saman og fara út að fljúga með þá. Sett var upp hjólaþraut og fannst nemendum mjög gaman að henni. Íþróttakennari fór ekki með þau í hjólaferð eins og til stóð en umsjónakennarinn tók það að sér. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Farið var á skíði, skauta og svo voru brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr næsta skólaár.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið býður svólítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

Tenging við lotur

Ekkert var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera eitthvað af því á næsta ári. Ég tengdi íslensku og stærðfræði inn í íþróttirnar. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og stærðfræðipema, heimilisviku, plöntunardegi, skíðadegi og íþróttadegi.

Námöggn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem voru keyptir í vetur voru mikið spilaðir.

Matsaðferðir

Í febrúar voru nemendur metnir, þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og einnig skrifuð stutt umsögn um hvern og einn.

Í maí unnu nemendur sjálfsmat. Matið fór þannig fram að nemendur fengu blöð með spurningum og svarmöguleikarnir voru tilfinningakallar (☺ ☹ ☹). Nemendur áttu að lita þessa tilfinningakalla eftir því sem við átti hjá þeim. Matið sýnir annars vegar hvernig þeim finnst þau standa í íþróttum og hvernig þeim finnst líkamlegt form sitt vera og hins vegar sýnir það viðhorf þeirra til ýmissar tegundar hreyfingar. Það verður svo notað til hliðsjónar þegar kennslan er undirbúin næsta vetur.

Vettvangsferðir

Farið var í skautiferð og skíðaferð.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 1. og 2. bekk var álitnið að það þyrfti að færa kennsluna inn yfir vetrartímann og var það gert. Það reyndis hárrétt ákvörðun. Mikilvægt er að fá skemmtilega rimla inn í hreyfirýmið sem gætu svo nýst inni í íþróttahúsinu. Það gæti verið gaman að vinna með smíðakennara og smíða kofa næsta vor og jafnvel fara yfir hjólin þeirra og fá kannski lögregluna til að koma og leiðbeina nemendum. Í framhaldinu af því væri sniðugt að fara í hjólatúr. Sent var blað til foreldra í haust um það hvaða viðfangsefni við tækjum fyrir í vetur og vakti það mikla athygli og jákvætt viðhorf hjá foreldrum.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið kennslunnar er að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áhersla á er að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur annan tímann inni í hreyfirýminu með sínum umsjónarhópi og hinn tími vikunnar var kenndur úti og þá voru allir nemendur 3. – 4. bekkjar saman fyrir utan 4-6 nemendur sem umsjónakennarar völdu til að taka í nemendaviðtöl.

Viðfangsefni

Það var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Við tókum þátt í Norræna skólahlaupinu og hlupu allir nemendur skólans. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun og þrautabrautir. Liðleikaþjálfun m.a. í gegnum teygjur og jóga. Við fórum nokkrum sinnum í stutta slökun. Við vorum örlítið í skólagolfi, bæði inni og úti og vil ég leggja meiri áherslu á það næsta skólaár. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Það gleymdist fara með þau út að fljúga flugdrekum en skólinn á nokkra litla flugdreka sem til stendur að láta nemendur setja sjálfa saman og fara út að fljúga með þá. Sett var upp hjólabraut fyrir strákana og fannst þeim mjög gaman að henni. Ég fór aftur á móti í hjólaferð með stúlkarnar núna í vor og var sú ferð mjög skemmtileg. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Farið var á skíði, skauta og svo voru brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Við fórum bæði í haust og í vor á hjólabrettapallana við skólann sem er ágætis tilbreyting. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið býður svólítið upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

Í hálfan apríl og út maí kynjaskiptum við nemendum og kom það mjög vel út. Stúlkurnar urðu mun virkari og strákarnir fengu meira við sitt hæfi og börðust meira en þegar stúlkurnar eru með í leikjum. Þeir taka tillit til stúlkanna og hægja á sér.

Tenging við lotur

Álfaleikar í tengslum við Benedikt búalf lotuna og húsdýraratleikur innandyra í tengslum við húsdýralotuna. Það má vera meiri tengin við loturnar næsta vetur.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem voru keyptir í vetur voru mikið notaðir.

Matsaðferðir

Í febrúar voru nemendur metnir þ.e. áhugi, virkni, hegðun, færni og samvinnu og svo var skrifuð stutt umsögn um hvern og einn.

Í maí var unnið sjálfsmat í samvinnu við tölvukennarann. Matið fór þannig fram að nemendur fengu skjal með spurningum og svarmöguleikarnir voru tilfinningakallar (☺)

☺ ☺). Nemendur áttu að yfirdekkja þessa tilfinningakalla eftir því sem við átti hjá þeim. Matið sýnir annars vegar hvernig þeim finnst þau standa í íþróttum og hvernig þeim finnst líkamlegt form sitt vera og hins vegar sýnir það viðhorf þeirra til ýmissar tegundar hreyfingar. Þetta mat mun svo verða notað til hliðsjónar við undirbúning kennslunar næsta vetur.

Vettvangsferðir

Farið var í skautiferð, skíðaferð og hjólaferð.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 3. og 4. bekk aðlagði ég kennsluna að útiverunni. Það gæti verið gaman að vinna með smíðakennara og smíða kofa næsta vor og jafnvel fara yfir hjólin þeirra og fá kannski lögregluna til að koma og leiðbeina nemendum. Í framhaldinu af því væri sniðugt að fara í hjólatúr. Ég hafði ágætt samband við foreldra sendi bréf í haust um hvað við værum að fara að gera í vetur. Svo sendi ég bréf ef eitthvað vantaði eða ef einstakir nemendur voru að standa sig vel.

5-6 bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslunni eru að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er lögð áhersla á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Einnig er lögð rík áhersla á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Í efri bekkjunum er áhersla á að nemendur séu það sjálfstæðir og meðvitaðir um hvað er hægt að gera sér til hreyfings að þeir geti sjálfir stundað þá hreyfingu sem þeir vilja, hvort sem er í íþróttafélagi eða einir og sér. Mikil áhersla er á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur annan tímann inni í hreyfirýminu með sínum umsjónarhópi og hinn tími vikunnar var kenndur úti og þá voru einnig umsjónarhóparnir sitt í hvoru lagi.

Viðfangsefni

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur. Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Við tókum þátt í Norræna skólahlaupinu og hlupu allir nemendur skólans. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun og þrauatabrautir. Liðleikaþjálfun m.a. í gegnum teygjur og jóga. Við fórum nokkrum sinnum í stutta slökun. Við vorum örlítið í skólagolfi, bæði inni og úti og vil ég leggja meiri áherslu á það næsta skólaár. Boccia, krikket, kóngaleikinn og frisbeegolf voru vinsælir leikir síðasta haust. Það gleymdist að fara með þau út að fljúga flugdrekum en skólinn á nokkra litla flugdreka sem til stóð að nemendur settu sjálfir saman. Farið var í hjólaferð með hópin kynjaskiptan bæði í haust og í vor og tókust þær ferðir mjög vel. Boltaiþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og skotbolti, brennó og kýló höfðu nemendur mjög gaman af. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og langstökk var farið í og þar voru nemendur í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir

(stærðfræði- og kortaratleikir), frjálsir tímar, hinn sívinsæli Tarzan leikur og svo fengu nemendur stundum að velja hvaða leiki eða hvað var gert í tímum. Nemendur voru tveir og tveir saman gerðu tímaseðil sem til stóð að kenna eftir. Tímaseðlagerðin tókst ekki sem best og líklega eru nemendur of ungir. Farið var á skíði, skauta og svo voru brekkurnar í kringum skólann notaðar fyrir sleðaferðir. Við fórum bæði í haust og í vor á hjólabrettapallana við skólann sem er ágætis tilbreyting. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus en það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum- líkams- og heilsurækt og tókst að ná þeim að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið bauð mikið upp á það og svo voru þrautabrautir.

Frá febrúar kynjaskiptum við nemendum og kom það mjög vel út. Stúlkurnar urðu mun virkari og strákarnir fengu meira við sitt hæfi og tóku betur á en þegar stúlkurnar eru með í leikjum. Þeir taka tillit til stúlkanna og hægja á sér.

Tenging við lotur

Farið var í beinaratleik innanhús í tengslum við heimilisvikuna. Þegar landnámið var tekið fyrir fór ég aðeins í glímu með stúlkunum. Það má vera meiri tenging við loturnar á næsta ári.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem voru keyptir í vetur voru mikið notaðir.

Matsaðferðir

Í nóvember var gerð nafnlaus viðhorfakönnun hjá nemendum og var tekið tillit til hennar við áframhaldandi skipulagningu kennslunnar. Í febrúar voru nemendur metnir með tilliti til: áhuga, virkni, hegðunar, færni og samvinnu og síða var skrifuð stutt umsögn um hvern og einn. Á sama blaði mátu þeir sig sjálfur og þá sömu atriði og kennari mat. Þetta mat var sent heim.

Í maí var sjálfsmat í samvinnu við tölvukennarann. Matið fór þannig fram að nemendur fengu tölvupóst og var skjal í viðhengi með spurningum. Nemendur áttu að krossa í reiti sem við átti og svara 6 spurningum. Matið sýnir annars vegar hvernig þeim finnst þau standa í íþróttum og hvernig þeim finnst líkamlegt form sitt vera og hins vegar sýnir það viðhorf þeirra til ýmissar tegundar hreyfingar. Þeir sendu mér svo útfyllt blaðið í tölvupósti til baka. Þetta mat mun svo verða notað til hliðsjónar við undirbúning kennslunnar næsta vetur.

Vettvangsferðir

Farið var í skautaferð, skíðaferð og hjólaferðir.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 5. og 6. bekk aðlagaði ég kennsluna að útiverunni. Það gæti verið gaman að vinna með smíðakennara og smíða kofa næsta vor og jafnvel fara yfir hjólin þeirra og fá kannski lögregluna til að

koma og leiðbeina nemendum. Í framhaldinu af því væri sniðugt að fara í hjólatúr. Ágætt samband var við foreldra, sent var bréf í haust um hvað við værum að fara að gera í vetur. Svo var sent bréf ef eitthvað vantaði eða ef einstakir nemendur voru að standa sig vel. Til þess að efla íþróttakennsluna þarf námskeið fyrir íþróttakennara í sambandi við leiki, útivist, útiíþróttir og aðrar íþróttir, ekki endilega boltagreinar.

Ábendingar um kennslutæki, áhöld vinnuaðstöðu nem, kennara svo og skólalóðin

Það sem var kannski að í vetur var hversu mikið af blindum stöðum er í hreyfirýminu þá er ég bara að tala um að ég sé ekki alla í einu. Það gerðist í vetur að nemandi var laminn en ég sá það ekki þar sem nemendur voru í hvarfi. Það þarf síma upp í hreyfirýmið ásamt almennilegum diskaspilara. Einnig væri frábært að fá flotta rimla sem hægt er að draga út.

Útikennslan var frábær og nemendur voru ekki að kvarta undan aðstöðunni enda er hún mjög góð að mínu viti. Hún hentar minni kennslu allavega mjög vel. Það vantar þó tilfinnanlega körfuboltavelli og lágur körfur. Eins vantar að mála brennó, kýló og gryfjuboltavöll á skólalóðina, ásamt þarsum og fleiri hoppuleikjum. Það er spurning hvort það þurfi að vera meira vakandi hvað gerist í búningsklefum nemenda. Mikilvægt að einhver fylgist með því sem þar fer fram því að íþróttakennari hefur ekki alltaf möguleika til þess.

Sundkennsla

1. – 2. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk.

- staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- flotið á bringu eða baki með eða án hjálparkækja
- gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálparkækja.

Markmiðin fyrir 2. bekk.

- marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metra bringusund með eða án hjálparkækja
- 10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálparkækja
- spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra
- hoppað af bakka í laug

Tími

Það voru tvær sundlotur, hvor um sig stóð yfir í 3 vikur og fóru nemendur þrisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendur 1.-2. bekkjar fóru að hausti til og að voru til þegar hlýtt var í veðri. Einnig var farið með þau í sund þegar aðrir hópar komust ekki í sundtímana sína.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sunaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Hópnum var skipt í tvennt annars vegar með umsjónakennara í grunnri laug í vatsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með íþróttakennaranum að læra sunaðferðirnar. Hvor stóð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda. Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. farið með nemendur á sundnámskeið eða oftár í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband ef spurningar vöknudu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur skírteini A4 með umsögn og svo var merkt við hvort þeir hefðu náð ákveðnum markmiðum (sundstigi).

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Það voru allir nemendur sem náðu sundstigunum og ég held að þessi kennsla hafi tekist mjög vel. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan umsjónakennarans sem var ofaní lauginni og sá um vatnsaðlögunina með undirbúningi íþróttakennarans. Frábær samvinna hjá kennurum. Nauðsynlegt að hafa umsjónakennara með þessum aldri og stórkostlegt að hafa hana ofan í vatninu.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

12 m bringusund

12 m skólabaksund með eða án hjálparkækja

6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram

6 m baksundsfótatök með eða án hjálparkækja

Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.

Markmiðin fyrir 4. bekk

25 m bringusund

15 m skólabaksund

12 m skriðsund með eða án hjálpartækja

12 m baksund með eða án hjálpartækja

Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja

Stunga úr kropstöðu

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í 4 vikur og fóru nemendur þrisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Á þessu fyrra námskeiði var hópaskipt. Seinna námskeiðið var í 2 vikur og þá í kynjaskiptum hópum og kom það mjög vel út.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Á fyrra námskeiðinu var hópnum skipt í tvennt undir stjórn umsjónakennara í grunnri laug í vatnsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með íþróttakennaranum að læra sundaðferðirnar. Hvor stöð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda.

Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna.

Tveir nemendur voru eða eru að æfa sund og eru yfirburða sundmenn og fengu þau tímaseðla sem þau áttu að fara eftir. Það gekk vonum frammar og sýndu þessir nemendur mikið sjálfstæði.

Á seinna námskeiðinu var kynjaskipt. Nemendum var raðað á þrjár 25m brautir eftir getu og kom það ótrúlega vel út. Allir voru virkir allan tímann þar sem nemendur synt álíka hratt eða hægt þannig að sumir syntu meira en aðrir en það tók enginn eftir því.

Matsaðferðir

Fyrir fyrra námskeiðið var gerð tilraun til að láta nemendur meta sig sjálfa, hvar þau stæðu í helstu sundaðferðunum. Eftir námskeiðið var svo sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. farið með nemendur á sundnámskeið eða oftár í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband ef spurningar vöknuðu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur skírteini A4 með umsögn og svo var merkt við hvort þeir hefðu náð ákveðnum markmiðum (sundstigi).

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Það voru allir nemendur nema einn sem náðu sundstigunum en samt sem áður held ég að þessi kennsla hafi tekist mjög vel. Þetta var mjög einstaklingsmiðuð kennsla þar sem umsjónarkennarinn aðstoðaði mjög mikið. Frábær samvinna í gangi hjá kennurum. Nauðsynlegt að hafa umsjónakennara með þessum aldri.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 6. bekk.

200m bringusund
25m bringusund (35 sek)
50m skólabaksund
25m skriðsund
25m baksund
Marvaði
8m kafsund

Markmiðin fyrir 5. bekk.

75 m bringusund
25 m skriðsund m. fitum
25 m skólabaksund
12 m baksund
Marvaði í 20-30 sek
10 m flugsundsátak m hjálpart.
Stunga af bakka
Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Tími

Það voru tvær sundlotur, hvor um sig stóð yfir í 3 vikur og fóru nemendur þrisvar hverja viku í 40 mínútna sundtíma. Nemendum var skipt í þrjá 12-13 manna hópa, í sumum hópum voru fleiri en í öðrum færri, fór eftir leyfum og veikindum.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lög á sundfærni.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Búin voru til æfingaspjöld í öllum sundaðferðunum. Nemendur unnu sjálfstætt eftir þeim spjöldum og spurðu ef þau þurftu aðstoð. Þannig voru allir virkir og þeir sem þurftu ekki aðstoð unnu áfram sjálfstætt. Þegar nemendur voru búnir að fara í gegnum allar sundaðferðirnar fengu þau tímaseðla sem þau syntu eftir. Með þessu móti tókst að sinna betur þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós og hvatningu. Seinna námskeiðið var í raun framhald af fyrra námskeiðinu. Námsmatið tók langan tíma og þá var gott að vera með tímaseðlana og æfingablöðin. Ef einhverjum vantaði að bæta við sig t.d. fótatök í skólabaksundi þá fékk hann æfingaseðil með æfingum fyrir fótatök og gerði það og með smá aðstoð var tækninni náð.

Matsaðferðir

Fyrir fyrra námskeiðið unnu voru nemendur látnir meta sjálfir hvað þeir stóðu í sundi. Í fyrsta tímanum voru nemendur metnir gróflega og raðað á brautir eftir því mati. Í lok sundnámskeiðsins var sent heim mat með nemendum. Hver og einn gat svo unnið

úr stöðunni ef áhugi var fyrir hendi til að bæta sig. Sumum var boðið upp á aukatíma ef ástæða þótti til. Nemendum og foreldrum var boðið að leita til íþróttakennara ef þau vildu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur skírteini A4 með umsögn og svo var merkt við hvort þeir hefðu náð ákveðnum markmiðum (sundstigi). Í lok námskeiðisins eftir að kennari var búin að meta nemendur og áður en nemendur sáu mat kennarans gerðu nemendur smá könnun í sambandi við sundkennsluna. Sem mun svo verða farið eftir næsta ár í sundkennslunni.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Það voru allir nemendur sem náðu sundstigunum nema einn og ég held að þessi kennsla hafi tekist mjög vel.

Ábendingar um kennslutæki.

Það verður frábært að fá sundlaug við skólann. Mér fannst vanta fleiri skemmtileg leikföng fyrir yngri nemendur í haust ásamt kútum. Í vor voru komnir nokkrir kútar en þá þarf að hafa að hausti til þegar nemendur eru að byrja að læra að synda. Skólinn keypti köfunardót og vonandi verður hægt að bæta einhverju við það fyrir næsta vetur. Sundlaugagestir og starfsmenn tóku eftir því hvað nemendur Sjálandsskóla voru kurteisir og hlýddu kennurunum. Nauðsynlegt er að hafa hópana ekki of stóra því nemendur tapa á því það er á hreinu. Einnig er frábært í 1.-4. bekk að hafa tvo kennara, grunnurinn er svo mikilvægur fyrir framhaldið hjá nemendum. Flott að hafa 1.-2. bekk í sundi þegar hlýtt er.

Með 19. júní kveðju
Hrafnhildur

10. Skýrsla listgreinakennara

1. – 2. bekkur

Í listum í 1. – 2. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkennsla var í 1. og 2. bekk og var unnið með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna yfir árið var jöfn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt.

Í vetur unnu nemendur í 1. og 2. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

- Möppu fyrir verkefni.
- Sjálfsmynd.
- Grunnform kynnt - skoðað hvað hægt er að gera úr þeim.
- Náttúruleg form kynnt – borin saman við grunnformin.
- Myndir gerðar úr grunnformum – plastaðar.
- Ávaxtaþrykk á pappír.
- Leir – nemendur leiruðu tröll og glerjuðu.
- Myndbygging – farið sérstaklega í bakgrunn og forgrunn – máluð mynd.
- Hljóðfæragerð – samvinnuverkefni milli námsgreina þar sem allir gerðu sitt eigið hljóðfæri.
- Jólagjafir.
- Útsaumur – þræðispor.
- Útsaumur – krosssaumur.
- Vefnaður.
- Læra að hnýta saman tvo bandspotta – færnin notuð við vefnað.
- Læra að þræða nál.
- Læra að klippa út snjó Korn.
- Læra að klippa út harmonikukarla.
- Tilraunir með sýróp og málningu - eldur málaður með sýrópsblandaðri málningu.
- Að skrapa listaverk – vaxlitir litaðir þétt á blað, málað svart yfir og skrapað svo – þema myndanna var „leynardómar hafsins.“
- Að búa til liti – litir búnir til í anda gamla tímans með eggjum, kryddi og olíu.
- Púði – nemendur hanna púðann og skreyta – saumað saman með tunguspori.
- Þrykk á bókapoka - samvinnuverkefni þar sem krakkarnir skreyttu poka með ávaxtaþrykki. Pokarnir voru gefnir tveggja ára börnum í Garðabæ.
- Hafmeyja úr leir – hafmeyjan var límd í fjöruna fyrir utan skólann.
- Þrjón – allir prófuðu að þrjóna.
- Saumavél - ýmsar æfingar gerðar í pappír – með og án tvinna.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Samvinnuverkefni voru oftast unnin í „fljótandi tímum“ listakennara sem voru á þriðjudögum og föstudögum. Hjá 1. - 2. bekk tóku flest verkefni 3 - 6 kennslustundir nema hjóðfæraþemað þar sem bæði voru notaðir fastir listatímar og fljótandi tímar í þrjár vikur. Eftirfarandi samvinnuverkefni voru unnin í 1. - 2. bekk:

- Tröll voru leiruð í tengslum við tröllapema.
- Hafmeyja var leiruð í tengslum við listadaga sem voru í öllum grunnskólum Garðabæjar.
- Ávaxtaþrykk á bókapoka sem gefnir voru tveggja ára börnum í Garðabæ.
- Hljóðfæragerð – samvinnuverkefni bekkjarkennara, tónmenntakennara og listakennara.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnusemi og umgengni um efni og áhöld.

3. – 4. bekkur

Í listum í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkennsla var í 3. og 4. bekk og unnið var með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna yfir árið var jöfn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálsir tímar í báðum greinum þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. textíl- eða myndmennt.

Textílmennt

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni í textílmennt:

- Krosssaumur.
- Saumavélaæfingar á blöð.
- Dúkkugerð - þar lærðu nemendur að taka upp snið, klippa út, títuþrjóna tvö efni saman, sauma saman tvö stykki og ganga frá í höndum.
- Að hanna dúkkuföt á dúkkuna.
- Bakpoki – þar sem nemendur myndskreyttu sjálfir efnið.

Myndmennt

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Möppu fyrir verkefni.

- Sjálfsmynd.
- Formin í umhverfinu voru skoðuð og út frá þeim talað um grunnform og náttúruleg form.
- Klípt voru út grunnform til að æfa fínhyringar.
- Leirmótun – frjalsir tímar til að kynna leirnum.
- Leirmótun - farið var í gerð fingrapotta.
- Uppbygging mynda skoðuð með forgrunn og bakgrunn í huga.
- Leirmunir glerjaðir.
- Litafræði – farið yfir litahringinn og einfaldar litablöndur gerðar – mest unnið með 6 lita hringinn ásamt því hvernig brúnn verður til.
- Hafmeyja úr leir – hafmeyjan var límd í fjöruna fyrir utan skólann.
- Leirmótun – rúluaðferð – krakkarnir leiruðu bolla.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.

Í frjalsum tímum var vinsælast var að þrjóna, sauma í saumavél og leira frjálst. Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt. Margir nemenda í báðum árgöngum fóru að þrjóna að eigin frumkvæði.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Samvinnuverkefni voru oftast unnin í „fljótandi tímum“ listakennara sem voru á þriðjudögum og föstudögum.

- Samvinnuverkefni um umhverfið okkar – allur hópurinn vann að gerð stórrar veggmyndar.
- Sólkerfið – samvinnuverkefni þar sem búnar voru til pláneturnar í sólkerfinu okkar. Nemendur unnu 2-5 saman að gerð plánetu (allt eftir stærð hennar).
- Húsdýrin – samvinnuverkefni þar sem búnar voru til veggspjalds. Nemendur unnu 2-3 að gerð veggspjalds.
- Ísland áður fyrr – samvinnuverkefni þar sem búnar voru til sveitabæir eins og í gamla daga. Nemendur unnu 4-6 manna hópum að sinni eigin hugmynd.
 - Innihald tóvinnukassa frá Þjóðminjasafni Íslands var vandlega skoðað í tengslum við þeman – krakkarnir fengu að handleika hlutina að vild til að komast í snertingu við lífið í gamla daga.

Vettvangsferðir

Farið var í tvær vettvangsferðir sem tengdust listum, á Þjóðminjasafnið og á Árbæjarsafnið. Tengdust ferðirnar þemanu sem unnið var hjá bekkjarkennara á þeim tíma – Ísland áður fyrr.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans (steinar, gras, tré o.fl.). Við nýttum bókakost skólans fyrir list ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar.

Kennsluáferðir

Þær kennsluáferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnusemi og umgengni um efni og áhöld.

5. – 6. bekkur

Í listum í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkenntsla var í 5. og 6. bekk og var unnið með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu tvisvar í viku, klukkutíma í senn í listir. Allur gangur var á hvort tímarnir skiptust í einn tími myndmennt og einn tími textílmennt á viku eða tveir tímar af annarri hvorri greininni en skipting tímanna var yfir árið var jöfn.

Textílmennt

Fyrirkomulag tímanna var þannig háttað að í textílmennt völdu nemendur sér sjálfir verkefni og unnu þau á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt

Námssamningar: Gerð var tilraun með námssamninga í textílmennt. Í námssamningnum átti nemandinn að skrifa hvaða verkefni hann hafði valið sér og svo í sameiningu við kennara að finna þau markmið sem unnið væri að úr námskrá. Farið var fram á að nemendur veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir lærðu eitthvað nýtt. Framan af gekk fyrirkomulagið með námssamningana ágætlega en sökum anna í kennslustundum féll gerð þeirra niður. Nemendur urðu þó samt sem áður að velja sér krefjandi verkefni.

Myndmennt

Í myndmennt voru ákveðin skylduverkefni sem allir unnu en að þeim loknum var oft frjáls sköpun. Þegar nemendur lærðu eitthvað nýtt og spennandi var reynt að hafa frjálsan tíma stuttu seinna þannig að þeir gætu prófað þær hugmyndir sem kviknuðu. Ánægjulegt var að sjá hvað margir nemendur höfðu gaman af að vinna með leir. Hann lék því stórt hlutverk hjá mörgum þeirra í vetur.

Í vetur unnu nemendur í 5. og 6. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Möppu fyrir verkefni.
- Hreyfing – form tekin í sundur og límd hreyfð niður á blað.
- Víkingalist - skoðaðar voru myndir af listaverkum frá víkingaöld og í framhaldi af því teiknuð mynd með fléttuaðferð víkinganna.
- Speglnun – hvernig speglum við mynstri eða mynd.
- Leirmótun – farið var í gerð fingrapotta.
- Leirmótun – farið var í plötuaðferðina.
- Bókagerð – bók búin til utan um verkefni í ljóða- og bókmenntaþema.
- Origami – farið var í pappírshrot af ýmsum toga.
- Leirmunir glerjaðir.
- Litafræði – upprifjun í litablöndun.
- Hafmeyju úr leir – hafmeyjan var límd í fjöruna fyrir utan skólann.
- Grafík – límprykk.
- Grafík – pappaprykk.
- Útilistir – umhverfi skólans teiknað.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Samvinnuverkefni voru oftast unnin í „fljótandi tímum“ listakennara sem voru á þriðjudögum og föstudögum.

- Umhverfið okkar – nemendur unnu forsíðu á bók.
- Landnámsþema – farin var vettvangsferð, unnin verkefni um húsakost á landnáms tíma og farið í gegnum safnkistu frá Þjóðminjasafni.
- Kristinfræðiþema – unnar voru myndir sem tengjast páskunum á plexigler.
- Bókmenntaþema – nemendur bjuggu til harmonikubækur utan um verkefni sín í bókmenntaþemanu.

Vettvangsferðir

Farið var í tvær vettvangsferðir sem tengjast listum. Á ljósmyndasafn Reykjavíkur þar sem skoðuð voru verk eftir Lars Tunbjörk og á Þjóðminjasafn Íslands í tengslum við landnám Íslands. Þar fengu nemendur hlutverk landnámsmanna og klæddu sig upp áður en gengið var um sýninguna.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt saumavélaæfingum af vef námsgagnastofnunar, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrónabækur, myndmennt 1 og 2 og leirlistabækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnusemi og umgengni um efni og áhöld.

11. Skýrsla tónmenntakennara

Tími

Tónmennt var kennd 7 klst. á viku. Þar af var 1. – 2. bekk kennd 1 klst. 3. – 4. bekk var skipt í tvo hópa og fékk hvor hópur 1 klst. Eins var með 5. – 6. bekk, þ.e. tveir hópar sem hvor fékk 1 klst. á viku. Að auki voru tvær klst. á viku í “fljótandi” tónmennt en þeir tímar voru nýttir í þemavinnu með öllum aldurshópum og í framhald af upptökum og verkefnavinnu sem unnin var í föstum tónmenntatímum.

1. og 2. bekkur

Viðfangsefni vetrarins

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið með þrí- og fjórskiptan takt í gegnum hlustun, tónfræði og þeirra eigin hljóðfæraleik.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á sílafóna yfir undirspil.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið tónlist við sögu og tekið upp.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa lært um hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblásturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri. Einnig bjuggu nemendur til eigin hljóðfæri (ásláttar-, strengja- og blásturshljóðfæri) og léku á þau inn á upptöku.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
 - styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
 - langa og stutta tóna
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - dúr og moll
 - form laga (A og B kaflar)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Samvinnuverkefni

Í samvinnu við bekkjarkennara 1. og 2. bekkjar voru æfð lög fyrir góðgerðartónleika bekkjanna og nokkur laganna tekin upp.

Nemendur smíðuðu eigin hljóðfæri og var það samvinnuverkefni umsjónarkennara, listakennara og tónmenntakennara.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni og námsefni Námsgagnastofnunar um *Karnival dýranna*.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma.

3. og 4. bekkur

Viðfangsefni vetrarins

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið tónlist eftir mismunandi fyrirmælum og með fjölbreyttum aðferðum. M.a. samið rondo, samið stutt stef og skrifað nótur þeirra á nótnastrengi sem var að lokum færð inn í nótnaskriftarforrit og hlustað á afraksturinn.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Wolfgang Amadesu Mozart, lífi hans og tónlist.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - styrkleika (piano – forte, fortissimo – pianissimo, vaxandi styrkur- minnkandi styrkur)
 - ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - hraða (hratt – hægt)
 - tónhæð (háir og lágir tónar)
 - óhefðbundna nótnaskrift
 - þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
 - form laga og sérstaklega unnið sérstaklega með rondó formið.
- Tölvur. Unnið var með nótnaskriftarforritið Sibelius.
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Samvinnuverkefni

Í samvinnu við bekkjarkennara 3. og 4. bekkjar voru sungin, útsett fyrir hljóðfæri og leikin inn á upptöku lög úr leikritinu um Benedikt búálf.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma.

5. og 6. bekkur

Viðfangsefni vetrarins

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Þá voru æfð og tekin upp nokkur lög í samstarfi við umsjónarkennara.
- Taktur. Unnið hefur verið takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunnið hefur verið yfir canon formið og blúsformið. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin hljóðverk sem undirleik við sögur og ljóð eftir íslenska rithöfunda. Talsvert hefur verið samið á tölvur eftir mismundandi aðferðum.
- Hlustun/tónlistarsaga. Við höfum fræðst um nokkrar tegundir tónlistar þar sem hlustun, söngur, tónlistarsaga og þeirra eigin hljóðfæraleikur blandaðist saman. Við unnum sérstaklega með:
 - Trúarlega (í tengslum við kristinfræði þema)
 - Norræna tónlist (í tengslum við Norðurlanda þema)
 - Samba tónlist
 - Blús
 - Rapp
 - Tölvutónlist
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á tölvur hefur verið unnið með frumþætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Reason, Live og Storm. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist.

Samvinnuverkefni

Í samvinnu við bekkjarkennara 5. og 6. bekkjar voru eftirfarandi verkefni unnin:

- Bókmennta og ljóðapema – hljóðverk samin sem undirleikur fyrir ljóð sem nemendur túlkuðu og lásu inn á upptöku og tóku svo hljóðverkin upp inná þá upptöku.
- Líf og starf Jesú – hlustað á trúarlega tónlist og fjallað um áhrif hennar á tónlistarsöguna. Þá sömdu nemendur eigin trúarlega tónlist í tónlistarstíl að eigin vali og á hljóðfæri að eigin vali.
- Norðurlöndin – hlustað á tónlist frá norðurlöndunum og hún sungin.
- Vináttan – hljóðverk samin sem undirleikur fyrir sögur um vináttuna sem nemendur lásu inn á upptöku og tóku svo hljóðverkin upp inná þá upptöku.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Live, Garage band, Storm og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á hermitónlist*.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar í mati á nemendum voru: virkni, árangur og framfarir, áhugi og framkoma.

12. Skýrsla sérkennara

Haustið 2005 var ráðinn sérkennari í 60% við Sjálandsskóla sem var skipt niður í 10 x 60 mín á viku. Hve mikil þörfin var fyrir sérkennslu var ekki vitað um haustið þegar ég byrjaði. Það var ákveðið að skipta sérkennslutímum jafnt á milli árganga, en fljótlega kom í ljós að 5. – 6. bekkur þurfti fleiri tíma en hinir þar sem einn nemandi var verulega þroskahamlaður og ekki fékkst stuðningur fyrr en greining lá fyrir. Allir sérkennslutímar sem 5.- 6. bekkur fékk fór í þennan nemanda. En það breyttist í janúar þar sem ráðin var stuðningur í 75% starf. Á vorönn skiptust sérkennslutímarnir eftir sérkennsluþörfum, þannig að 1. - 2. bekkur fékk 1 x 60 mín á viku, 3. - 4. bekkur 4x60 mín á viku og 5. - 6. bekkur fékk 5x60mín á viku.

Stefna

Stefna Sjálandsskóli í kennslu barna með sérþarfir:

Barni sem vísað er til sérkennara er vísað á tilvísunarblaði sem fæst hjá ritara eða hjá sérkennara. Útfylltu skal erindinu skilað til skólastjóra eða sérkennara. Markmið sérkennslunnar er að auka námsárangur nemenda, sjálfstraust og starfsgleði. Starf sérkennara verður sérsníðið að þörfum einstakra nemenda og fer fram ýmist inni í bekkjum, í sérkennslustofu eða með ráðgjöf til kennara og foreldra. Engu barni er vísað til sérkennara nema með vitneskju foreldra. Úrræðið er alltaf valið í nánú samráði við foreldra. Til að barn fái sérkennslu er það skilyrði að foreldri taki þátt í þeirri þjálfun/kennslu.

Áhersla verður á að kennslan sé markviss og áætlun um þjálfunina/kennsluna unnin í samráði við bekkjarkennara og foreldra. Formlegar einstaklingsáætlanir eru eingöngu unnar fyrir nemendur sem víkja verulega frá í þroska og námsgetu. Í áætlun sé ætíð hugað að mælanlegum markmiðum þannig að meta megi árangur að lokinni sérkennslu eða loknum áföngum.

Kennsluáætlun í sérkennslu

Markmið:

Að nemendum líði vel í skólanum

Að þjálfna nemendur

Að styrkja sjálfstraust og sjálfsmýnd nemenda

Námsmat og greiningar

Námsmat bekkjarins

Aston Index

Told próf – málþroskapróf

Tove Krogh

Læsi 1,2,3

Sérútbúin próf

Kennsluhættir:

Einstaklingskennsla

Litlir hópar

Stærðfræði-, stafsetningar- og lestrarnámskeið

Er bæði inn í bekk og tek út úr bekk

Kennsluefni:

Hljóðskraf e. Rósu Eggerts
Leggðu við hlustir
Mokoka, Litlu landnemarnir
Ljósrituð verkefni
Lesum lipurt

Tímar:

Haustönn skipti ég tímum jafnt á milli allra bekkja, 3 – 4 tímar á bekk. Á vorönn skipti ég þeim eftir hvar þörfin er mest með hliðsjón af fenginni reynslu á haustönn.

1.-2. bekkur

Þrjú nemendur fengu sérkennslu. Einn nemandi var allt árið en hinir tveir komu á stutt námskeið. Allir þessir nemendur áttu við lestrarerfiðleika að stríða. Kennslan fór fram í sérkennslustofu, bæði var einstaklingskennsla og hópkennsla.

Próf og greiningar sem lögð voru fyrir:

Tove Krogh var lagt fyrir í september.

Læsi 1 í október

Læsi 2 í mars.

Þessi próf voru lögð fyrir af umsjónarkennara og sérkennara. Þeir sem komu mjög slakir út fengu sérkennslu.

Told málproskapróf var lagt fyrir einn nemanda og var það talkennari sem lagði það fyrir. Sérkennari og talkennari lögðu upp áætlun fyrir þann nemanda.

3.-4. bekkur

Níu nemendur fengu sérkennslu. Fjórir nemendur fengu sérkennslu allt árið en fimm fengu námskeið. Þetta var blandaður hópur, tveir áttu við námserfiðleika að stríða, þrjú við lestrar- og stafsetningarerfiðleika, fjórir við stærðfræðierfiðleika.

Ég setti upp stærðfræðinámskeið og lestrarnámskeið fyrir þá nemendur sem þurftu á því að halda. Einstaklingskennsla og kennsla inn í bekk fór einnig fram.

Próf og greiningar sem lögð voru fyrir:

Stafsetningarhlutinn úr Aston Index, lagt fyrir alla nemendur í 3.-4. bekk. Þeir sem voru undir meðallagi fengu sérkennslu.

Aston Index, hluti úr prófinu var lagt fyrir einn nemanda.

WISC – test var gert á tveim nemendum og var það skólasálfræðingurinn sem gerði þau próf.

5.-6. bekkur

Ellefu nemendur fengu sérkennslu. Þrjú fengu sérkennslu allt árið en átta fengu námskeið. Ég skipti sérkennslutímum niður í 2x30 mín. þegar ég var með stafsetningarnámskeiðin. Nemendum var skipt í þrjú hópa og tók ég þá nemendur sem voru langt undir meðallagi á stafsetningarkönnuninni. Námskeiðin fóru fram í sérkennslustofu sem var frekar lítil fyrir þennan hóp. Ég fór mikið inn í bekk og aðstoðaði nemendur þar, var einn af kennurum. Nemendum fannst það betra og eftir páska var ég eingöngu inn í bekk, nema þegar ég tók einn nemanda með mikil þroskafrávik fram í sérkennslustofu 2x20 mín á viku.

Þetta skipulag gekk mjög vel.

Próf og greiningar sem lögð voru fyrir:

Stafsetningarhlutinn úr Aston Index, lagt fyrir alla nemendur og þeir sem fengu undir meðallagi fóru á stafsetningarnámskeið hjá mér.

Told próf var lagt fyrir einn nemanda og gerði sérkennarinn það.

WISC- test var lagt fyrir einn nemanda og gerði sálfræðingur það.

Lokaorð

Eins og kom fram hér fyrir ofan var ekki vitað hver þörfin var fyrir sérkennslu í haust þegar við byrjuðum og þess vegna lágu engar beiðnir fyrir. Mikilvægt er að umsjónarkennarar sækji um sérkennslu fyrir sína nemendur og hafi samband við foreldra strax í haust þannig að sérkennari geti byrjað að þarfagreina og skipuleggja sérkennsluna. Einnig er mikilvægt að gera ráð fyrir sérkennara í skipulagi skólans þannig að sérkennarinn hafi aðstöðu fyrir sérkennslugögn, geti gert greiningar á nemendum og verið með einstaklings- og hópkenndu. Mér finnst mjög mikilvægt að sérkennslan fari bæði fram utan bekkjar og inn í bekk, að hóparnir eru 1 – 6 nemendur, alls ekki stærri hópar, því þá erum við komin út í venjulega kennslu. Mikilvægt er að sérkennari og umsjónarkennari vinni saman að einstaklingsnámskrá og skipuleggi kennslutímum þannig að sama námsgrein er á báðum stöðum t.d þegar sérkennslutímur voru hjá 5.-6. bekk voru umsjónarkennarar með vinnustund í þeim tímum. Þegar stafsetningarnámskeiðið var voru umsjónarkennarar með stafsetningu í þeim tímum þannig að samræmi var á milli sérkennara og umsjónarkennara. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið í vetur og óska ykkur alls hið besta.

Þórdís Helga Ólafsdóttir
Sérkennari

13. Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatæknina í kennslu eins og tíðkast í öðrum grunnskólum bæjarins og umsjón með heimasíðu. Vegna minni nemendafjölda í Sjálandsskóla tók kennsluráðgjafi einnig að sér kennslu (10 kennlustundir á viku) ásamt því að koma bókasafni skólans á laggirnar. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi í Sjálandsskóli tekur einnig þátt í morgunsöng með nemendum og starfsfólki í byrjun dags og fylgir síðan umsjónarkennurum 5.-6.bekkar í umsjónartíma. Með því móti var kennsluráðgjafi í nánari tengslum við starf nemenda inn á svæðum. Kennsluráðgjafi tók einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, vettvangsferðum, sérstökum þemadögum (jól, íslenska, umhverfis, öskudagur ofl.).

Kennslan

Nemendur í 3.-4. bekk komu vikulega í tölvustofu í tíma hjá kennsluráðgjafa í allan vetur í eina klukkustund í senn. 1.-2. bekkur kom einnig reglulega en meira með umsjónarkennara sínum og ég var til aðstoðar. 5.-6. bekk kom í lotum fyrir jól í tengslum við þemavinnu en eftir áramót alveg fast einu sinni í viku. Þannig voru að jafnaði 6 klst. á viku þar sem var föst kennsla. Kennarar sendu einnig hópa á tölvupall sem fengu aðstoð eftir þörfum í tenglum við ýmis verkefni. Oft var tölvupallurinn þétt setinn allan daginn. Kennsluráðgjafi sinni töluverðri forfallakennslu fram að jólum en úr því dró eftir áramót. Eftir áramót bættist einnig við kennsla 1 klst á viku inni á heimasvæði hjá 5.-6.bekk.

Tölvuver

Tölvuver Sjálandsskóla telur 24 tölvur. Skipulag tölvustofunnar er sérstaklega skemmtilegt það er uppröðun í 4 “eyjar”. Nemendur hafa nægt pláss við hverja tölvu ásamt því að fleiri nemendur geta setið saman við vinnu. Samskipti við tölvuvinnu eru því mjög hentug bæði ef setið er saman við eina tölvu og eins þar sem nemendur geta setið andspænis hvor öðrum. Fjöldi tölva gerir okkur mögulegt að vera jafnvel með tvo hópa samtímis þegar ekki eru beinar innlagnir. Þrátt fyrir að kennsla sé í gangi geta litlir hópar auðveldlega komist að.

4 tölvur voru inn á heimasvæði nemenda. Þær nýttust mjög vel þar.

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningar og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni. Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Hann brást alltaf vel við en það gat tekið langan tíma að fá úrlausn mála.

Staðsetning tjalds fyrir skjávarpa er ekki heppileg þar sem birta er mjög mikil frá stórum glugga og endurkasti frá sjónum.

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi fylgdist með þeim sem eru í gangi hjá hverjum hópi og er vakandi fyrir möguleikum tölvu- og upplýsingatækninnar þar inni. Þá voru fundnar til heimasíður með efni sem tengdist þemunum og gert aðgengilegt fyrir nemendur. Kennsluráðgjafi aðstoðaði kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál. Almennt er kennarahópurinn mjög sjálfstæður hvað varðar tölvunotkun en kennsluráðgjafi kom að útfærslu verkefna í tengslum við þemu. Kennsluráðgjafi aðstoðaði töluvert sérkennara og þroskaþjálfva við sérhæfð verkefni sem þeir voru að vinna að og kom með margvíslegar hugmyndir að nýtingu tölvu- og upplýsingatækninnar. Mikilvægt er að veita nemendum með námsörðugleika eða verulegar sérþarfir greiðan aðgang að tölvunotkun í tengslum við sitt nám.

Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum, námsefni sem nýtist í tölvuveri eða fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Myndasöfn

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig duglegir í því sambandi. Kennsluráðgjafi hefur tekið við myndum úr myndavélum kennara og flokkað þær og sett inn á sameign. Myndirnar eru síðan notaðar til tengja heimilin við starfið með því að setja út á heimasíðuna. Þá hafa börnin fengið að velja sér myndir í tengslum við sögugerð og frásögn. Í lok skólaársins völdu síðan allir nemendur sér myndir til að setja á geisladisk sem þeir fengu með sér heim. Mjög mikilvægt er að hafa gott skipulag á myndasafninu og skoða þyrfti etv. einhver forrit sem aðstoða við það.

Heimasíða

Grunnur að heimasíðu skólans hafði verið til er skóli hófst í haust. Kennsluráðgjafi tók yfir þá heimasíðu, endurskipulagði og bætti við tenglum og efni eins og við átti. Heimasíðan hefur þróast töluvert síðan. Markvisst hefur verið sett út mikið af lýsandi myndum af skólastarfinu og fréttum af starfinu ásamt þeim praktísku upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi á hverjum tíma. Við höfum einnig áhuga á að geta sett út sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi. Vísir af því er kominn en það er tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum og hreyfimyndir sem kennsluráðgjafi vann með nemendum.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ hafa um nokkurt skeið verið að skoða vefumsjónarkerfi til að halda utan um vefi skólanna. Sífelld meiri kröfur eru uppi um að hafa sem mestar upplýsingar á heimasíðu skólanna og er það vel því þetta getur verið frábær tenging við heimilin. En heilmikil vinna felst í því að halda úti virkri heimasíðu og mikilvægt er að fleiri aðilar innan skólans geti komið að henni. Aðgengilegt vefumsjónarkerfi væri því eitthvað sem þyrfti að horfa til fyrr en seinna. Innan skólans er áhugi fyrir hendi að setja upp sérstakar síður fyrir hvern umsjónarhóp þannig að kennarar gætu sett inn glænýjar upplýsingar á hverjum tíma. Núverandi fyrirkomulag er of flókið til að það sé raunhæft.

Bókasafn

Reynsla kennsluráðgjafa af vinnu á bókasafni var engin. En með aðstoð skólasafnsfræðings í Snælandsskóla og starfsmanna á skólasafni Flataskóla komst

bókasafnið í gagnið. Kennsluráðgjafi lærði á skráningarkerfið, tengdi bækur við Gegni og útbjó skírteini fyrir alla nemendur skólans. Starfsmann vantaði lengi vel til að sjá um plöstun og frágang bókanna en það leystist síðar. Nemendur lærðu á útlánakerfi skólasafnsins og sjá nemendur sjálfir um útlán og skil að mestu sjálf. Bókasafnið hefur setið á hakanum eftir áramót og verkefni hlaðist upp. Starfsmaður sem byrjaði nú í vor mun sjá um að vinda ofan af því ásamt því að taka að sér mestu vinnuna við bókasafnið næsta vetur. En ég mun stýra því og hafa hönd í bagga með umsjón og faglega aðstoð. Efni frá Námsgagnastofnun, kennslubækur, hafa ekki enn komist í skráningu en í því verður unnið í sumar. Margir nemendur færðu skólanum bækur að gjöf og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Mentor

Ég kynnti mér Mentor og aðstoðaði eftir þörfum. Það hefur reyndar ekki mikið reynt á það því notkun á Mentor er nokkuð misjöfn innan kennarahópsins. Mæting er skráð þar, skilaboð send til foreldra, einn kennari skráir kennsluáætlanir þar og vitnisburðarblöð eru ekki nýtt úr Mentor.

Kennsluáætlanir nemenda

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast að öllu leyti við það að verið sé að kenna þeim á verkfæri/forrit sem geta nýst í tengslum við annað nám nemenda. Þá var rík áhersla lögð á að nemendur væru að vinna með opin forrit sem gerðu þeim kleift að fara ólíkar leiðir, unnið væri með efni sem sem tengdist þeirra eigin raunveruleika eða nýttist beint við úrvinnslu þeirra eigin gagna. Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar en þar sem skipulag kennslunnar er annað hér voru þær almennt ekki nýttar beint. Þar sem ég kenndi sjálf tímana gat ég prófað margt sem almennur kennari hefði kannski ekki farið af stað með en fyrir liggja lýsingar á sumu af þessu efni sem geta nýst í kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ. Ég reyndi að vera vakandi fyrir því hvað kennarar voru að vinna að í ýmsum greinum/þemum og finna tengsl við tölvu- og upplýsingatæknina þar sem við átti. Öll vinnan miðaðist að sjálfsgöðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni.

1. - 2. bekkur

Umsjónarkennari sá að mestu um kennsluna hjá þessum hópi í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni. Kennsluráðgjafi kom þó að verkefni með 1.-2. bekk í byrjun vetrar er nemendur tóku viðtöl við alla starfsmenn skólans og tóku myndir af þeim. Þessar upplýsingar settu nemendur inn í Powerpoint. Þau settu mynd af starfsmanninum, mynd af sér og talsettu svo. Þessa kynningarmynd sýndu þau svo á foreldrakynningu snemma hausts.

3. - 4. bekkur

Til að byrja með var farið yfir helstu vinnureglur í tölvustofu, hvernig maður ber sig að, hvað það skiptir miklu máli að sitja rétt og hafa allar stillingar á stól og skjá í lagi. Þau kynntust tölvuumhverfinu, hvar forritin eru geymd, hvar skjölin eru geymd og hvernig maður prentar. Byrjað var að vinna aðeins með Word ritvinnsluforritið og fingrasetningu og farið yfir helstu hnappa á hnappaborðinu. Síðan byrjuðum við að nota forritið Ritfinn sem þjálfar fingrasetningu og vélritun. Við fjölluðum um vefskoðarann (Internet Explorer) og fórum aðeins á netið en þó aðallega til að fara

inn á heimasíðu Námsgagnastofnunar til að nálgast kennsluefni og heimasíðu skólans til að skoða myndir.

Þau forrit sem nemendur nota eru sem mest í tengslum við annað nám nemendanna. Þannig viljum við sjá tilgang með því sem unnið er. Við tókum 2 tíma í töflureikninn Excel í tengslum við heimilisfræðiviku. Þar lærðu þau að setja inn gögn sem þau höfðu safnað í ferð í Hagkaup og útbjuggu súlurit og lásu úr þeim. Þetta var einföld kynning á því forriti sem þau gátu svo vel nýtt sér. Við eigum eftir að nýta okkur Excel meira á næstu árum.

Nemendur nýttu sér vefinn frá Námsgagnastofun um húsdýrin í vinnu við Húsdýraþema. Nemendur fengu það verkefni að útbúa sögu í teikni- og margmiðlunarforritinu Kidpix4. Forrit þetta hefur vakið mikla gleði hjá nemendum. Kidpix4 er sérstaklega hannað fyrir börn. Það býður upp á mjög marga möguleika við sköpun og er alveg stórkostlegt að sjá afurðir barnanna. Þetta forrit hefur ekki mikið verið notað í grunnskólum en með réttum áherslum er það mjög öflugt. Þau lærðu á helstu möguleika þess og útbjuggu myndasögu í tengslum við húsdýraþemað. Þau sköpuðu sínar eigin myndir og nýttu einnig hreyfimyndir og hljóð. Þau lærðu síðan að raða myndunum sínum saman í sögu (slideshow), talsetja myndir og/eða velja tónlist. Í gegnum þessa vinnu erum við uppfylla mörg af markmiðum kennslu í tölvunotkun og upplýsingamennt ásamt markmiðum úr íslensku og samfélagsfræði. Þessi afrakstur þeirra var sýndur á opna húsinu fyrir foreldra í byrjun desember og voru nemendur mjög stoltir af þessari vinnu sinni sem var líka alveg frábær. Við ætluðum að setja þetta út á heimasíðuna en lentum í smá vandræðum með hljóðið sem hefur ekki fundist lausn á. Í lok þessarar vinnu lögðu þau mat á hvað þau höfðu lært af þessari vinnu.

Seinnihluta vetrar var unnið með ritvinnsluforritið Word við sögugerð og að kenna nemendum á fleiri þætti þess. Nemendur völdu sér ljósmyndir úr skólastarfinu og lærðu að taka inn í Word og nýttu við sögugerð. Nemendur lærðu einnig að velja sér myndir úr myndasafni skólans og tóku afrit og settu í sína möppu. Myndirnar fá nemendur með sér á geisladiski. Nemendur lærðu einnig á leitarforritið Google, lærðu að leita að efni og myndum á netinu. Við ræddum einnig um örugga netnotkun sjá námsefni á <http://www.saft.is> Þá höfum við kynnt okkur hreyfimyndaforritið Pivot. Það var mjög fróðlegt að sjá frábæran afrakstur allra nemenda úr því forriti. Sýnishorn af verkefnum nemenda úr því er að finna á heimasíðu skólans undir "Verkefni og tónlist nemenda". Við nýttum síðan ýmis kennsluforrit sem henta í tengslum við annað nám þeirra. Ég hef séð miklar framfarir hjá nemendum í 3.-4. bekk en almennt eru börnin orðin mjög sjálfstæð í margs konar tölvuvinnu, enda koma þau reglulega í tölvustofu við úrvinnslu ýmissa verkefna.

5. - 6. bekkur

Í tölvutímum hafa nemendur verið að kynna sér ýmis forrit til að nýta við námið. Þar má nefna notendaforritin Word, Excel, Powerpoint og Publisher. Þau forrit sem nemendur nota eru sem mest notuð í tengslum við annað nám nemendanna því við viljum sjá tilgang með því sem unnið er. Þannig var t.d töflureiknirinn Excel notaður í tengslum við heimilisfræðiviku. Þar lærðu börnin að setja inn raunveruleg gögn sem þau höfðu sjálf safnað í ferð í verslanir við Smáratorg og útbjuggu súlurit um kostnað og lásu úr þeim.

Margir nemendur hafa nýtt Powerpoint í tengslum við einstaklingsverkefnið og önnur kynningarverkefni. Börnin lærðu mörg margt nýtt á því. Word er notað við hin ýmsu ritunarverkefni og vefskoðarinn Internet Explorer og leitarforritið Google er notað við heimildaöflun.

Nemendur fengu verkefni að útbúa sögu í teikni- og margmiðlunarforritinu Kidpix4. Forrit þetta hefur vakið mikla gleði hjá flestum nemendum. Kidpix4 er sérstaklega hannað fyrir börn. Það býður upp á mjög marga möguleika við sköpun og urðu til margar frábærar sögur. Þetta forrit hefur ekki mikið verið notað í grunnskólum en með réttum áherslum er það mjög áhugavert. Nemendur lærðu á helstu möguleika þess og útbjuggu myndasögu. Margir sköpuðu sínar eigin myndir, aðrir nýttu tilbúnar myndir og sumir hvort tveggja. Einnig nýttu nemendur hreyfimyndir og hljóð. Nemendur lærðu síðan að raða myndunum sínum saman í sögu (slideshow), talsetja myndir og/eða velja tónlist. Í gegnum þessa vinnu erum við uppfylla mörg af markmiðum kennslu í tölvunotkun og upplýsingamennt ásamt markmiðum úr íslensku.

Við unnum töluvert með fingrasetningu í Ritfinni fyrir jól og höfum haldið því áfram.

Jólagjöfin nemenda til foreldra var geisladiskur með myndum úr skólastarfinu sem var hugmynd sem kom frá nemendum. Nemendur völdu sjálfir úr myndasafni skólans og settu í eigin möppu það sem átti að fara á geisladiskinn sinn. Sumir völdu einnig að setja á diskinn sýnishorn af öðrum verkefnum úr skólanum og aðrir bjuggu til Powerpointsýningu úr myndefninu. Allir útbjuggu disk en enginn diskur var eins heldur alfarið byggður á því efni sem nemandinn kaus að setja inn á diskinn.

Við höfum verið að benda nemendum á áhugaverðar síður á netinu sem hægt er að nýta sér. Ein slík var t.d. frjálsa alfræðisafnið Wikipedia þar sem búið er að setja inn öll íslensk mannanöfn. Nemendur flettu upp sínu eigin nafni og sáu hversu margir á Íslandi heita því nafni, hvaða ár þeir eru fæddir og hversu margir með þeirra nafni fæddust sama ár og þau sjálf. Einnig flettu nemendur upp merkingu nafnsins, náðu síðan í súlurit yfir dreifingu nafnsins síðustu öld og fram til ársins 2005 og skráðu ofangreindar upplýsingar með. Þarna var áherslan á að nýta sér netið og Wikipediu til að finna tiltekna upplýsingar, lesa úr þeim og setja síðan fram í Word þannig að skiljanlegt sé fyrir aðra. Sýnishorn af þessum verkefnum er á rauða veggnum á 2.hæð og hefur verið frábært að sjá áhugasama nemendur á öllum aldri skoða þessi súlurit og lesa úr þeim. Raunverulegt verkefni sem lifir. Slóðin á Wikipediu er á heimasíðu skólans.

Nemendur kynntust einnig forritinu Pivot sem er ókeypis forrit á netinu til þess að útbúa hreyfimyndir. Frábærar frásagnir urðu til í því forriti. Sjá sýnishorn af vinnu nemenda á heimasíðu skólans.

Allir nemendur í 5.-6.bekk fengu nýlega netfang á vegum skólans og eru búin að vera að læra á vefpóstinn, senda bréf og svara, útbúa tenglalista, senda og taka á móti viðhengi og fleira. Nemendur unnu mjög skemmtilegt verkefni eftir heimsókn í Garðakirkju og nýttu myndir sem ég tók þar í ritun í Word. Þau vistuðu skjalið og sendu síðan í tölvupósti sem viðhengi til umsjónarkennara sinna sem fengu gott yfirlit yfir hvað krökkunum fannst áhugaverðast úr kirkjuferðinni. Þarna var samþætting námsgreinanna kristinfræði, tölvu- og upplýsingatækni og íslensku. Það eru einmitt

svona tækifæri sem er svo gaman að nýta í vinnunni í tölvustofunni. Raunverulegt efni, raunveruleg viðfangsefni. Við höfum einnig verið að ræða um örugga netnotkun og byrjuðum að kynna fyrir þeim námsefni á <http://www.saft.is> Það er efni sem þarf að taka reglulega fyrir.

Nemendur lærðu á nokkur grunnatriði í forritinu Publisher nú í vor er þau voru að vinna með Íslandspema. Þau nýttu Publisher til að útbúa ferðabækling og auglýsingu.

Við nýtum síðan ýmsar vefsíður sem henta í tengslum við annað nám þeirra. Í því sambandi erum við byrjuð að setja tengla á heimasíðuna undir áhugaverðar síður sem tengjast því sem þau eru að vinna að í þemum. Einnig er hægt að komast beint í vefpóstinn frá þessum síðum og þar er einnig að finna kennsluhefti um vefpóstinn.

Tónmennt

Tónmenntakennari er með eina iMac tölvu og nýtir sér tónlistarforritin: Reason, Live og Storm. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist. Frábær sýnishorn af þeirri vinnu má sjá á heimasíðu skólans. Nemendur fengu einnig með sér geisladisk í vor með tónlistarsköpun sinni.

Námsmat

Nú í vor fengu síðan nemendur í 3.-6. bekk aðgang að myndasafni skólans. Þau völdu sér myndir úr skólastarfinu til eignar sem þau settu á geisladisk. Sumir nemendur völdu sér líka stafræn verkefni og settu á diskinn til eignar. Þessir diskar eru guldiskar nemenda, sýnishorn af vinnu nemenda, námi og starfi í vetur.

Foreldrar og nemendur fengu sent heim í vetur greinargott yfirlit yfir kennsluna í tölvu- og upplýsingatækni ásamt námsmati. Ég lagði fyrir nemendur sjálfsmat eftir ákveðnar lotur. Þar var bæði verið að meta færnimarkmið og vinnusemi. Ég lagði einnig mat á ákveðin verkefni nemenda útfrá námsmatsblöðum sem við erum að þróa hér við skólann. Námsmatsþátturinn er í þróun.

Það hefur verið mjög áhugavert að þróa starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni við Sjálandsskóla í vetur. Margt hefur komist til framkvæmda og mörg spennandi verkefni eru framundan. Kennsluáætlanir eru og verða stöðugt í þróun og endurskoðun með hliðsjón af starfinu á hverjum tíma.

Öll aðstaða hefur verið til fyrirmyndar og tölvuverið virkað vel. Það sem helst þyrfti að bæta er að skjávarpi í tölvustofu nýtist illa þar sem birta er svo mikil á svæðinu. Þá hefði ég viljað sjá betra aðgengi að tæknimanni til að úrlausn mála verði markvissari. Vefsíðumálin þarf að skoða gaumgæfilega til að hægt sé að halda úti virkri heimasíðu. Virk heimasíða er heimasíða sem er uppfærð stöðugt með upplýsingum frá starfsmönnum skólans, kennurum og nemendum. Virk síða felur líka í sér að notendurnir, foreldrar, nemendur, áhugasamir aðilar skoði hana reglulega vegna þess að þarna er eitthvað sem skiptir þá máli. Foreldrar hafa bent á hversu jákætt það er að geta fylgst með skólastarfinu á þennan hátt. Þannig getum við líka betur treyst samstarf heimilis og skóla. Mikilvægt er að skoða möguleika vefumsjónarkerfis til þess að hægt sé að halda úti síðu á þennan hátt.

Kristín Steinarsdóttir júní 2006

14. Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að löggin höfði til sem stærst hluta nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þeim sem voru í gangi hverju sinni. Má þar nefna þemað um Benedikt búalf í 3. og 4. bekk, norðurlanda þema og kristinfræði þema hjá 5. og 6. bekk. Þá héldu nemendur góðgerðartónleika í maí sem þeir æfðu á anna tug laga fyrir og voru þau talsvert sungin í morgunsöng á þeim tíma sem æfingar stóðu yfir og eftir tónleikana. Sú breyting var gerð á seinni hluta vetrar að sömu löggin voru tekin oftár á vissu tímabili til að nemendur hefðu betra tækifæri til að læra þau.

Í vetur fengum við nokkra góða gesti í heimsókn í morgunsöng. Kristján Kristjánsson og Guðmundur Pétursson heimsóttu okkur í nóvember með prógram byggt á íslenskum þjóðlögum og sögum tengdum þeim. Í desember komu systkynin Ragnheiður og Haukur Gröndal og fluttu jólalög. Á vorönn kom Lúðrasveit Tónlistarskóla Garðabæjar og flutti nokkur lög.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn föstudaginn 9. september í plöntunarog útvistarferð.

Nemendahópnum var tvískipt í vinnu. Á meðan annar hópurinn plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar var hinn hópurinn við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur, stutt samvera með umsjónarkennara og síðan frjálst. Dagurinn tókst vel og mælt með því að hann verði endurtekinn með sömu dagskrá.

Dagur stærðfræðinnar

27.september var haldin hátíðlegur Dagur stærðfræðinnar. Yfirskrift dagsins var Mynstur og algebra. Skipaður var stafshópur sem skipulagði daginn. Helgi Grímsson skólastjóri og Ólöf Sigurðardóttir umsjónarkennari sáu um skipulagningu. Nemendum var skipt í 16 aldursblandaða hópa. U.þ.b. 5 börn voru í hverjum hópi. Hóparnir fóru á milli 18 stöðva og leystu þar margvísleg verkefni. Hóparnir fóru á allar stöðvarnar og tók þessi vinna tvær lotur eða tvær klukkustundir. Hóparnir skiptu með sér verkum þannig að einn var hópstjóri annar var ritari o.s.frv.

Viðfangsefni dagsins

Verkefnið

Dulmálsskilaboð	Leysa dulmál
Rökkubbar	Raða eftir mynd

Su doka	Su doka í mismunandi þyngdarstigum
Mynsturdúkur	Klippa mynsturdúka
Týndur þáttur	Hvaða tölur vantar
Algebruspilið	
Paramynstur	Speglun
Kaplafjör	Mynstur úr Kaplakubbum
Hversu margir fuglar	Felumyndir
Hvaða orð vantar	Algebruleikur með orðum
Póstaleikur	Leikur í stauraskógi
Risamikadó	Búa til mynstur með stórum mikadolengjum
Tangram	Búa til tangrammyndir
Hjartaspil	
Speglunarásar í fiskabúri	Teikna speglunarása lífvera í fiskabúrinu
Orð í kassa	
Tónaleikur	Finna stærðfræðimynstur í hrynjanda
Perlur	Stækka mynstur í perlum

Dagurinn var eftirminnilegur og gekk mjög vel. Aldursblöndunin tókst vel og reyndust eldri nemendur yngri börnunum vel og aðstoðuðu þau.

1. des. Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 5. og 6. bekk fluttu dagskrá sem þeir höfðu æft dagana á undan. Til stóð að kennari frá Tónlistarskóla Garðabæjar hæfi dagskrána á að leika Eldgama Ísafold á horn, líkt og gert var 1918 en hann forfallaðist og því sungu nemendur lagið í staðinn. Að því loknu fluttu þeir dagskrá sem var samsett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var glærusýning sýnd með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum voru sungin tvö þjóðernislög. Að því loknu fór hver hópur nemenda til síns umsjónarkennara. Hver hópur fékk svo hálfu til eina klst. í kennslu tengda deginum. 1. og 2. bekkur fékk kennslu bekkjarkennara um íslenska fánann og 3. og 4. bekkur um skjaldarmerki Íslands. Þá var Sigurður Guðleifsson með kennslu fyrir 5. og 6. bekk um íslenska fánann, meðferð hans og fánadaga. Dagskráin gekk vel og var eftirminnileg. Full ástæða er til að endurtaka svipað síðar.

Jóladagskrá

Stýrihópur fyrir jólaþemað var skipaður í byrjun nóvember. Í honum sátu Helgi Grímsson, Kristín Guðbrandsdóttir og Kristín Steinarsdóttir. Ákveðið var að hafa jólalotu frá 5.-16. desember þar sem í boði yrðu verkefni þar sem aðaláherslan yrði á að útbúa varanlegar skreytingar fyrir nýja skólann okkur. Ólafur Schram tónmenntakennari útbjó jólasöngbók. Byrjað var að syngja eftir henni 2. desember. Allir voru mjög ánægðir með söngbókina sem verður síðan notuð áfram við skólann.

Jóladagskráin var með eftirfarandi hætti:

a) Unnið að jólaskrauti fyrir skólann

Allir nemendur komu að því og unnu í blönduðum hópum. Taflan brotin upp. Erum að stíga skref til framtíðar og þetta séu verk barnanna. Unnið var þriðjudaga og föstudaga (6., 9., 13., 16. desember.) Nemendur höfðu valið sér 4 verkefni (A, B, C, D eftir því hvað þau vildu helst).

Stýrihópur skoðaði margt varðandi jólaskraut og niðurstaðan var að bjóða upp á eftirfarandi verkefni.

1. **Gluggaskreyting hjá skólasafni í silkipappír (mosaik).** Höfðum haft hug á því að útbúa helgimyndir en vantaði frekari aðstoð við útfærslu. Frestað en verkefnið breyttist í það að það var málað á glugga. Gekk vel fyrst. Allir farnir að gera það sama. Fyrstu 2 dagarnir alveg frábærir en voru svo orðin spennt síðasta daginn. Mikið verk var að þrifa þetta af og ekki lagt til að gera þetta aftur.
2. **Gluggaskreyting í anddyri glerlitir á plexigler** (Táknmyndir jóla), unnið í myndmenntastofu. Mjög skemmtilegt verkefni. Varð samstarfsverkefni milli Sesselju og Kristínu G sem var í saumastofunni því þau gátu soldið farið á milli verkefna. Flestir kláruðu á einum degi. Þá voru búnar til stöðvar og sum fóru og þæfðu, sumir teiknuðu. Þeim fannst gaman og spennandi. Flestir vildu fá að gefa þetta í jólagjöf.
3. **Fylltir (troðnir) englar og jólasveinar.** Gott verkefni og skemmtileg skreyting sem hentar skólanum. Persónulegur svipur hvers og eins fékk að njóta sín þegar englar og jólasveinar voru hengdir upp í loft á heimasvæði.
4. **Jólapokar H.C. Andersen.** Soldið flókið fyrir þessi yngri en þau voru áhugasöm. Eigum nóg af pokum til næstu ára. Voru settir á jólatréð. Rólegt verkefni en of langur tími. Margir fóru síðan að útbúa snjókor, klippiverkefni.
5. **Kúlur og keilur í þæfðri ull.** Gott verkefni fyrir flesta. Flott verkefni og mikil framleiðsla. Var hengt á jólatréð.
6. **Jólabakstur / laufabrauð** (gluggaskraut á 1. hæð). Skemmtilegt en náðist ekki að hengja laufabrauðin upp. Ekki hægt að steikja á sama tíma og verið er að skera eða hafa börnin nálægt. Smákökur til að borða í Garðaholti/eða jólagjöf. Allir nutu sín mjög vel í bakstrinum. Loka þarf af bökunarsvæðinu þannig að umgangur sé ekki um svæðið.
7. **Konfekt.** Mjög skemmtilegt, gekk vel. Nemendum fannst flestum gaman.
8. **Jólakort í tölvum.** Voru of fljót að vinna en tók of stuttan tíma.
9. **Tónlist.** Gekk vel hefði verið gott að geta sent nemendur eitthvað annað líka þegar verið var að taka upp. Nemendur kepptust við að fá að syngja einsöng. Hefði getað notað meiri tíma. 5.-6.bekkur dansaði við tónlistina á stofujólum. Kristinn kom og spilaði fyrir aðra hópa, spurning um að hafa svona götudansara næst.
10. **Kertin.** Tókst gríðarlega vel og var kveikt á þeim á litlu-jólunum.

Almenn ánægja með að nemendur hefðu val um verkefni. Sumir kvörtuðu eftir á um valið sitt. Við hefðum kannski þurft að útskýra betur hvað lá í hverju verkefni fyrir sig.

Almenn ánægja með fyrirkomulagið þ.e. val og aldursblöndun og brjóta upp töflu. Fyrir sum verkefnin voru 4 dagar passlegur tími en önnur of langur tími. Það hefði

verið ágætt að byrja á þessu viku fyrr þannig að skreytingar gætu verið komnar upp og við notið þess lengur. Það var víða mikið span í lokin. Sumum fannst að kannski hefði verið nóg að vera með 2 daga og hafa meiri tíma með bekknum og í frágang með bekknum. Útikennslutímar dattu soldið út og sumir söknuðu þess að hafa ekki meiri ró með sínum hópi. En niðurstaðan var að byrja fyrr, hafa þetta í 2 – 4 daga en það snýst um verkefni. Síðasta vikan þarf bara að vera í ró. Ókostur að þetta lenti á tveimur föstudögum útaf enskukennslunni t.d.

b) Jólagjöfin

Gera “jólagjafir” – athuga opið val þannig að við blöndum saman milli árganga.

Unnið í list- og verkgreinatímum og hjá umsjónarkennara. Þessi vinna var í umsjón umsjónarkennara og í samstarfi við listgreinakennara og tölvukennara.

1.-2. bekkur var rosalega ánægður með sína jólakúlu. Æðisleg vinna. Þau unnu líka dagatal. 3.-4. bekkur vann fínt dagatal. 5.-6. bekkur útbjó geisladisk með myndum úr skólafarfinu. Þau fengu aðgang að myndasafni skólan. Sumir völdu allar myndirnar, aðrir vönduðu sig, sumir tóku inn í myndvinnslu eða í Powerpoint. Raunsæ mynd af getu /vinnu nemenda. Hugmyndina að þessu verkefni áttu nemendur sjálfir.

c) Gjöf til friðar

Jólakortagerð-jólamerkimiðagerð, góðgerðaverkefni.

Unnið hjá umsjónarkennara. Þetta hefði þurft að vera stöð eða allir í þessu í einhvern tíma. Þetta misheppnaðist bæði vegna þess að lítill tími var aflögu og enginn við stjórn. Þurfum bara að prófa þetta síðar.

d) Vinna í umsjónarhópi

Kennarar tóku ákvörðun um aðra vinnu í lotunni.

e) Heimavinna

Gefðu öðrum tíma (heimsækja ættingja eða vin sem þú hefur ekki heyrt lengi í eða þarf á hjálp að halda) Hvernig voru jólin (taka viðtal við elsta ættingjann sem er nokkuð ern og biðja hann um að segja frá því hvernig jólahald var í hans barnæsku, skrifa viðtalið upp og lesa það upphátt fyrir fjólskylduna yfir jólahátíðina) Enginn tími í þetta. Fór ekki af stað.

14. desember

Jólatré sett upp á skólasafni. Jólatré var sett upp 16.des. muna að vökva. Jólatréð hefði mátt koma fyrr. Blettur kom í gólfið á bókasafninu eftir vökvun.

16. desember

Ragnheiður Gröndal var með tónlistardagskrá í morgunsöng.

19. desember

Kirkjuferð í Garðakirkju. Frábær ferð þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur. Nemendur í 5.-6. bekk sýndu helgileik en þeir höfðu fengið val um að leika í því eða öðru leikverki. Frábær leikur hjá nemendum, mikill heillagleiki. Þurfum að muna næst að bjóða foreldrum að koma því það var nóg pláss í kirkjunni.

Hefði verið gaman að geta haft englakórinn við altarið en erfitt var að koma kórnum fyrir nema fyrir ofan. Eða á þetta að vera í skólanum? Þá þarf sviðsmynd og þarf að huga að því tímanlega. Búningar fínir og sérstaklega jatan (uppvottagrindin úr Ikea). En undirbúningur að þessu þarf að hefjast mun fyrr.

Kakó og smákökur í Garðaholti. Það vantaði eitthvað uppá þetta. Vantaði kakóið sem var ekki framkvæmanlegt, þetta var afgreiðsla. Nemendur voru ekki í kósýgír. Alltof mikill gauragangur. Ferðin gekk illa tilbaka, alltof mikill hávaði. Þurfum að endurskoða þetta og einbeita okkur kannski bara að kirkjuferðinni.

20. desember – litlu jólin

Dagskráin var frá 8:25 – 12:00

1. Jólaskemmtun (Hver árgangur með skemmtiatriði, foreldrar velkomnir).

Leikrit og dans hjá nemendum. Það vantaði eitthvað uppá hátíðleikann. Mikið tóm myndaðist meðan beðið var á milli atriða. Huga að því að sungin séu jólalög á milli.

2. Jólabball á skólasafni (Helgi í forsöng, Ólafur spilar undir). Mörgu leyti gott, sumir með fíflagang. En almennt mjög gott jólaball. Allt aðrir aðilar sem brugðust en þeir sem maður hefði reiknað með. Hefði þurft fleiri fullorðna til að leiða og taka þátt. Skipuleggja fyrirfram hver sér um hvern.

3. Bekkjarstund

Nemendur áttu stund með umsjónarkennara sínum. Kveikt á kertum, borðaðar smákökur, drukkið gos, hlustað á jólasögu ofl. Mjög notalegt. Skipuleggja þarf betur hvaða hópur er hvar á þessum tíma á heimasvæði. 3.-4. bekkur fór hluta af tímanum af svæðinu svo þau trufluðu ekki. Tímalengd of löng.

Notalegur og flottur hádegismatur starfsfólks var þann 20. desember. Salome, Soffía og Sigu undirbjuggu matinn. Mjög góður matur og flott. Þar sem margir starfsmenn voru að undirbúa hádegismat starfsmanna voru þeir ekki á jólaballinu. Nauðsynlegt að hafa einhvern lokapunkt. Sumir vilja hafa á kvöldin en aðrir alls ekki.

6. janúar - Þrettándinn

Ferð foreldrafélagsins á varðeld Vífils. Vegna veðurs féll þetta niður.

Öskudagur

Á öskudegi var hluta úr degi brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Að loknum frímínútum var skemmtun í hreyfirými og var stiginn og sýndur dans. Síðan röðuðu nemendur sér upp í limbó og gátu síðan slegið Köttinn úr “tunnunni” frammi í matsal. Var tunnan spónaplötukassi sem Sigú útbjó og kötturinn lítið tuskudýr sem nemandinn fékk til eignar.

Klukkan 13:30 opnaði draugahús á auða heimasvæðinu sem nokkrir nemendur 5.-6. bekkjar höfðu sett upp með aðstoða skólastjóra og umsjónarmanns. Á sama tíma opnuðu 6 “verslanir” í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið fékkst gefins hjá heildsala. Eftirfarandi verslanir höfðu opið: Skátabúðin, Íþróttabúðin, Hjá Soffíu frænku Spunameistarinn – tískuhús, Hafmeyjan – bókabúð og Mokka kaffi. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þessa nýbreytni í skólastarfi.

Eftirfarandi orðsending var send til fyrirtækja, stofnana og verslana í Garðabæ. *Skólastarf í flestum grunnskólum Garðabæjar verður með hefðbundnum hætti á öskudag fram til kl. 14. Þau fyrirtæki og verslanir sem hafa hugsað sér að gefa börnum góðgæti fyrir góðan flutning á skemmti- og söngatriðum eru vinsamlegast beðin um að bíða með það fram yfir kl. 14:15 á öskudag.*

Og undir þetta bréf skrifuðu allir skólastjórar grunnskóla í Garðabæ. Mörg fyrirtæki brugðust vel við þessari orðsendingu en flest allir nemendur Sjálundsskóla komu að tómun kofanum þegar að dagskrá í Sjálundsskóla lauk.

Listadagar

Listadagar í Garðabæ voru haldnir dagana 21. – 26. mars. Þema daganna var *ævintýri*. Nemendur Sjálundsskóla tóku virkan þátt í listadögum með fjölbreyttum verkefnum.

Tveimur vikum fyrir listadaga leiruðu allir nemendur og starfsmenn Sjálundsskóla hafmeyju. Hafmeyjurnar eru hluti af útilistaverkinu 100 hafmeyjar sem má finna í fjöruborðinu hér við skólann. Þemað litaði skólastarfið alla listavikuna. Sungnir voru söngvar úr ævintýrum í morgunsöng alla morgna og lögð var lokahönd á hafmeyjar. Allt skólastarf var svo helgað listadögum miðvikudaginn 22. mars og fimmtudaginn 23. mars. Fyrirkomulag daganna var þannig að í boði voru 9 stöðvar sem starfsmenn höfðu skipt sér niður á. Nemendur höfðu allir valið sér tvær stöðvar sem þá langaði til að prófa. Unnið var í aldursblönduðum hópum. Skóladeginum var skipt í tvær tveggja klukkustunda lotur og voru nemendur tvo klukkutíma á einni stöð og svo tvo tíma á næstu stöð. Fyrirkomulagið var eins báða dagana þannig að nemendur voru fjóra tíma á hvorri stöð. Í boði var að:

- Gera sokkabróðu, æfa og leika “sokkabróðu” ævintýraleikrit.
- Gera fjörulistaverk úr rekavið sem tengist íslenskum fjörurvættum.
- Semja og læra dansa úr ævintýrum.
- Búa til ævintýramat.
- Hlusta á og syngja ævintýratónlist og gefa hana út.
- Myndskreyta ævintýri.
- Búa til risahafmeyju.
- Semja ævintýri og myndskreyta í Kidpix.
- Búa til ævintýraspurningaleik.

Föstudaginn 24. mars var sýninga á afrakstri listadaganna. Opið hús var frá kl. 13-14:15 og voru allir velkomnir. Góð mæting var hjá foreldrum sem sýndu afrakstrinum mikinn áhuga.

Lokahátíð var á vegum bæjarins í Ásgarði sunnudaginn 26. mars. Ætlunin var að allir nemendur Sjálundsskóla tækju þátt í fjöldasöng á lokahátíðinni. Fáir nemendur mættu á hátíðina og afraksturinn eftir því.

Allt starf á listadögum sem átti sér stað innan veggja skólans var í alla staði mjög vel heppnað. Mikil ánægja var meðal nemenda sem helst kvörtuðu yfir að hafa ekki fengið að prófa fleiri stöðvar. Ekki var jafn mikil ánægja með lokahátíðina. Áttu þar þátt hlutir eins og dræm þátttaka nemenda og staðarval og uppsetning fyrir lokahátíð sem hentaði ekki sérlega vel fyrir lítil börn.

Íþróttadagur

Undirbúningsferlið var þannig að á nemendafundi voru krakkarnir spurðir hvað þeir vildu gera á íþróttadegi. Áður voru kennarar búnir að ákveða dag sem var daginn eftir Sumardaginn fyrsta. Næsta skref var að nemendur úr hverjum umsjónarhópi voru valdir í nemendaráð til að ákveða endanlega hvernig dagurinn ætti að vera.

Undir stjórn íþróttakennara hittist sá hópur og gerði drög að deginum. Nemendur fengu að velja á hvaða stöðvum þau voru. Hóparnir voru því aldursblandaðir. Íþróttakennarinn undirbjó svo daginn og kennarar röðuðu sér niður á stöðvarnar. Hérna eru þær stöðvar sem nemendur gátu valið um:

Í fyrstu og síðustu lotu völdu þau um eftirfarandi staði (völdu tvo staði).

1. Fótbolli - úti
2. Línuskautar - úti
3. Hjólatúr - úti
4. Brennó og kýló - úti
5. Ratleikur - úti
6. Stauraskógarleikurinn frá stæ-deginum, bandý í seinni lotunni
7. Borðtennis – inni

Í samliggjandi lotunum 2. – 3. lota var val um eitt af þremur.

1. Hjólatúr
2. Frjálsíþróttamót
 - Spjótkast
 - Þrístökk
 - Kúluvarp
 - 60m sprettur
 - boðhlaup
3. Knattspyrnumót

Nemendur fengu allir það sem þá langaði að gera. Hjólahópnum var skipt í tvo hópa, annars vegar 1.-4. bekkur og hins vegar 5.-6. bekkur. Yngri hópurinn ætlaði að hjóla að Garðakirkju en vegna veðurs var hjólað um Garðabæ í staðinn. Eldri hópurinn hjólaði að Bessastöðum og tók strætó heim þar sem það var svo mikill veðurofsi. Frjálsíþróttamótið var tvískipt, inni var langstökk og þrístökk en úti voru hlaupa-, og kastgreinarnar. Nemendum var skipt í 6 lið og voru 5-6 nemendur í hverju liði. Veðrið var ekkert sérstakt en nemendur voru ekki að kvarta undan því. Helstu úrslit voru skráð og það var bæði hópakeppni sem og einstaklingskeppni. Annars var ekki mikil keppnisharka í gangi heldur var frekar mikil og góð samvinna milli nemenda í stað samkeppni. Knattspyrnumótið var haldið á battavellinum og voru 3 lið sem kepptu sín á milli. Það komu upp smá leiðindi þar þar sem liðin voru ekki jöfn getulega séð en það blessaðist allt saman. Næsta morgun hefði mátt tilkynna úrslit og klappa fyrir öllum dugnaðarforkunum sem eru í skólanum en það var gert nokkrum dögum seinna og fannst mér það missa mark sitt einhvern veginn.

Við hættum við fyrstu lotuna vegna veðurs og voru nemendur ekki ánægðir með það að fara að læra fyrstu lotuna. Næst verðum við að vera með varaáætlun ef veðrið verður leiðinlegt. Það verður sem sagt að vera með inniáætlun í bakhöndinni. Kennarar hefðu mátt vera búnir að undirbúa sig betur t.d. skipta í lið, hugsa um hvar þeir ætla að hafa leikina og læra þá leiki sem átti að fara í. Það vantaði samræmi á milli kennara. Mér fannst stundum eins og ég ætti bara að sjá um þetta og segja hinum fyrir verkum. Það var ekki þannig í jóla- eða listavíkunum þannig að þetta kom mér á óvart. Það var ekkert mál að útskýra og leiðbeina en skrítið að ekkert var gert annað en það sem ég gerði. Ég sendi tölvupóst til að útskýra leikina. Kannski væri betra næsta ár að hafa bara óvenjulega leika þar sem fleiri kennarar koma að skipulaginu. Nemendur voru ánægðir með daginn. Á heimapingi var nemendum

leyft að segja sína skoðun á því hvernig þeim fannst íþróttadagurinn takast og voru nemendur almennt ánægðir með allt nema veðrið!

Útilegan og vorhátíðin

1.-2. júní var innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólastjóri og Ólöf Sigurðardóttir. Allir kennarar skólans og umsjónarmaður tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið kom að skipulagningu dagsins. Fyrirhugað hafði verið að fara með nemendurnar í tjaldútilegu í sumarbyrjun. Veðurguðirnir voru okkur ekki hliðhollir og breyttist því skipulagið á þann hátt að farið var í svokallaða innilegu. Dagskráin var eftirfarandi:

Fimmtudagur 1. júní

- 8:25 Nemendur koma með farangur í skólann, morgunsöngur
Farið frá Sjálandsskóla í rútu upp í Kaldársel og gengið á Helgafell og farið í Valaból.
Komið til baka í skólann, síðdegishressing
Óvenjuleikar (óhefðbundnar íþróttir)
Frjáls tími
- 19:00 Kvöldverður – Foreldrafélagið sér um að grilla ofan í börnin
Knattspyrnuleikur starfsmanna og nemenda (HM-upphitun)
Kvöldvaka
- 22:00 -23:30 kyrrð (nem. skipt á svæði eftir aldri)

Föstudagur 2. júní

- 8:00 Ræs, morgunverk – Foreldrafélagið sér um sameiginlegan morgunmat
1.-4.bekkur sundferð
5.-6. óvissuferð (klifur og frísbíggj) Húdegismatur
- 13:00 Frágangur allt til loka skóladags.

Umsjónarkennarar ásamt skólastjóra gistu ásamt nemendum í skólanum. Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt. Foreldrafélagið sá alfarið um matartilbúning þennan sólahring og var þar vel að verki staðið. Eitt foreldri gisti ásamt okkur í skólanum. Innilegan gekk vel og var skemmtileg tilbreyting í skólastarfinu. Margir nemendur sigruðust á heimþrá og öryggisleysi. Það gafst mjög vel að leyfa nemendum að velja um milli gönguleiða í gönguferðinni í nágrenni Kaldársels. Mikilvægt að tryggja góða mönnun og huga að skýrari vaktaskiptum milli starfsfólks. Mælt er með því að innilega verði endurtekin að ári þar sem að hún er í raun auðveldari í framkvæmd en tjaldútilega.

Kaldsjávarbúr - fjaran

Sett var upp 2000 lítra kaldsjávarbúr í anddyri skólans með aðstoð frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og styrk frá Marell. Sjó og lífverur fengum við úr FHG. Umsjónarmaður skólans fór tvisvar til þrisvar í viku niður í fjöru í frímínútum með þá nemendur sem það vildu, fræddi þau um lífríkið og stjórnaði veiðum. Aflinn fór alla jafna upp í búrið, mest marflær, sprettfiskar, skeljar og krabbar en einnig silungar. Skipti þessi þáttur skólastarfsins marga nemendur afar miklu máli. Einnig var fjaran nýtt af tómstundaheimili (fjörubál) og kennurum og tvisvar var farið með 5.-6. bekk í sjóferð á kanó. Var fjaran og lífríki hennar því snar þáttur í skólastarfinu.

15. Ytri tengsl

Gestir

Fjölmarginir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. M.a.:

Starfsfólk Flataskóla

Starfsfólk Garðaskóla

Starfsfólk Hofsstaðaskóla

Starfsfólk Bæjarskrifstofu Garðabæjar

Bæjarstjórn Garðabæjar

Þingmenn Samfylkingarinnar í kjördæminu

Nemendur KHÍ

Nemendur í framhaldsnámi í stjórnun í HÍ

Nemendur í framhaldsnámi í HR

Nemendur í Listaháskólanum

Nemendur í kennslufræðum frá HA

Skólastjórar í hverfi 2 í Reykjavík

Skólanefnd Akureyrar

Skólanefnd Mosfellsbæjar

Starfsmenn Hlíðaskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Álftamýrarskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Grunnskóla Eskifjarðar

Starfsmenn úr Salaskóla í Kópavogi

Starfsmenn úr Grunnskóla Neskaupsstaðar

Starfsmenn úr Hamraskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Hvassaleitisskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Laugarnesskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Grunnskóla Grindavíkur

Starfsmenn úr Grundaskóla á Akranesi

Starfsmenn úr Vogaskóla í Reykjavík

Starfsmenn úr Norðlingaskóla í Reykjavík

Fjölmarginir kennarar, foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans.

Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök

Sjáländsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Skólastjóri sat um tíma í stjórn NKG fyrir hönd Sjáländsskóla.
- Skólastjóri og kennari 1./2. bekkjar átti í samstarfi við leikskóla í bænum vegna leikskólabarna sem hefja störf í skólanum næsta haust.
- Skólastjóri tók þátt í starfi vinnuhóps sem vann að þróun skólastefnu Garðabæjar.
- Listgreinakennari vann með upplýsingafulltrúa Garðabæjar að undirbúningi listadaga í Garðabæ.
- Umsjónarkennari 1./2. bekkjar tók þátt í starfi vinnuhóps sem vann að lestrarstefnu Garðabæjar.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjóri átti reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sat fundi grunnskólafulltrúa.

Sjálundsskóli hélt helgistund í Garðakirkju í samstarfi við sóknarprest og tómsundaheimilið fór í heimsókn í safnaðarheimilið í vetrarleyfi. Þá tók skólastjóri þátt í störfum æskulýðsnefndar kirkjunnar.

Nemendur í tónlistarskóla Garðabæjar héldu tónleika í Sjálundsskóla á listadögum.

Nemendur skólans lásu ljóð fyrir gesti og gangandi á degi íslenskrar tungu, m.a. á Garðatorgi, í sundlauginni í Ásgarði og Leikskólanum Ásum.

Nemendur skólans gerðu verð og vörukönnun í Hagkaup í heimilisviku. Einnig fóru nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.

Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólastarfsins.

Skólastjóri átti í margháttuðum samskipum við embættismenn og kjörna fulltrúa í bæjarstjórn vegna undirbúnings siglinga í Sjálundsskóla.

Þá átti skólastjóri og umsjónarmaður mikil samskipti við Fasteign vegna skólabyggingarinnar. Varð þetta samstarf til þess að Sjálundsskóli náði betur að starfa að markmiðum sínum og stuðlaði að auknum gæðum skólastarfs.

Skólastjóri, umsjónarmaður og kennari 1. bekkjar áttu mikil samskipti við leikskólann Sjálund sem var allt skólaárið hjá okkur í húsinu. Byggðist þar upp traust samband sem mun halda áfram eftir að leikskólinn flytur í eigið húsnaði.

Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir

Skólinn sótti um undanþágu frá viðmiðunarstundaskrár vegna hliðrunar á stundatöflu. Fékkst samþykki fyrir því. Fulltrúar ráðuneytis komu í heimsókn og kynntu sér starfs skólans. Þá fékk skólinn þróunarstyrk vegna verkefnisins Skólaþing (sjá fylgiskjal III) einnig fékk skólinn styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Tengsl við stéttar- og fagfélög starfsfólks

Til stóð að gera samkomulag við kennara Sjálundsskóla með hliðsjón af bókun 5. í kjarasamningi FG og LN. FG hafnaði þessu samkomulagi án frekari umræðu. Leitað var til samstarfnefndar vegna matarmála starfsmanna Sjálundsskóla. Skólastjóri leitaði í nokkur skipti eftir upplýsingum til stéttarféлага starfsfólks vegna ákvæða í kjarasamningi bæði símleiðis og í tölvupósti. Lögð var áhersla á að trúnaðarmenn gætu sinnt upplýsingaskyldu sinni til félagsmanna og einnig fengu þeir allar upplýsingar um málefni einstakra starfsmanna ef svo bar undir. Lítil samskipti voru við fagfélög starfsfólks, þó sóttu nokkrir kennarar námstefnu Flatar, samtaka stærðfræðikennara. All nokkrir kennarar gerðust stofnfélagar í Samtökum áhugafólks um skólaþróun og er mikli von bundin við aðild að þessum samtökum.

Erlend tengsl

Skólinn átti í takmörkuðum tengslum við erlenda aðila, þó fór skólastjóri í ferð til Bandaríkjanna og kynnti sér "opna" skóla í Minneapolis og í Danmörku, m.a. Hellerup. Erlendir gestir sóttu skólann og voru þær heimsóknir í samráði við Fasteign.

16. Samtantekt og mat á árangri skólastarfsins

Fyrsta starfsárið í Sjálandsskóla var farsælt. Skólinn náði tilætluðum árangri í starfi sínu og vel það. Stigin voru mörg skref í þróun skólastarfs á árinu, ber þar helst að nefna:

1. Byggja upp skóla sem lætur sér annt um líðan nemenda og árangursríkt skólastarf í anda markmiðsgreinar grunnskólalaga.
2. Byggja upp traust samstarf heimilis og skóla.
3. Leggja upp úr fjölbreyttum kennsluháttum til þess að stuðla að aukinni einstaklingsmiðun í skólastarfi.
4. Byggja skólastarfið á samþættingu námsgreina í þeim í anda hugsmíðahyggju.
5. Nýta sveigjanleika húsnæðis til þess að stuðla að aukinni einstaklingsmiðun í skólastarfi.
6. Leggja áherslu á útikennslu, náttúruskoðun og vettvangsnám.
7. Byggja upp samstæðan, virkan, samstarfsfúsan, jákvæðan og kappasaman starfshóp.
8. Gera skólann að virku afli í þróun skólastarfs í Garðabæ.

Markmið fyrir næsta skólaár

Á næsta skólaári er að því stefnt að:

1. Þróa enn frekar einstaklingsmiðun þ.m.t. einstaklingsáætlanir, einstaklingsverkefni, heimavinnu og hópstarf.
2. Styrkja námsmat í einstaklingsmiðuðu námi og auka árangur nemenda
3. Auka enn frekar vægi list- og verkgreina með kennslu í smíðum.
4. Hefja kennslu í ensku strax frá 1. bekk í samstarfi við Alþjóðaskólann
5. Auka enn frekar útikennslu
6. Hefja kennslu í notkun kajaka
7. Efla upplýsingastreymi til foreldra
8. Skerpa umhverfisstefnu skólans og festa sorpflokkun í sessi
9. Starfsfólk kynnist framkvæmd einstaklingsmiðaðs skólastarfs í skólum héraendis og erlendis.
10. Vinna markvisst að framgangi skólastefnu Garðabæjar

Fylgiskjöl


Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal

Nafn skóla: **Sjálandsskóli**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 M	Friðdagur verslunarmanna	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S Nýársdagur	1 M	1 M Öskudagur	1 L	1 M Verkalýðsdagurinn	1 F
2 Þ		2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F
3 M	Skipulagsdagur	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L
4 F	Skipulagsdagur	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Hvítasunnudagur
5 F	Skipulagsdagur	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M Annar í hvítasunnu
6 L		6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ Skipulagsdagur
7 S		7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M Skólaslit
8 M	Skipulagsdagur	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F Skipulagsdagur
9 Þ	Skipulagsdagur	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Pálmásunnudagur	9 Þ	9 F Skipulagsdagur
10 M	Skipulagsdagur	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L
11 F	Skipulagsdagur	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S
12 F	Skipulagsdagur	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M Skipulagsdagur
13 L		13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F Skírdagur	13 L	13 Þ Skipulagsdagur
14 S		14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F Föstudagurinn langi	14 S	14 M
15 M	Skipulagsdagur	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 Þ	Skipulagsdagur	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S Páskadagur	16 Þ	16 F
17 M	Skipulagsdagur	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M Annar í páskum	17 M	17 L
18 F	Skipulagsdagur	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S
19 F	Skipulagsdagur	19 M	19 M	19 L	19 M Stofujól	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M	19 F	19 M
20 L		20 Þ	20 F Samræmt próf	20 S	20 Þ Jólaskemmtun	20 F Bóndadagur	20 M Skipulagsdagur	20 M	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ
21 S		21 M	21 F Samræmt próf	21 M	21 M	21 L	21 Þ Skipulagsdagur	21 Þ	21 F	21 S	21 M
22 M	Skipulagsdagur	22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Vetrarleyfi	22 M	22 L	22 M	22 F
23 Þ	Skólasetning	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F Vetrarleyfi	23 F	23 S	23 Þ	23 F
24 M		24 L	24 M Skipulagsdagur	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F Vetrarleyfi	24 F	24 M	24 M	24 L
25 F		25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladaurur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Uppstigningardagur	25 S
26 F		26 M	26 M	26 L	26 M Annar í jolum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M
27 L		27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M Bolludagur	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 S		28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ Sprengidagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M
29 M		29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M	29 F
30 Þ		30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ	30 F
31 M			31 M		31 L Gamlársdagur	31 Þ		31 F		31 M	

Skipurít Sjáländsskóla skólaárið 2005 - 2006



Fylgiskjal III - Skólaþing í Sjálandsskóla Lokaskýrsla

Verkefni í hnotskurn

Skólar er starfsvettvangur stórra hópa nemenda og starfsmanna. Mikilvægt er allir sem í skólanum starfa komi fram að virðingu gangvart sjálfum sér og öðrum og þeir tileinki sér og læri tjáskiptaaðferðir þar sem þeir geta komið skoðunum sínum á framfæri í fjölmenni á uppbyggilegan hátt. Skólaþing er tvíþættur vettvangur þar sem annars vegar hittast lýðræðislega kjörnir fulltrúar umsjónarhópa, allir nemendur og starfsmenn sem starfa saman á svokölluðu heimasvæði (60-80 nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn).

Markmið verkefnisins skólaþing er að:

- Þjálfra og þroska lýðræðislega umræðu og þátttöku nemenda í stjórnun skóla
- Efla samskiptahæfni nemenda
- Auka samkennd og styrkja skólamenninguna
- Stuðla að skilningi nemenda á leikreglum lýðræðis, samfélagslegri ábyrgð og margbreytileika mannlífsins.

Um Sjálandsskóla

Sjálandsskóli er nýr skóli í Garðabæ. Nemendur skólans voru á fyrsta ári í 1.-6. árgangi. Í hönnun og byggingu skólans var lögð á að húsnæðið yrði sveigjanlegt. Þannig er húsnæðinu skipt upp í svokölluð heimasvæði og störfuðu allir 83 nemendur skólans saman á einu heimasvæði ásamt kennurum og öðru starfsfólki fyrsta starfsárið. Nemendur skólans koma allir úr öðrum skólum og því mikilvægt að skapa með markvissum hætti jákvæða og uppbyggilega skólamenningu þar sem nemendur koma á framfæri því “besta” sem þeir hafa reynt í skólastarfi.

Undirbúningur

Verkefnisstjóri var Helgi Grímsson skólastjóri. Hugmyndin um skólaþing var kynnt á þrem fundum kennara og starfsmanna á undirbúnings- og skipulagsdögum í maí og ágúst 2005. Einar Guðmundsson geðlæknir og fjallaði sérstaklega um heimaþing á kennarafundi í september. Þá var fjallað um reynsluna af heimaþingi á kennarafundi í desember og ákveðið að breyta fyrirkomulagi heimaþinga á vorönn.

Stuðningur

Verkefnið er að byggt á samstarfi við teymi sérfræðinga í hópstjórnun (group analyzer). Þeir eru: Einar Guðmundsson, geðlæknir, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, barnageðlæknir, og Helgi Garðar Garðarsson, geðlæknir. Tóku þessir ráðgjafar þátt í fyrstu heimaþingunum og leiðbeindu starfsmönnum um framkvæmd þeirra

Þá kom Jóhanna Karlsdóttir, lektor við Kennararháskóla Íslands að verkefninu vegna ráðgjafar sinnar við skólann á fyrsta starfsári hans. Þá var námskeið

fyrir starfsfólk með yfirskriftinni: Lýðræðisleg vinnubrögð og hópefli í gegnum leik.

Skólaláing: Fulltrúaláing

Á fulltrúaláing koma saman lýðræðislega kjörnir fulltrúar umsjónarhópa. Hlutverk fulltrúa er að koma á framfæri þeirri umræðu sem fram hafa komið í umsjónarhópunum, þ.e. umræðuefni þurfa að hafa hlotið lýðræðislega umræðu og afgreiðslu í umsjónarhópi áður en þau eru kynnt á fulltrúaláingi. Þá er hlutverk fulltrúa að taka þátt í afgreiðslu mála sem leggja fyrir fulltrúaláingi. Á fulltrúaláingi er fjallað um atriði er varða félags-, velferðar- og hagsmunamál nemenda, s.s. skólamáltíðir, aðbúnað í skóla og skólalóð, vettvangsferðir, námsframboð, skóladagatal og skólareglur.

Haldin voru þrjú fulltrúaláing á haustönn. Að undangenginni umræðu í umsjónarhópum voru valdir tveir fulltrúar af hverju aldurstigi sem kynntu niðurstöður umsjónarhópa og settu saman sameiginlega tillögu ásamt skólastjóra. Á fyrsta láinginu voru samdar skólareglur, á öðru láingi fjallað um nafn á listaverki sem nemendur kusu um og mótuðu reglur um notkun á fótboltavöllum. Á þriðja láingi var fjallað viðfangsefni nemenda í frímínútum en sá háttur er hafður á að nemendur hafa val um hvort þeir eru inni eða úti í hádegisfrímínútum. Haldið var tvö fulltrúaláing á vorönn. Á fyrra láinginu var fjallað um skipulag listadaga í Sjálandsskóla en á því síðara var fjallað um skipulag íþróttadags. (sjá nánar um fulltrúaláing á heimasíðu skólans: www.sjalandsskoli.is)

Framhald fulltrúaláings

Framkvæmd fulltrúaláinga gekk vel. Nemendur voru stoltir af þátttöku sinni og gengu vasklega fram. Skipti þá ekki máli á hvaða aldri nemendur voru. Afar mikilvægt er að fulltrúar séu vel undirbúnir og fái góða leiðsögn frá umsjónarkennara þannig að þeir geti greint frá niðurstöðu umræðu í sínum hópi á skilmerkilegan hátt. Mikilvægt að fulltrúar fái formlegar umboð til ákvörðunar á fundi fulltrúaláings. Haldið verður áfram með framkvæmd fulltrúaláings á næsta skólaári.

Til stóð að leita samráðs við upplýsingafulltrúa Garðabæjar sem er að þróa vefumhverfi fyrir íbúa Garðabæjar, - minn Garðabær en ekki náðist það á þessu skólaári en stefnt er að því á því næsta.

Skólaláing: Heimaláing

Skólaláing er einnig heimaláing sem er samkoma allra þeirra sem starfa saman á heimasvæði. Þegar heimasvæði kemur saman er aðal áhersla á samskipti, vinnulag og líðan þeirra sem vinna saman á heimasvæði.

Haldin voru 5 heimaláing í nóvember með viku millibili og sátu það allir nemendur og starfsmenn Sjálandsskóla og ráðgjafar okkar þau: Einar, Guðrún og Helgi. Uppsetning var þannig að allur hópurinn sat saman í þreföldum hring á jafnréttisgrunni. Umræðuefni var t.d. hvernig er að byrja í nýjum skóla, hvernig eignast maður vini, hvað gerum við til þess að láta öðrum líða vel. Hvað er það sem lætur okkur líða illa í skóla. Ákveðið ferli var greinilegt milli

Þessara vikna þar sem umræðan varð sífellt dýpri og hreinskilnari. Þ.e. frá skeytasendingum og stikkaorðastíl yfir í samræður og rökstudda framsögn.

Ákveðin þróun var í stjórnun þingsins en lykilatriði eru:

- Nemendur og starfsmenn sitji í hring þannig að allir sjái alla og allir heyri í öllum.
- Nemendur þekki og skilji umræðuefnið.
- Þinginu sé stýrt.
- Þingið sé ekki lengra en 30 mínútur í senn.

Á vorönn voru haldin þrjú heimaping og kom ráðgjafi á tvo seinustu þingin. Ákveðið var að hafa umræðuefnið á vorönn um tiltekna viðburði í skólastarfinu (mat nemenda á liðnum viðburði og hugmyndir um verðandi viðburði):

Marsfundur: Endurmat öskudags,

Aprílfundur: Endurmat listadaga, hugmyndir varðandi íþróttadag

Maífundur: Endurmat íþróttadags, Hugmyndir um tjaldferð, væntingar til skólastarfs í maí. (sjá nánar heimasíðu skólans: www.sjalandsskoli.is)

Framhald heimapinga

Heimaping eru komin til að vera í Sjálandsskóla. Auðvitað féll ekki öllum nemendum þessi þáttur í skólastarfinu (“þessir fundir eru algjört kjaftæði”) og áttu mis auðvelt með að höndla þessar aðstæður (þegja, hlusta, sitja kyrr og tala við stóran hóp með þátttakendum á ólíkum aldri um tilfinningar sínar eða tiltekið málefni af virðingu og tillitssemi). En þegar upp var staðið skilaði þetta þeirri tilfinningu til nemenda að leitað væri eftir skoðunum þeirra, skoðun þeirra skipti máli og þau gætu sett fram hugmyndir sína, skoðanir og tilfinningar í fullvissu þess að ekki væri gert lítið úr þeim.

Á næsta skólaári verða nemendur á tveim heimasvæðum: 1.-4. bekkur saman á svæði og 5.-7. bekkur saman á svæði. Ætlunin er að þessi svæði fundi mánaðarlega yfir veturinn en þéttar í upphafi skólaárs þar sem megináhersla verður á samskipti og líðan.

Skólaþing - Vorþing

Til stóð að halda svokallað vorþing samhliða sveitarstjórnakosningum.

Ætlunin var að nemendur skólans munu kynna sér stefnumið stjórn málaflokka, t.d. með eigin kynningum og hafa síðan formlegar kosningar í skólanum.

Á fundi kennara í ágúst 2005 var ákveðið að leggja megináherslu á tvo megin þætti verkefnisins á þessu skólári þ.e. fulltrúaþing og heimaping en fara ekki í vorþing á að svo komnu máli þar sem að erfitt gæti verið um vik að sannfæra foreldra um ágæti þess að láta börnin kynna sér bæjarpólítíkina á fyrsta starfsári.

Mat á verkefninu

Framvinda verkefnisins var metin á starfsmannafundi í desember og í maí. Þá átti skólastjóri nokkra fundi með ráðgjöfum þar sem farið var yfir ferlið og

verklagsreglur fullmótaðar. Verkefnið kynnt og síðar metið á fundi með foreldraráði. Þá var verkefnið metið á fundum umsjónarkennara með nemendum sínum.

Er það samdóma álit allra sem hafa fjallað um málið að vel hafi til tekist og markmið verkefnisins náðst. Mikilvægt sé að halda verkefninu áfram og gera það að föstum þætti í starfi Sjálundsskóla. Þó sé mikilvægt að tryggja að verklagsreglur þjóni bæði nemendum og skólanum í heild sinni.

Skólalþing gæti verið leiðarljós fyrir aðra skóla í lýðræðislegri vinnu með nemendum. Heimalþing er góð leið til þess að vinna með samskipti og líðan og gæti gagnast vel í vinnu innan árganga eða með tveim árgöngum þar sem ágreiningur og ósætti ríkir. Vinnubrögð og aðferðafræði gæti því hjálpað skólum til þess að byggja upp jákvæðari skólamenningu.

Fulltrúalþing er kjörin leið til þess að vinna með grunnskólanemendum samkvæmt þeim anda sem grunnskólalög kveða á um. Nemendaráð hafa um of fests í félagsmálum nemenda og mjög mikilvægt að þau fari í ríkara mæli að horfa til fleiri þátta í skólastarfi. Fulltrúalþing er leið til þess.

Vorþing er spennandi liður í þeirri viðleitni að opna skólann fyrir samfélagslegum hræringum og láta nemendur taka afstöðu til málefna í samfélaginu þó svo að við í Sjálundsskóla höfum metið aðstæður þannig að það væri tímabært.

Fjárhagsáætlun stóðst að mestu.

Sjálundsskóla, 15. júní 2006

Helgi Grímsson

Allar ferðir byrja á einu skrefi



Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjáländsskóla 2005

Inngangur

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjálandshverfis við Arnarnesvoginn og rennur Hraunsholtslækurinn undir skólann. Á fyrsta starfsári voru nemendur í 1.- 6. árgangi og var fjöldi þeirra á fyrsta starfsári á bilinu 78-82 (nokkrir nemendur bættust í hópinn þegar leið á skólaárið). Garðabæ er ekki skipt í eiginleg skólahverfi og hafa foreldrar því val um í hvaða grunnskóla nemendur stunda nám. Flestir nemendur skólans voru áður í Flataskóla í Garðabæ og flestir þeirra eru búsettir í Ásahverfi.

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólustarf og samvinnu nemenda.

Í leiðarljósi Sjálandsskóla segir: „Í Sjálandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttaðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólustarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: Að vilja og virða.“

Í starfinu hefur því í fjölmörgum atriðum verið vikið frá því sem einkennir hefðbundinn grunnskóla. Meiri áhersla er á einstaklingsmiðað nám, hópastarf, samþættingu námsgreina, sjálfstæða vinnu nemenda og samkenndu árganga. Daglegar venjur eru einnig að mörgu leyti ólíkar því sem gengur og gerist í skólum t.d. hafa nemendur val um hvort þeir eru inni eða úti í hádegisfrímínútum, morgunsöngur og umsjónarfundir er á hverjum degi. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki vinnudegi sínum að mestu í skólanum og því er heimavinna í minna mæli en gengur og gerist.

Í nútíma samfélagi er þess vænst að skólinn starfi í nánnum tengslum við foreldra og það er lykill að farsælu skólustarfi að samhugur sé meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Því þótti mikilvægt þegar að Sjálandsskóli hafði verið starfræktur í þrjá mánuði að kanna hug foreldra til skólustarfsins.

Aðferð

Skólastjóri setti saman spurningalista og hafði hann foreldrakannanir Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (vor 2004, IMG Gallup) til hliðsjónar við val á

spurningum og svarmöguleikum. Spurningalistinn var lesinn yfir af grunnskólafulltrúa Garðabæjar og skólaráði Sjáländsskóla en í því eiga sæti: foreldraráð, kennararáð og fulltrúar starfsmanna.

Könnunin var send út í töskupósti til allra foreldra sem áttu nemendur í skólanum í lok nóvember 2005 en þá voru nemendur 79. Könnunin var kynnt í fréttabréfi skólans og í tölvupósti. Foreldrar áttu að skila svörum sínum í lokuðu umslagi til umsjónarkennara á tilskyldum tíma og var ítrekun send út til foreldra þegar frestur var útrunninn til þess að auka heimtur. 72 svör bárust og var svarhlutfall því 91%. Niðurstöður ættu því að gefa harla góða mynd af viðhorfi foreldra til þeirra þátta sem spurt var um í könnuninni. Svarhlutfall skiptist á eftirfarandi hátt eftir bekkjum:

Tafla 1. Svarhlutfall skipt eftir bekkjum

Bekkur	Hlutfall
1. - 2. bekkur	93,3%
3. - 4. bekkur	92,9%
5. - 6. bekkur	88,9%


Algengast var að mæður svöruðu könnuninni (54%), feður svöruðu í 17% tilvika og báðir foreldrar í 29% tilvika.

Ritari skólans setti svör inn í SPSS tölfraeðiforritið en skólastjóri svör við opnum spurningum, sá um tölfraeðilega úrvinnslu í SPSS og Exel og tók saman niðurstöður.

Í könnuninni svöruðu foreldrar m.a. hver væri umsjónarkennari barnsins. Í þessari skýrslu eru aðeins birtar niðurstöður miðað við heildarsvörun þar sem aðeins einn umsjónarkennari er í 1.-2. bekk en tveir í 3.-4. bekk og 5.-6. bekk. Ef umsjónarkennarar fara fram á það geta þeir fengið svör foreldra í eigin umsjónarhópi.

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig og reikna út meðaltalsniðurstöðu allra svara sem gefin voru á fimm bila kvarða. Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur), alltaf vel, 2 stig. Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 1 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 0 stig. Svarið frekar ósammála, frekaró ánægð(ur) eða oftast illa, fékk -1 stig. Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa -2 stig. Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara (0-9) eða svöruðu ekki (0-4).

1,5 til 2,0
1,0 til 1,5
0,5 til 1,0
0,0 til 0,5
-0,5 til 0,0
-1,0 til -0,5
-1,5 til -1,0
-2,0 til -1,5




Hæsta mögulega niðurstaða meðaltals í hverri spurningu gat því verið 2 stig og lægsta mögulega útkoma -2 stig. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var á milli 1,5 og 2,0 var notaður dökk grænn litur, ef meðaltalið var á milli 1,0 og 1,5 var notaður ljósgrænn litur. Ef meðaltalið var á milli 0,5 og 1 er notaður gulur litur. Til stóð að nota appelsínugulan lit ef meðaltalið væri á milli 0,0 og 0,5 og rauðan rauðan lit ef

meðaltalið væri fyrir neðan 0 en til þess kom ekki þar sem að öll meðaltöl voru hærri en 0,5.

Niðurstöður

Mikill meirihluti foreldra telur sig geta mælt mjög vel eða frekar vel með skólanum til annarra foreldra eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1.










Menntastefna

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um ýmsa þætti sem kalla mætti menntastefnu skólans s.s. hversu vel Sjáländsskóli nái í starfi sínu að vinna að meginmarkmiðum grunnskólastarfs þ.e. “að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun”. Einnig voru foreldrar spurðir um hversu vel eða illa einkunnarorð skólans birtist í daglegu starfi. Þá var spurt um hversu vel sé tekið tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur við upphaf náms. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að vinna að samvinnuverkefnum sem skilað er í áþreifanlegri afurð og að nemendur vinni verkefni sem tengjast menningu og samfélagi skólans (Garðabæjar og umhverfi hans) og voru foreldrar spurðir um hversu vel þessar áherslur birtist í daglegu skólastarfi.

Almennt má segja að foreldrar sjái menntastefnu skólans birtast í daglegu skólastarfi eins og sjá má í töflu 2. Foreldrar eru almennt sammála þeirri hugmynd að þátttaka í heimilisstörfum sé hluti af heimavinnu nemenda og telja að börnin séu oftast að fást við verkefni við hæfi og tekið sé tillit til forþekkingar þeirra við skipulag náms.













Tafla 2. Menntastefna skólans

Spurning	Meðaltal	
Vinna skólans í anda markmiða grunnskólalaga	1,53	
Sýnileiki einkunnarorða skólans í daglegu skólastarfi (vilja - virða)	1,50	
Heimilisstörf séu hluti af heimavinnu nemenda	1,50	
Hvernig tekst til um samvinnuverkefni með sjáanlegri afurð	1,49	
Hvernig tekst til að tengja skólann menningu og samfélagi	1,49	
Hversu vel er tekið tillit til forþekkingar nemenda við upphaf náms	1,11	
Hversu vel tekst til að láta nemandann fást við verkefni við hæfi	1,10	

Viðmót og líðan

Foreldrar gefa viðmóti starfsmanna mjög góða einkunn og líðan nemenda er almennt góð í skólanum (sjá töflu 3). Þó álíta 8% foreldra að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum.










Tafla 3. Viðmót starfsmanna og líðan nemenda

Spurning	Meðaltal	
Viðmót starfsmanna við foreldri	1,76	
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	1,75	
Viðmót starfsmanna við barn	1,71	
Viðmót umsjónarkennara við barn	1,69	
Gæði almennrar umönnunar í skóla	1,63	
Að ná sambandi við umsjónarkennara	1,62	
Stjórnun skólans	1,58	
Líðan barns á leið til og frá skóla	1,44	
Líðan barns í matmálstíma	1,39	
Eftirlit umsjónarkennara með frammistöðu nemenda	1,34	
Líðan barns í skóla	1,32	
Líðan barns í útivist og frímínútum	1,24	

Upplýsingagjöf

Foreldrar eru almennt sammála því að upplýsingagjöf fari í ríkara mæli inn á netið og eru þökkalega ánægðir með upplýsingar heimasíðu skólans. Öllu lægri einkunn fær upplýsingastreymi frá kennurum, þá sérstaklega upplýsingar um námslega stöðu barnanna.

Tafla 4. Upplýsingastreymi

Spurning	Meðaltal	
Upplýsingar um viðburði í skóla	1,22	
Upplýsingar á heimasíðu	1,19	
Sammála því að upplýsingagjöf fari í ríkara mæli á netið	1,11	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	1,01	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	0,97	
Upplýsingastreymi um félagslega stöðu	0,86	
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	0,72	
Upplýsingastreymi um námsáætlanir	0,67	
Upplýsingastreymi um námslega stöðu	0,57	

Kröfur til nemenda og agi


Flestir foreldrar telja að námslegar kröfur í skólanum séu hæfilegar (62,5%) en talsvert stór hópur telur að námskröfur séu of litlar (21%) eða telja sig ekki hafa forsendur til að svara (16,5%). Foreldrar virðast vera mjög sáttir við þær félagslegu kröfur sem gerðar eru í skólanum. Þannig segja 93% foreldra að félagslegar kröfur séu hæfilegar.

Að sama skapi virðast foreldrar nokkuð sáttir við agann í skólanum og telja 86% hann hæfilegan þó svo að nokkrir (6 %) telji hann of lítinn eða hafi ekki forsendur til að svara (8%).

Heimavinna

Í starfi Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur nýti skólann sem vinnustað sinn og að heimavinna sé fyrst og fremst lestur. Flestir foreldrar álíta að heimavinna nemenda sé hæfileg. Stór hópur foreldra telur hins vegar að heimavinna nemenda sé of lítil eins og sjá má á mynd 3.


Mynd 3.



Frímínútur

Sú stefna var tekin í upphafi skólaárs að nemendur hefðu val um það hvort þeir væru inni í skólanum eða úti á skólalóðinni í hádegisfrímínútum. Samkvæmt könnuninni eru foreldrar mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag eins og sjá má á mynd 4.

Mynd 4.



Greiðslur vegna vettvangsferða

Í grunnskólum Garðabæjar þekkist að heimilin standi að hluta strauð af kostnaði sem til fellur vegna þátttöku í ferðum á vegum skólans. Foreldrar voru spurðir um hvað þeir væru tilbúnir til þess að greiða á ári fyrir fyrir þátttöku barnsins í vettvangsferðum á vegum Sjáländsskóla svo að hægt væri að fjölga þeim og auka fjölbreytni. Flestir foreldrar eru tilbúnir að greiða á milli 2000-4000 kr. á ári vegna kostnaðar við vettvangsferðir eins og sjá má á töflu 5.


Tafla 5. Greiðslur vegna vettvangsferða

Upphæð	Fjöldi	Hlutfall
Ekki tilbúinn að greiða fyrir vettvangsferðir	3	4,17%
0-1000 kr.	8	11,11%
0-2000 kr.	12	16,67%
0-3000 kr.	13	18,06%
0-4000 kr.	30	41,67%
Annað	4	5,56%
Svara ekki	2	2,78%

Skóladagur og skólaár

Mikill meirihluti foreldra álitur að fjöldi skóladaga á ári sé hæfilegur eða 76%. Þó álíta nokkrir foreldrar að skóladagar séu of margir eða of fáir (sjá mynd 5).

Mynd 5.



Í Sjálandsskóla er skóladagur allra nemenda frá kl. 8:25 – 14:15. Skólahúsið opnar kl. 7:30 og að loknum skóladegi er starfrækt tómstundaheimili til kl. 17. Mikil sátt er meðal foreldra um lengd skóladagsins þar sem að 95,8% telja hann hæfilega langan.

Foreldrar voru spurðir um hvort þeir væru hlynntari því að skólinn taki vetrarfrí og skólaárið lengist sem því nemur að vori eða að skólinn hafi ekki vetrarfrí og skólaárið styttist sem því nemur að vori. Rúmur helmingur foreldra vill að skólinn taki vetrarfrí.

Tafla 6. Vetrarleyfi

Hlutfall	Fjöldi	
Skólinn taki vetrarfrí og skólaárið lengist sem því nemur að vori	37	51,40
Skólinn hafi ekki vetrarfrí og skólaárið styttist sem því nemur að vori	30	41,67
Svarar ekki	5	6,94

Í upphafi skólaárs komu nemendur og foreldrar þeirra í viðtal við umsjónarkennara. Í október og nóvember komu foreldrar í viðtöl við kennara eftir að kennsla lauk. Í könnuninni var spurt um á hvaða hátt foreldraviðtölum sé best fyrir komið. 17% foreldra vilja sérstaka foreldraviðtalsdaga þar sem allir foreldrar hitta umsjónarkennara en 77% vilja að foreldraviðtölum sé dreift yfir skólaárið eftir samkomulagi kennara og foreldra. 6% foreldra nefndu annað.





Foreldrar voru spurðir um hvort þeir vildu hafa svipuð, meiri eða minni áhrif á skólustarf en nú er. Almenn sátt virðist vera um núverandi fyrirkomulag

(foreldraráð, foreldrafélag, starf í umsjónarhópi) þar sem að 85% vilja hafa svipuð áhrif. 11% vilja hafa meiri áhrif en 4% minni.


Matarmál

Í Sjáländsskóla er ætlast til þess að nemendur taki með sér ávexti eða grænmeti í morgunnefni og eru flestir vel sáttir við það fyrirkomulag. Foreldrum stendur til boða að kaupa heitan mat fyrir börn sín í áskrift og ef þeir kjósa það þá verða þeir að kaupa mat alla daga (geta ekki valið af matseðli). Maturinn er aðsendur og kemur tilbúinn í hitakössum. Mikill meirihluti nemenda er í mataráskrift eða 96%. 15 foreldrar eru óánægðir með þá ákvörðun að þurfa að vera alla daga í mataráskrift ef hún er valin. Enn fleiri eru óánægðir með verð á máltíðunum og gæði matarins (sjá töflu 7 og mynd 6).

Tafla 7. Matarmál

Spurning	Meðaltal	
Áhersla skólans á ávexta- og grænmetisnefni	1,45	
Skylda að vera í heitum mat alla daga ef matur er valinn	0,83	
Verð á skólamáltíðum	0,61	
Gæði heits matar	0,52	

Mynd 6.



Tómstundaheimili

Að loknum skóladegi nemenda stendur þeim til boða að taka þátt í starfi tómstundaheimilis. Í könnuninni voru foreldrar beðnir um að meta ýmsa þætti í starfi þess. Niðurstöður benda til almennrar ánægju foreldra með tómstundaheimilið eins og sjá má í töflu 8.


Tafla 8. Tómstundaheimili

Spurning	Meðaltal
Samskipti tómstundaheimilis við þig	1,80
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	1,68
Samskipti tómstundaheimilis við barnið	1,64
Viðfangsefni í tómstundaheimili	1,60
Líðan barns í tómstundaheimili	1,56

Opnar spurningar

Í lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú atriði sem þeir eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjálundsskóla. Flestir nýttu tækifærið og bentu á þætti sem þeir eru ánægðir með í starfi skólans en helst var minnst á atriði sem varða skólastefnu og starfshætti, starfsmannahópin og samskipti í skólanum eins og sjá má á mynd 7. Svör foreldra eru viðauki 1.


Mynd 7.



Einnig voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú átriði sem þeir eru sérstaklega óánægðir með í starfi skólans og eins átriði sem þeir teldu að yrðu

til bóta fyrir skólastarfið. Margir svöruðu ekki þessari spurningu en þeir sem það gerðu nefndu upplýsingastreymi, atriði sem varða kennsluskipulag og matarmál eins og sjá má á mynd 8. Svör foreldra eru viðauki 2.

Mynd 8.



Umræða

Nýr starfshópur, nýir nemendur, nýir foreldrar, nýtt húsnæði, ný hugmyndafræði í grunnskólum Garðabæjar. Í Sjáländsskóla eru allir að eigin ósk, bæði starfsmenn, foreldrar og nemendur og allir höfðu möguleika á að kynna sér þær grundvallarhugmyndir sem lágu að baki skólstarfinu áður en starfið hófst. Á fyrstu mánuðum í nýjum skóla er hins vegar fjölmargt sem þarf að samhæfa og stilla. Hugmyndir sem líta vel út á blaði eru ef til vill ekki upp á marga fiska þegar til kastanna kemur. Nýr skóli með nýja hugmyndafræði laðar hins vegar gjarnan til sín eldhuga, fólk sem hefur brennandi áhuga á að takast á við nýjungar og láta draum um góðan skóla rætast.

Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við það hvernig skólstarf fer af stað í Sjáländsskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjáländsskóla starfi afar hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem leggur alúð í kennsluna og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólaanda. Foreldrar taka það sérstaklega fram hvað börnum þeirra líður vel í skólanum. Þrátt fyrir það segja sex foreldrar að barnið þeirra hafi verið lagt í einelti í skólanum. Vera má að foreldrar hafi misskilið spurninguna (hefur barnið þitt verið lagt í einelti í skólanum) og skilið hana sem einelti almennt í skóla. Einnig er spurning hvernig foreldrar skilgreina hugtakið einelti. Í það minnsta hafa ekki svo mörg tilvik eineltis borist til eyrna starfsmanna. Þessi svör verður engu að síður að taka af fullri alvöru og bregðast við þeim.

Meginþættir einstaklingsmiðunar og sveigjanlegs skólstarfs hugnast foreldrum vel og virðast hafa farið vel af stað:

- Skólstarf er í anda markmiðsgreinar grunnskólalaga
- Í starfinu endurspeglast einkunnarorð skólans: Að vilja og virða
- Nemendur fást við samvinnuverkefni sem skila áþreifanlegri afurð
- Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina í þeim
- Verkefni nemenda tengjast umhverfi, menningu og nærsamfélagi skólans
- Tekið er tilliti til forþekkingar og áhuga nemenda í verkefnavali

Almenn ánægja er með ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið s.s:

- Dagurinn hefst á morgunsöngur og morgunumsjón
- Heimilisstörf eru hluti af heimavinnu nemenda
- Útikennsla og vettvangsferðir eru snar þáttur í skólstarfinu
- Nemendur hafa val um inniveru eða útiveru í hádegisfrímínútum
- Tímasetning foreldraviðtala er sveigjanleg
- Skóladagur allra barna er jafn langur
- Skólinn er vinnustaður nemenda og heimavinna er einstaklingsmiðuð og stillt í hóf.

Þá eru foreldrar afar ánægðir með allan aðbúnað í skólanum og á skólalóð og starfsemi tómsundaheimilis fær sérstakt lof hjá foreldrum.

En auðvitað er margt sem foreldrar álíta að betur megi fara. Mest áberandi er ósk þeirra um meiri upplýsingar frá umsjónarkennara. Foreldrar vilja meiri og tíðari upplýsingar um námslega stöðu, félagslega stöðu, hvað er á döfinni í

bekkjastarfinu og í skólanum almennt. Einnig þurfa kennarar að skerpa þá áherslu að nemendur fái verkefni við hæfi og umræðu um einstaklingsmiðaða heimavinnu þarf að taka upp.

Þá er ljóst að skoða þarf fyrirkomulag hádegisverðar í skólanum. Flestir eru ánægðir með það fyrirkomulag sem er í dag en þó eru nokkrir sem eru óánægðir með það að þurfa að kaupa mat alla daga og eins eru margir óánægðir með gæði matarins.

Hvatt er til þess að spurningin um vetrarleyfi verði lögð fyrir í öllum grunnskólum Garðabæjar. Munur á fjölda þeirra sem vilja vetrarleyfi og þeirra sem vilja ljúka skóla fyrr á sumrin er ekki mikill og því æskilegt að umræðan sé tekin upp á breiðari grunni.

Lokaorð

Virkt foreldrastarf er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og það þarf samtakamátt starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að skapa góðan skóla. Svarhlutfall foreldra í þessari könnun var afar hátt og er það sérstaklega ánægjulegt. Fjótt á litið má draga þá ályktun af svörum foreldra að fyrstu skrefin í Sjællandsskóla hafi verið gæfuspor en engu að síður mikilvægt að nýta sér ábendingar foreldra til þess að gera enn betur í næstu skrefum. Niðurstöður könnunarinnar verða því vegvísir fyrir starfið á vorönn og á næsta skólaári.

Garðabæ, 25. janúar 2006

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjællandsskóla

Viðauki 1

Orð foreldra um Sjálandsskóla – ánægja

Nefndu eitt til þrjú atriði sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) með í starfi Sjálandsskóla

Skólastefna og starfshættir (37)

- Stefna skólans
- Sköpun skólaanda
- Einkunnarorð skólans, Að vilja og að virða (2)
- Áhugaverðar þrautir sem börnin hafa fengið í skólanum
- Mikil áhersla á vettvangsferðir og útivist / umhverfismál
- Vettvangsferðir frábærar
- Umhverfi, útivera
- Mjög ánægð með þemavinnu og vettvangsferðir
- Nálægð við náttúruna og nánasta umhverfi nýtt í skólastarfinu
- Gott hjá ykkur að taka músinni opnum örmum og mörgum öðrum leiðum sem þið notið til að nálgast náttúruna
- Jákvætt þetta þemastarf í náttúrunni þ.e.a.s fiskabúrið ofl.
- Tengsl náms við umhverfi og heimili
- Ánægð með kennsluaðferðir, byggja á hvatningu, jákvæðni og frumkvæði
- Skólanum tekst að miðla þekkingu til barnanna á skemmtilegan hátt
- Sjálfstæði
- Fjölbreytileiki verkefna
- Opið kerfi – virðist virka vel
- Opinn skóli
- Kennsluaðferðir (-hættir)
- Hvernig námið er tengt við daglegt líf
- Ánægð með kennslufyrirkomulagið
- Hefðbundið skólastarf brotið upp og nýjar leiðir reyndar
- Samþætting náms
- Samþætting námsgreina
- Verkefnavinna
- Samvinnuverkefni og áhersla á færni í samskiptum
- Að börnin eru látin vinna saman í hópum
- Hópvinnan
- Kennsluhættir, stjórnun og hversu skoðanir nemenda eru virtar og þeir hafa áhrif
- Frumkvæði og virkni nemenda virt og notað
- Álit barnanna skiptir miklu máli og tekið tillit til þess
- Nemendafundirnir
- Lengd skóladagins
- Íþróttir þ.e. fjölbreyttir tímar
- Fá að skipta oft um lestrarbók
- Val í frímínútunum

Starfsfólk skólans (26)

- Gott starfsfólk
- Frábært starfsfólk
- Starfsmennirnir

- Jákvætt viðmót starfsfólks
- Metnaður starfsmanna
- Opinn hugur starfsfólks
- Jákvætt viðhorf starfsfólks skólans
- Afar hæft og elskulegt starfsfólk
- Allt starfsfólk skólans svo jákvætt og greinilega þarna til að hugsa um börnin okkar.
- Starfsfólkið ekki síst húsvörð, tómskundastarfsmenn, kennara og skólastjóra sem umgangast börnin sem jafningja,
- Hæfir kennarar og starfsmenn skólans
- Framúrskarandi góðir kennarar og starfsfólk
- Góðir kennarar (2)
- Kennarahópurinn
- Leggur áherslu á jákvætt viðmót til bæði barna og fullorðinna
- Auðvelt að ná í starfsfólk
- Viðmótið
- Kennararnir í nánú sambandi við nemendur og skynja fljótt líðan þeirra
- Vel hugsað um börnin
- Ánægð með hvað starfsfólkið er opið fyrir þróun skólastarfsins
- Gleði, orka, vilji jákvæðni, þ.e. andrúmsloftið fullt orku og uppbyggilegt
- Faglegur metnaður til staðar
- Góður mórall hjá starfsfólki sem skilar sér til nemenda og foreldra
- Jákvætt viðmót starfsmanna sem smitar yfir í börnin
- Hugmyndarík stjórnun á skóla, bjartsýni og metnaður

Jákvæð samskipti (25)

- Gott viðmót og hugað vel að líðan barnanna
- Gott viðmót
- Góð samskipti og jákvætt viðmót
- Virðing og vinátta
- Mikil áhersla á vinuáttu og samkennd
- Vináttuáhersla
- Bekkjarandi
- Rólegt yfirbragð
- Góður agi (2)
- Jákvæður agi
- Áreynslulaus agi sem speglast í upphafi skóladags - klappi og söng
- Ef börnin eru ánægð þá eru foreldrar ánægðir
- Barni finnst alltaf gaman í skólanum
- Líðan barnins, það er ánægðara og hamingjusamara
- Sjálfsálit barnins hefur aukist þarna
- Barnið ánægt
- Barninu líður almennt vel í skólanum
- Barninu líður mjög vel í skólanum
- Ánægð börn – ábyrg á sínu námi
- Áhersla á líðan barnanna
- Að það sé tekið á eineltismálum
- Úti og innirödd – alveg brilliant
- Er að verða svona fjölskyldustemning í skólanum

- Náíð samfélag nemenda og starfsfólks

Áhersla á einstaklingsmiðun (15)

- Áhersla á einstaklingsmiðað nám (5)
- Einstaklingurinn í fyrirrúmi
- Að þau hafi val um hvað þau geri
- Að börnin séu látin velja og standa við valið
- Að meta einstaklinginn eftir getu
- Að þau sem einstaklingar fái að njóta sín (3)
- Nemandinn fær að njóta sín sem persóna
- Skólinn ýtir undir sterkari sjálfsmynd
- Frelsi einstaklingsins

Viðburðir í skólastarfinu (12)

- Morgunsöngurinn (3)
- Morgunsöngur – tónlist í skólanum
- Morgunsöngurinn og möguleikar þeirra
- Morgunsöngur og hringfundir
- Söngstundin á morgnanna
- Samvera í byrjun dags (2)
- Morgunaðferðir
- Útiveran
- Heimilisvikan frábær

Aðbúnaður og aðstaða (9)

- Staðsetning skólans
- Aðbúnaður að utan og innan
- Aðstaða – aðbúnaður góður
- Opna umhverfið
- Gott umhverfi (2)
- Útiaðstaðan, sérstaklega battavöllurinn
- Fiskabúrið
- Skákin

Heimili og skóli (6)

- Samvinna foreldra og skóla
- Námskynningakvöld líkt og í haust - börnin kynna verkefni
- Í góðum tengslum við skólastjóran og nemendurna
- Hversu opinn skólinn er að taka á móti foreldrum
- Að þau þurfi að standa frammi fyrir foreldrum og skýra út verkefni sín
- Gott að fá póst frá kennaranum og allar myndirnar á vefinn

Lítill heimavinna (5)

- Námið fari að mestu fram undir leiðsögn kennara en ekki þegar heim er komið
- Heimanámi sinnt í skólanum
- Lítil heimavinna
- Engin heimavinna (2)

Tómstundaheimilið (2)

- Mjög gott tómstundaheimili (áhugasamt starfsfólk þar)
- Sælukotið (tómstundaheimilið).

Viðauki 2

Orð foreldra um Sjálandsskóla – það sem betur má fara

Nefndu eitt til þrjú atriði sem þú ert sérstaklega óánægð(ur) með í starfi Sjálandsskóla og ábendingar um það sem betur mætti fara

Ekkert/ Svára ekki (33 athugasemdir)

- Ekkert (15)
- Er ekki óánægð með neitt sérstaklega.
- Get ekki nefnt neitt
- Það er ekkert neikvætt sem kemur upp í hugann.
- Svarar ekki (15)

Upplýsingastreymi (22 athugasemdir)

- Vantar vitneskju um hvar nemendur stöðu og námsframvindu nemenda (7)
- Vantar almennt meiri upplýsingar frá kennara (3)
- Vantar upplýsingar um félagslega stöðu (1)
- Það yrði til bóta að efla upplýsingastreymi milli skóla og foreldra. (2)
- Mér finnst vanta meira upplýsingaflæði til foreldra um daglegt starf – t.d. vikubríf hvernig hafi gengið í bekknum og við hvað sé verið að fást. Þarf ekki að vera langt. Vikubríf – samskiptabók – sem barnið væri alltaf með í töskunni.
- Það mætti var oftast upplýsingar frá kennara um námsstöðu barnsins. Að nota skólakompuna meira í samskiptum kennara og foreldris t.d. í hvaða námgrein barnið þyrfti að þjálfast sig meira í og bara hvernig gangi almennt.
- Mikilvægt að fá að fylgjast betur með námsframvindu (nýjar leiðir, minni heimavinna). Það yrði til bóta að fá nánari útlistun á stöðu/getu nemandans í hverri grein sem og félagslega.
- Væri gott að fá smá ágríp yfir hvað gert var í liðinni viku til að geta spurt það út í helstu verkefni.
- Vantar meiri/betri upplýsingar um námið, hvað er verið að taka fyrir hverju sinni. Mér finnst ég lítið vita um hvað barnið er að læra og hvað er ætlast til að það kunni. Heldur það áætlun miðað við jafnaldra sína? Er eitthvað sem við foreldrar gætum hjálpað með?
- Vantar upplýsingar um innihald náms barns míns.
- Yrði til bóta að fá fræðslu til foreldra um um einstaklingsmiðað nám.
- Vantar örlítið meiri upplýsingar á heimasíðu.
- Senda bæði miða og tölvupóst um viðburði um skólastarf og með góðum fyrirvara.

Kennsluskipulag (11 athugasemdir)

- Mætti fjölga vinnustundum á hverjum degi eða viku.
- Það mætti leggja meiri áherslu á stærðfræði.
- Það yrði til bóta fyrir skólastarfið að hafa aukið forvarnarstarf með áherslu á mataræði og hreyfingu (útileikir þegar veður leyfir)
- Yrði til bóta fyrir skólastarfið að efla tónlistarnám.
- Nýta tímann betur, fara t.d. ekki á skauta.

- Ég er sannfærð um að kennsla námsefnis á fjölbreyttan hátt með notkun fleiri skynfæra t.d. hreyfing, rythma, ýmsir áþreifanlegir hlutir bæti skilning barnanna á námsefni.
- Væri til bóta að bjóða upp á jóga í leikfimitímum.
- Það yrði til bóta að fá enskukennslu strax í 1.-2. bekk.
- Þeir nemendur sem hafa lært erlend tungumál, t.d. ensku þyrftu að fá að halda þeirri þekkingu við.
- Ekki nægjanlega fylgst með lestri, þ.e. kvitta og fá nýjar bækur.
- Þarf að hafa fleiri próf

Matarmál (9 athugasemdir)

- Hollara fæði.
- Matarmál – gott væri að hafa mat sem væri eldaður í skólanum.
- Taka tillit til óska um að ekki þyrfti að vera í mataráskrift alla daga.
- Bæta gæði heitra máltíða (4)
- Ávextir yrðu sameiginlegir gegn greiðslu, taka matarmálin í gegn þ.e. hollari og betri mat.
- Að öll börn sitji við sama borð varðandi máltíðir og nesti þannig að matur sé niðurgreiddur af bænum.

Aðbúnaður í skóla (6 athugasemdir)

- Efla bókasafnið (2)
- Bókasafn, vantar bækur, vantar lestrarbækur.
- Íþróttasalur og sundlaug.
- Vond lykt af mottunni í forstofunni (2)

Agi/samskipti (5 athugasemdir)

- Samskipti barnanna og uppvöðslusemi sumra barna og frekja/yfirgangur.
- Tekur tíma að venjast opnu rými. Hef heyrt að stundum sé ekki nægur friður.
- Vinnu"ó"friður. Það væri til bóta ef betur væri hugað að vinnufrið fyrir þá nemendur sem þess óska.
- Það eru ekki mörg atriði sem við erum óánægð með en aga má bæta og vera vel vakandi yfir samskiptum barnanna í frímínútum.
- Barnið kvartar yfir hávaða í tíma og erfist sé að læra út af því.

Heimavinna (4 athugasemdir)

- Skort á yfirsýn foreldra á námi. Ekki nógu markvisst unnið í verkefnabækur – ókláruð verkefni án athugasemda. Mikið af ókostum/gagnrýni má skrifa á nýjan skóla, þarf tíma til að aðlagast, mætti virkja foreldra/heimavinnu á meðan jafnvægi er náð.
- Skortur á "hæfilegri" heimavinnu. Það er nauðsynlegur hluti náms þegar lengra er komið og tel því æskilegt að það lærist strax/fljótt að það er eðlilegur hluti af námi. Einnig gefur það forráðamönnum tækifæri á að fylgjast með hvað barnið er að fást við. Það yrði til bóta fyrir skólafarfið að hafa meiri heimavinnu.
- Gott væri að sjá vinnubrögð hennar með "hóflegri" heimavinnu.
- Vantar meiri heimavinnu nemenda.

Skipulag bekkja (4 athugasemdir)

- Ekki fjölmenna bekki (18-20)
- Mér finnst slæmt að það þurfi að setja tvo bekki saman.
- Erum mjög ánægð með en upplifi að skólinn sé meira bekkjarskiptur en við áttum von á.
- Láta Sjálandsskóla ná upp í 10. bekk.

Skóli og tómstundir (3 athugasemdir)

- Það yrði til bóta að hafa tómstundahópa, leikhópa, kórástarf, ræðumennsku þar sem betur kynnast betur í leik.
- Vantar að boðið sé upp á tónlistar- og danskennslu í skólanum.
- Vantar tengingu tómstunda- og áhugamála inn í skólalífið eða strax eftir skóla.

Starfshættir kennara (3 athugasemdir)

- Þyrfti að leggja aðeins meiri áherslu á einstaklingsnámsáætlanir í samræmi við styrkleika og veikleika.
- Vantar meiri metnað fyrir góðum árangri nemenda námslega séð.
- Kvenkennarar verða að læra að umgangast drengi.

Þátttaka foreldra (3 athugasemd)

- Ekki blanda foreldrum of mikið inn í skólalífið
- Er ekki sérstaklega óánægður með neitt, nema að vera að mæta á fundi í skólanum of oft. Það mætti stilla í hof kröfum til foreldra um að mæta á hverri önn á fundi eða annað.
- Vantar meiri fyrirvara t.d. fundum og atburðum sem foreldrar eiga að mæta á.

Aðkoma að skóla (2 athugasemdir)

- Aðgengi að skólanum.
- Aðgengi úr hverfum nemenda er skelfileg.

Skipulag skólamála (1 athugasemd)

- Vera sem mest sjálfstæður fjárhagslega, þ.e. þurfa ekki að rukka foreldra fyrir ýmislegt.

Fylgiskjal V - Nýr skóli – nýtt upphaf

Pátttakendalisti:

Helgi Grímsson	031162-5219	Skólastjóri
Hrafnhildur Sævarsdóttir	030973-3059	Kennari
Kristín Guðbrandsdóttir	110474-4829	Kennari
Kristín Steinarsdóttir	010559-7589	Kennsluráðgjafi UT
Ólafur Schram	061073-4349	Kennari
Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	020465-3879	Kennari
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	031175-3059	Kennari
Þóra Melsted	161259-2259	Kennari
Þórdís Helga Ólafsdóttir	160567-4579	Kennari

Dagskrá námskeiðsins

Miðvikudagur 3. ágúst: Kl. 8:30 – 15:00

Lífsgildi og skólastarf: Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla
Rökin fyrir einstaklingsmiðuðu námi? Jóhanna Karlsdóttir, lektor í kennslufræðum

Fimmtudagur 4. ágúst: Kl. 8:30 – 15:00

Ertu appelsína eða epli? Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur
Hvernig hef ég einstaklingsmiðað? Pátttakendur greina frá eigin starfi

Mánudagur 8. ágúst: Kl. 8:30 – 15:00

Að einstaklingsmiða inntak, aðferð, afurð og námsmat: Helgi Grímsson og Kristín Steinarsdóttir
Einstaklingsáætlanir og gerð þeirra: Helgi Grímsson og Þórdís Helga Ólafsdóttir
Listgreinar og skapandi skólastarf: Ólafur Schram og Kristín Guðbrandsdóttir

Þriðjudagur 9. ágúst: Kl. 8:30 – 10:00

Heildstæð móðurmálskennsla? Helgi Grímsson og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir
Upplýsingatækni og einstaklingsmiðað nám: Kristín Steinarsdóttir og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir)

Miðvikudagur 10. ágúst kl. 8:30 – 10

Útikennsla og hreyfing: Ólöf Sigurðardóttir og Hrafnhildur Sævarsdóttir:
Mat á starfi Sjálandsskóla: Helgi Grímsson og Ólöf Sigurðardóttir

Fimmtudagur 11. ágúst kl. 8:30 – 10

Foreldrasamstarf: Þóra Melsted og Kristín Steinarsdóttir.
Skólareglur: Ólafur Schram og Ólöf Sigurðardóttir
Nemendalýðræði: Helgi Grímsson

Föstudagur 12. ágúst kl. 8:30 – 10

Sérkennsla: Þórdís Helga Ólafsdóttir og Þóra Melsted
Nemendur með hegðunarfrávik: Þórdís Helga Ólafsdóttir og Þóra Melsted

Mánudaginn 24. október Kl. 8:30 – 14:00

Vettvangsferð í Grundskóla á Akranesi

Föstudagur 26. nóvember Kl. 16:00-22:00

Námsmat og einstaklingsmiðaða skólastarf: Helgi Grímsson

Laugardagur 27. nóvember Kl. 10:00-14:00

Námsmat og einstaklingsmiðað skólastarf: Helgi Grímsson

Tómstundir í Sjáländsskóla



Könnun á tómstundaiðkun nemenda
Sjáländsskóla, apríl 2006

Inngangur

Samhliða einsetningu grunnskóla er mikilvægt að samlaga skóladaginn og tómstundastarf barna og koma um leið til móts við þarfir fjölskyldunnar fyrir samverustundir. Framboð á skipulögðu tómstundastarfi fyrir börn hefur aukist verulega á seinastu áratugum og aðstaða íþrótta- og æskulýðsfélaga sem standa að tómstundastarfi hefur batnað verulega. Það má færa mörg rök fyrir því að gæði tómstundastarfs barna skipti miklu fyrir þau, hvað varðar lífsgæði, þroska og menntun. Skipulagt tómstundastarf stuðlar að auknum þroska þeirra og menntun en á annan hátt en gert er í skólastarfi og innan veggja heimilanna:

Skipulagt tómstundastarf fellur á milli þess að vera formlegt skólanám (formal education) og óformleg menntun (informal education). Með formlegu skólanámi er átt við nám sem fram fer í ýmsum opinberum menntastofnunum eins og leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og ýmsum list- og verkmenntastofnunum á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Með óformlegri menntun er átt við áhrif fjölskyldu, vana, fjölmiðla og annarra sem á beinan eða óbeinan hátt stuðla að menntun.

(Skátastarf - markviss menntun, 1998)

Sú skoðun hefur heyrst að börn búi við misjafnar aðstæður, aðgengi þeirra að tómstundastarfi sé misjafnt og að börn frá efnameinni heimilum eigi síður kost á uppbyggilegu tómstundastarfi en börn frá efnameiri heimilum. Það er því mikilvægt að skýr mynd sé af framboði og eftirspurn eftir tómstundastarfi barna í Garðabæ til þess að auka jafnræði og færa til betri vegar það sem betur má fara.

Í þessari skýrslu er fjallað um athugun á skipulagðri tómstundaiðkun nemenda Sjálandsskóla sem gerð var í apríl 2006.

Aðferð


Þegar könnunin var lögð fyrir voru 82 nemendur í Sjálandsskóla í 1. - 6. bekk. Óskað var skriflega eftir leyfi frá foreldrum til þess að leggja fyrir þessa könnun. Aðeins einn nemandi skólans fékk ekki afhentan spurningalistann. Nemendur 5.-6. bekkjar svöruðu könnuninni í skólanum en nemendur 1.-4. bekkjar svöruðu henni heima. Könnunin var endurtekin í skóla með þeim nemendum 1.-4. bekkjar sem ekki gerðu hana með foreldrum sínum. Alls svöruðu 74 nemendur könnunin eða um 90% nemenda og ættu niðurstöður því að gefa nokkuð glögga mynd af tómstundaiðkun nemenda. Skilahlutfall var misjafnt eftir árgöngum.

1. bekkur	8 af 8	100%
2. bekkur	7 af 7	100%
3. bekkur	21 af 23	91%
4. bekkur	4 af 7	57%
5. bekkur	28 af 30	93%
6. bekkur	7 af 8	88%

Niðurstöður

1.Þátttaka í íþróttum

Þátttaka nemenda í íþróttum er almenn eða 79,7%. Hlutfall íþróttaiðkenda er hins vegar nokkuð breytilegt eftir árgöngum eins og sjá má á mynd 1.



Lítill kynjamunur er á íþróttaiðkun. Þannig iðka 77,8% drengja einhverja íþrótt á meðan sama hlutfall hjá stúlkum er 81,6%.

Eins og við mátti búast er verulegur munur á því hvaða íþróttagrein höfðar helst til drengja annars vegar og stúlkna hins vegar líkt og fram kemur í töflu 1. Knattspyrna er sú íþróttagrein sem nýtur mestrar hylli nemenda og helmingur drengja æfir knattspyrnu. Þar á eftir er þátttaka almennust í fimleikum en um þriðjungur stúlkna í skólanum æfir þá íþrótt. Talsverður hópur stúlkna æfir jazzballett/ballett. Aðrar íþróttagreinar njóta minni hylli. Alls stunda nemendur skólans 12 íþróttagreinar, 7 þeirra með félögum í Garðabæ. All nokkrir nemendur æfa fleiri en eina íþróttagrein (23,7%). Algengar íþróttagreinar eins og: Badminton, borðtennis, frjálsar íþróttir, handknattleikur, ísknattleikur, siglingar, skautadans, skyldingar og tennis eru ekki stundaðar af nemendum Sjálundsskóla.

Tafla 1. Iðkun einstakra íþróttagreina

Íþróttagrein	Hlutfall drengja	Hlutfall stúlkna	Heild
Knattspyrna	50,0%	26,3%	37,8%
Fimleikar	11,1%	31,6%	21,6%
Jazzballett/ballett	0,0%	21,0%	10,8%
Klifur	13,9%	0,0%	6,8%
Sund	8,3%	5,3%	6,8%
Skíði	2,8%	2,6%	2,7%
Blak	2,8%	0,0%	1,4%
Dans	0,0%	2,6%	1,4%
Golf	2,8%	1,3%	1,4%
Hestaíþróttir	0,0%	2,6%	1,4%
Körfuknattleikur	2,8%	0,0%	1,4%
Sjálfsvarnariþróttir	2,8%	0,0%	1,4%

Þegar könnuð var félagsaðild nemenda kom í ljós að rúmur helmingur nemenda (56,8%) æfir með Stjórnunni í knattspyrnu, fimleikum, körfuknattleik, sundi og/eða blaki. Þá er áberandi félagsaðild í Björkunum (fimleikar, klifur) og JSB.


Þeir nemendur sem stunda íþróttir verja að jafnaði þrem til fimm klukkustundum á viku til íþróttæfinga (sjá töflu 2). Þó má ekki gleyma að all nokkrir stunda engar íþróttir og eru þeir ekki með í þessu meðaltali.

Tafla 2. Meðaltals íþróttaiðkunartími iðkenda í klukkustundum á viku eftir aldri

	1. b.	2.b	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.
Meðaltalsiðkun (klst)	3,13	4,33	5,44	4,00	4,17	4,40

2. Listanám nemenda

Þátttaka nemenda í tónlistarnámi er talsverð eins og sjá má í töflu 3. Mest er þátttaka í hljóðfæranámi. Þegar taldir eru saman þeir sem eru annaðhvort hljóðfæranámi eða söngnámi kemur í ljós að 39% nemenda eru í tónlistarnámi. Þátttaka nemenda í listnámi er töluvert breytileg eftir árgöngum (sjá mynd 2). Mest er þátttakan í 6. bekk en enginn nemandi í 1. bekk er í tónlistarnámi.




Hlutfallslega jafn margir drengir og stúlkur stunda hljóðfæranám. Enginn drengur stundar söngnám eins og sjá má í töflu 3. Nemendur Sjálandsskóla stunda ekki nám í leiklist, myndlist eða skák í tómsundum sínum.

Tafla 3. Nám í einstökum listgreinum

Listgrein	Hlutfall drengja	Hlutfall stúlkna	Heild
Hljóðfæranám	36%	37%	36%
Söngur	0,0%	5%	3%

3. Þátttaka í æskulýðsstarfi

Hlutfall nemenda í æskulýðsstarfi er afar breytilegt eftir aldri líkt og sjá má á mynd 3.



Þátttaka nemenda í starfi tómstundaheimilis Sjáländsskóla (Sælukot) er almenn í 1.-3. bekk (38,9%) en óeðlilegt er að hafa hana hér í samanburði við frjálst félagastarf. Æskulýðsstarf höfðar frekar til stúlkna en drengja.

Tafla 5. Þátttaka í einstökum tegundum æskulýðsstarfs

Félagsstarf	Hlutfall drengja	Hlutfall stúlkna	Heild
Skátastarf	0,0%	10,5%	5,4%
KFUM og K	0,0%	7,9%	3,1%
Kirkjuprakkarar	2,8%	5,3%	4,1%

4. Tímstundaiðkun nemenda

Þeir nemendur sem ekki taka þátt í neinu skipulögðu tímstundastarfi eru í þessari könnun rúm 9% og eru þá meðtaldir þeir sem taka þátt í starfi Sælukots, tímstundaheimilis Sjáländsskóla. Flestir þeirra sem ekki taka þátt í neinu skipulögðu tímstundastarfi eru í 3. bekk.

Þegar heildarþátttaka nemenda í skipulögðu tímstundastarfi er talin í klukkustundum sést að stúlkur í Sjáländsskóla nýta tíma sinn í ríkara mæli til skipulagðra tímstundastarfa en drengir. Þannig eru drengir að meðaltali 5,9 stundir í skipulögðum tímstundum á viku á meðan stúlkur eru í 6,4 stundir. Hátt meðaltal í 1.-3. bekk skýrist af mestu af starfi í tímstundaheimili Sjáländsskóla en all margir eru þar 10-15 klukkustundir á viku.

Tafla 6. Heildarþátttaka í skipulögðu tómstundastarfi

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.
0 klst.	0	1	3	1	1	1
1-3 klst.	2	1	3	2	7	0
4-6 klst.	2	3	2	0	12	3
7-9 klst.	0	0	7	1	6	2
10-12 klst.	1	1	2	0	1	0
13-15 klst.	2	1	3	0	1	0
16-18 klst.	1	0	0	0	0	0
19-21 klst.	0	0	1	0	0	0
Meðaltal	9,0	5,9	7,5	2,8	5,3	5,0

Umræða

Sjáländsskóli er í norðurhluta Garðabæjar og búa nemendur hans að mestu í Ásahverfi, Sjáländi, Grundum og Arnarnesi. Íþróttamiðstöðin Ásgarður er helsta æfingamiðstöð ungmennafélagsins Stjórnunnar en hjá félaginu geta börnin stundað knattspyrnu, fimleika, sund, handknattleik og körfuknattleik. Vídalínskirkja, Tónlistarskóli Garðabæjar og Skátamiðstöðin Jötunheimar eru nær miðju bæjarins. Sjáländsskóli býður upp á lengda viðveru í Sælukoti.

Nemendur skólans eru aðeins 83 og fjöldi nemenda í einstökum árgöngum er mjög mismunandi. Því ber að taka niðurstöðum einstakra árganga með vara.

Við úrvinnslu gagna var sú ákvörðun tekin að flokka jazzballett og ballett með íþróttgreinum og skák með listgreinum. Þó svo að dans sé flokkaður með listgreinum í aðalnámskrá grunnskóla er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að í dansi fer fram mikil hreyfing og skiptir það máli þegar kanna á hvort börn fái næga hreyfingu að telja dans með íþróttum. Þá var við úrvinnslu gagna einnig ákveðið að skák væri flokkuð sem listgrein út frá sambærilegum rökum, þ.e. skák er andans list og telst ekki til líkamspjálfunar.

Athygli vekur hversu almenn þátttaka barnanna er í íþróttum. Þó er umhugsunarvert hversu fáar greinar eru stundaðar af nemendum þegar hafðir eru í huga möguleikar barna til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu. Það er því æskilegt að í íþróttakennslu skólans séu markvisst kynntar fjölbreyttar íþróttagreinar. Einnig virðast möguleikar Stjórnunnar ekki vera fullnýttir, þar sem að t.d. enginn nemandi skólans stundar handknattleik. Knattspyrnan ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar og mikilvægt að þeir sem halda þar um stjórnvölinn haldi vöku sinni svo að sem flestir eigi þess kost að halda áfram æfingum og heltist ekki úr lestinni.

Tónlistariðkun nemenda í Sjáländsskóla er töluverð. Í skólanum er ein klukkustund á viku í tónmennt, morgunsöngur er alla morgna. Nemendur hafa ekki kost á að stunda forskólanám í skólanum og hefur skólastjóri bætt úr því með því að kenna nemendum 1. og 2. bekkjar á blokkflautu nú á vordögum. Kennari frá Tónlistarskóla Garðabæjar kennir nokkrum nemendum á hljóðfæri sitt í skólanum. En huga má nánar að samspili hljóðfæranáms og annars náms og afar mikilvægt að nemendur skólans geti farið í forskóla tónlistarskólans í Sjáländsskóla.

Þátttaka nemenda í starfi æskulýðsfélaga er lítil. Það er ljóst að mikið sóknarfæri er fyrir skáta og kirkjunnar fólk í Sjálandsskóla.

Sækjast sér um líkir. Mikilvægt er að forráðamenn og þeir sem standa að tómskundastarfi fyrir börn séu meðvitaðir um meginstrauma í nemendahópum, sérstaklega ef þátttaka í tómskundastarfi er lítil í einhverjum árgangi. Kennslu í Sjálandsskóla lýkur kl. 14:15. Það ætti því að vera keppikefli þeirra sem bjóða upp á tómskundastarf að starf fyrir yngri börn fari fram á tímabilinu frá kl. 14:30-17:00 á virkum dögum. Þannig gætu fjölskyldur notið samveru á eftirmiðdögum, um kvöld og helgar. En á móti vaknar sú spurning hvort þjálfarar, tónlistarkennarar og æskulýðsfrömuðir séu í stakk búnir til að taka á móti börnunum á þessum tíma sólarhrings og er nauðsynlegt húsnæði til reiðu á þessum tíma, þ.e. ef starfið krefst annars húsnæði en í Sjálandsskóla?

Fljótt á litið má álykta sem svo að gott framboð sé á tómskundastarfi fyrir börn í Garðabæ. Þó er tómskundaiðkun nemenda nokkuð einhæf (knattspyrna, fimleikar, dans og hljóðfæraleikur). Flestir nemendur taka virkan þátt í tómskundastarfi og stunda það af hæfilegum krafti. Það skal tekið fram að í þessari könnun voru einungis skoðaðir nemendur í Sjálandsskóla og óljóst hvort hún hafi spásagnargildi fyrir tómskundaiðkun í öðrum skólum í Garðabæ og mikilvægt að kanna það nánar.

Sjálandsskóla, 6. júní 2006.

Helgi Grímsson, skólastjóri

Könnun á tómsundaiðkun nemenda Sjálandsskóla

1. Kyn

stelpa

strákur

2. Í hvaða bekk ert þú? 1. 2. 3. 4. 5. 6.

3. Hér ertu beðin/n um tilgreina skipulega íþróttaiðkun þína sem þú stundar hjá íþróttafélagi og segja hversu marga klukkutíma á viku þú ert við æfingar.

Íþróttagrein	Íþróttafélag	Æfingar í klukkustundum á viku
Badminton (hnit)		
Samkvæmisdans (ekki listdans)		
Fimleikar		
Frjálsar íþróttir		
Golf		
Handknattleikur		
Hestaíþróttir		
Ísknattleikur		
Knattspyrna		
Körfuknattleikur		
Siglingar		
Sjálfsvarnaríþrótt		
Skautadans		
Skák		
Skíði		
Sund		
Annað (hvað)		

4. Hér ertu beðin/n um að tilgreina það tómstundastarf sem þú stundar sem tengist listiðkun og listnámi. Svараðu hvar þú stundar þetta starf og hversu mörgum tímum á viku þú verð til æfinga undir handleiðslu kennara.

Listgrein	Skóli /aðili	Tímar með kennara á viku
Hljóðfæranám		
Leiklist		
Listdans (djass og klassískur)		
Myndlist		
Söngur		
Annað (hvað)		

5. Hér ertu beðin/n um að tilgreina annað skipulagt tómstundastarf en íþróttir og listnám sem þú stundar og hversu margar stundir á viku þú ert í þessu tómstundastarfi.

Aðili	Klukkustundir á viku
KFUM og K	
Sunnudagaskóli kirkjunnar eða annað kirkjustarf	
Tómstundaheimili	
Skátastarf	
Annað (hvað)	

Fylgiskjal VII - Fréttadagbók

13. júní 2006

Styrkur úr 19. júní sjóði

Sjálandsskóli fékk styrk úr 19. júní sjóði vegna verkefnis sem gengur út á að styrkja stúlkur í að taka stjórn og bera ábyrgð með hjálp siglingaíþróttarinnar. Mikill áhugi er hjá starfsfólki skólans að nýta þessa nálægð og bjóða nemendum upp á kennslu í siglingum. Sjóðurinn ákvað að styrkja skólann til kaupa á þremur bátum sem munu nýtast í siglinganámskeiðum fyrir stelpur. Styrkurinn er að upphæð kr. 300.000.

9. júní 2006

Skólabyrjun 2006

Skólaárið hefst á foreldraviðtalsdegi 22. ágúst. Verðandi umsjónarkennarar verða í sambandi við foreldra í vikunni 14.-18. ágúst vegna nánari tímasetningar. Skóladagatal 2006-2007 er að finna undir "Skólinn".

9. júní 2006

Innkaupalisti 2006-2007

Að höfðu samráði við foreldraráð hefur verið ákveðið að skólinn sjái um innkaup á öllum sérstökum gögnum og efni sem nemendur þurfa næsta vetur (stílabækur, möppur, lím, sértilgreind skriffæri ofl.). Foreldrar greiða innkaupsverð fyrir pakkann og verður það innheimt í haust. Skólatöskur og pennaveski sér hver um fyrir sig.

7. júní 2006

Skólaslit

Það var hátíðlegt er skólanum var slitið í fyrsta sinn eftir mjög ánægjulegt og viðburðaríkt skólaár. Nemendur mættu í stigann ásamt stórum hópi foreldra og forráðamanna. Nemendur sungu nokkur lög, síðan ávarpaði Helgi skólustjóri hópinn og loks gengu allir með umsjónarkennurum inn á svæði. Þar voru nemendur kvaddir og fengu með sér námsmat og gögn úr skólastarfinu.



Fleiri myndir í myndasafninu.

6. júní 2006

Tómstundakönnun

Í apríl var gerð könnun á tómstundaikunum nemenda Sjálandsskóla. Skýrsla hefur verið gerð um niðurstöðurnar og er hana að finna undir "útgáfa".

6. júní 2006

Skólaslit 7. júní

Á morgun 7. júní verða skólaslit Sjálandsskóla. Allir nemendur eiga að koma í skólann kl. 12. Þá verður stutt sameiginleg athöfn í stiganum og síðan afhendir umsjónarkennari hverjum nemanda vitnisburð vetrarins. Við höfum lagt upp úr því í vetur að gefa ekki einkunnir í tölum heldur skriflega umsögn studd af sýnishornum af vinnu nemenda. Við hvetjum foreldra til þess að koma og taka þátt í lokum skólaársins ... og ekki gleyma að kanna óskilamuni en þeir eru all nokkrir.

2. júní 2006

Frábærir dagar og flottir krakkar

Höfum átt einstaklega ánægjulega daga með nemendum í dag og í gær. Gönguferðir á Helgafell og í Valaból tókust frábærlega og nemendur dugnaðarforkar. Grillveislan sem foreldrar stóðu fyrir í skólanum var stórglæsileg. Nemendur nutu þess að leika í skólanum og áttu notalegar stundir í náttfötunum. Flestir sváfu mjög vel og var ró yfir hópnum í morgunmatnum. Lokadagurinn fór svo í sundferðir, klifur, frágang og fótboltamót milli starfsmanna og nemenda. Við vitum öll hvernig það fór. En myndirnar tala sínu máli... kíkið endilega á þær hér til hliðar. Við sjáumst síðan á miðvikudaginn kl. 12 en þá verða skólaslit.



Á toppnum

31. maí 2006

Útilegan sem breyttist í innilegu:-)

Nemendur mæta í skólann á venjulegum tíma á morgun fimmtudag. Fljótlega verður farið með rútu í Kaldársel og gengið á Helgafell og farið í Valaból. Komið tilbaka í skólann seinnipartinn. Foreldrar sjá um grillmat. Síðan er kvöldvaka og nemendur skipta sér niður á svæðin til gistingar. Sameiginlegur morgunmatur á föstudag sem foreldrafélagið sér um. Yngri nemendur fara síðan að Gálgakletti en eldri í óvissuferð. Umsjónarkennarar munu sjá sérstaklega um sína hópa og vera með þeim yfir nóttina. Foreldrar eru eindregið hvattir til að vera með okkur í kvölddagskránni. Ef nemendur eða foreldrar þeirra treysta sér ekki til að gista í skólanum þá er öllum frjálst að fara heim og koma svo aftur næsta morgun.

Nemendur taki með sér nesti fyrir allan fimmtudaginn (morgunhressing, hádegismatur, síðdegishressing). Heitur matur í hádeginu á föstudegi er í skólanum fyrir þá sem eru í mataráskrift, aðrir taki með sér nesti. Fatnaður: Börnin komi klædd ferðafötum: Regnfatnaður; góðir gönguskór (helst vatnspolnir); vettlingar, húfa, trefill og ullarsokkar. Börnin hafi með sér aukasett af fötum, íþróttaskó, auka nærföt; hlýja peysu og náttföt. Börnin sofa í sambýli með öðrum börnum. Það er því mikilvægt að föt sé merkt og skiplega raðað í meðfærilegar töskur. Annar farangur: Sundföt, svefnpoki, koddí, tjalddýna (ekki uppblásin vindsæng), snyrtivörur (tannbursti, tannkrem, handklæði, greiða/bursti o.s.frv.), vatnsflaska. Annað sem gaman er að taka með, t.d. myndavél, spil, bangsi, eða annað í þeim dúr. Það er ekki leyfilegt að taka með sér sælgæti, nasl og gos. GSM símar, hljómflutningstæki og leikjatölvur eru ekki leyfilegar.

26. maí 2006

Hreyfimyndir hjá 3.-4. bekk

Kíkið á skemmtilegu hreyfimyndirnar sem nemendur í 3.-4. bekk hafa unnið í forritinu Pivot. Þið finnið sýningarnar undir Tónlist og verkefni nemenda hér til hliðar.

24. maí 2006

Vorferðalag 5.- 6. bekkja

Vorferðalag 5.- 6. bekkja Síðastliðinn föstudag fór 5. – 6. bekkur í skólaferðalag til Nesjavalla og Þingvalla. Ferðin var í tengslum við Íslandsþemað okkar. Á Nesjavöllum fengum við góðar móttökur og kynningu hjá Huldu á starfseminni. Á Þingvöllum tók leiðsögumaðurinn Einar á móti okkur við Almannagjá og sýndi okkur fróðlega sýningu um jarðfræði og sögu staðarins. Síðan gengum við Almannagjá og fræddumst um flekaskilin og þaðan að Lögbergi þar sem sagan var rifjuð upp. Að endingu skoðuðum við Flosagjá eða öðru nafni peningagjá við mikla hrifningu nemenda sem margir höfðu áhuga á að skoða gullið betur en leyfilegt er. Við snæddum hádegishressinguna við þjónustumiðstöðina og fórum í leiki. Að endingu fórum við að Þingvallakirkju og gamla bænum. Ferðin gekk mjög vel og var bæði fróðleg og skemmtileg. Kíkið á myndirnar.



22. maí 2006

Umsögn foreldraráðs um skólanámsskrá Sjáländsskóla

Foreldraráð hefur birt umsögn um skólanámsskrá Sjáländsskóla. Hana má finna hér til vinstri undir foreldraráð.

16. maí 2006

Kartöflugarður við skólann

Nemendur í 3.-4. bekk hafa verið dugleg að útbúa sinn eigin kartöflugarð í dag og í gær. Þau stungu upp torfið og mældu út garðinn og fylltu með mold. Kartöflurnar eru að spíra og verða settar niður fljótlega. Það voru vaskir krakkar að verki. Sjáið myndir á myndasíðu 3.-4. bekkjar.



11. maí 2006

Útilistir

Í vikunni í góða veðrinu fóru allir nemendur út í listatímunum og teiknuðu það sem fyrir augu bar. Börnin nutu þess að fá tækifæri til að vinna úti og umhverfið varð uppspretta hugmynda.



10. maí 2006

Hjólað eða gengið í vinnuna

Nemendur og starfsmenn hafa verið mjög duglegir að hjóla eða ganga í skólann síðustu daga. Sífellt fleiri börn bætast í hópinn á hverjum degi. Eins og sjá má á þessari mynd er mikill fjöldi hjóla við skólann og allir nota að sjálfsögðu hjálma.



8. maí 2006

Veðurlíðan

Nemendur nutu veðurlíðunnar með ýmsu móti í dag. Elstu nemendurnir fóru út að sigla á kanó eins og fyrr í vetur. Einnig voru þau að vinna að blyantsteikningum úti eftir fyrirmyndum í umhverfinu. Yngri nemendurnir tóku skólabækurnar með sér út og borðuðu nestið sitt úti. Sumir voru líka að veiða í læknum. Umhverfi skólans bauð upp á hin margvíslegustu verkefni á þessum frábæra mánudegi.



Nemendur í 5.-6. bekk á kanó

4. maí 2006

Góðgerðartónleikar hjá 1.-2. bekk

Í gær héldu nemendur í 1. og 2. bekk tónleika til styrktar fátækum börnum í Pakistan. Krakkarnir sungu 16 lög og Emil Snær, Agnes og Sigurbjörg spiluðu á flautur. Seldar voru veitingar sem krakkarnir höfðu bakað fyrr um daginn. Börnin stóðu sig mjög vel og söfnuðust alls 32.150 krónur. ABC hjálparstarf ætlar að koma peningunum til skila. Í myndasafni 1.-2. bekkjar er að finna margar skemmtilegar myndir af þessum duglegu krökkum.



28. apríl 2006

100 hafmeyjar við Arnarnesvog

Nemendur Sjálandsskóla fóru í dag með 100 hafmeyjar út í fjöru og límdu þær fastar við fjörugrjót. Hafmeyjarnar eru úr leir og voru þær gerðar af nemendum á listadögum í Garðabæ. Þema listadaganna var ævintýri og þótti við hæfi að vinna með ævintýrið um litlu hafmeyjuna þar sem að skólinn stendur við Arnarnesvog og við Löngulínu í Sjálandshverfi. Á næstu dögum mun koma í ljós hvort Ægir konungur nær að heilla þær til sín eða hvort þær ákveði að dvelja lengur í fjörunni við Sjálandsskóla. Skoðið myndir úr skólstarfinu.



27. apríl 2006

Nemendur í 1. bekk fá reiðhjólaljálma

Í morgun kom Sigurður Axelsson frá Kiwanisklúbbnum Setbergi og afhenti öllum nemendum í 1. bekk reiðhjólaljálma. Krakkarnir tóku sig vel út með nýju hjálmana og ætla að vera dugleg að nota þá þegar þau fara út að hjóla. Við færum félögum í Setbergi bestu þakkir fyrir.



27. apríl 2006

Ruslsins tré

Hér sjáið þið mynd af öðru listaverkinu sem nemendur í 5.-6. bekk bjuggu til úr ruslinu. Kíkið á myndir frá umhverfisdeginum sem er að finna í myndasafni allra bekkja.



25. apríl 2006

Umhverfisdagurinn

Endurnýting var yfirskrift umhverfis dagsins sem er í dag. Allir nemendur fræddust um mikilvægi þess að endurnýta hluti eins og kostur er. Síðan var farið út og nemendur hreinsuðu rusl af ákveðnum svæðum, á skólalóðinni, í fjörunni, í kringum lækinn og útmeð göngustígnum. Það var ótrúlegt magn af rusli sem safnaðist. Nemendur eru síðan byrjaðir að endurnýta hluta af ruslinu og útbúa ruslalistaverk. Myndir af því birtast þegar því verður lokið.



nemendur í 1.-2. bekk hreinsuðu fjöruna

19. apríl 2006

Íþróttadagur á föstudag

Föstudaginn 21. apríl verður íþróttadagur í Sjálandsskóla. Í dag völdu nemendur milli ólíkra íþróttar. Á föstudag verður því farið í knattspyrnu, brennó, kýló, bandý, borðtennis, frjálsar íþróttir, hjólaferð, hjólaskautuferð, kortarattleik og stauraskógarleik. Afar mikilvægt er að börnin komi klædd eftir veðri og dagskrá. Þau börn sem völdu línuskauta þurfa að taka skautana með sér í skólann, hjálm og hlífar. Þau börn sem völdu hjólaferð þurfa að koma á hjóli í skólann og hjálm.

7. apríl 2006

Gleðilega páska

Frábær dagur þar sem við fengum að njóta afraksturs einstaklingsverkefna nemenda í 5.-6. bekk. Krakkarnir sem kynntu verkefnið gerðu það frábærlega vel og áhorfendur voru til mikillar fyrirmyndar. Mikill fróðleikur kom fram og margar spurningar vöknuðu hjá nemendum. Til hamingju með þetta krakkar! Tónlist nemenda úr kristinfræðipema kemur inn á síðuna í dag. Kíkið síðan á myndir af páskabingói foreldrafélagsins sem var í gærkvöldi. Hafið það gott í páskafríinu. Góðar kveðjur frá starfsfólki Sjálandsskóla.



Hann er upprisinn!

6. apríl 2006

Margt skemmtilegt....

Séra Jóna Hrönn Bolladóttir kemur í heimsókn í morgunsöng í fyrramálið í tilefni af páskahátíðinni. Í dag hafa nemendur í 5.-6. bekk verið að leggja lokahönd á einstaklingsverkefnið sem verða kynnt á morgun. Þá fáum við að fræðast um bonsai tré, formúlu, sólkerfið, ketti, flugvélar, tónlist, fótbolta, sjö undur veraldar, Hitler, handbolta, skíði, Ninný listmálara, taek wondo, Hrísey, hunda, Flatey, körfubolta, Sigurð spjótkastara, Liverpool, myndlist, loftslag. Þá hafa allir nemendur skólans verið iðnir við að skreyta páskatréið okkar í anddyri skólans.



krossfesting Jesú - glerlistaverk nemenda

5. apríl 2006

Glerlist hjá 5.-6. bekk

Nemendur í skólanum hafa undanfarið verið að vinna að ýmsum verkefnum tengdum kristinfræði. Nemendur í 5.-6. bekk hafa unnið glerlistaverk og tónverk í tengslum við páskahátíðina. Glerlistaverkin prýða núna gluggann í anddyri skólans.



Síðasta kvöldmáltíðin

31. mars 2006

Uppskeruhátíð listadaga

Nú eru komnar inn myndir frá uppskeruhátíðinni s.l. föstudagar. Eins og sjá má var mikil og fjölbreytt dagskrá sem nemendur sáu um. Það var gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að koma.



24. mars 2006

Lokahátíð listadaga í Ásgarði

Ætlast er til að sem flestir nemendur Sjáländsskóla komi og taki þátt lokahátíð listadaga barna og ungmenna. Hún fer fram sunnudaginn 26. mars kl. 16-17:30 í íþróttamiðstöðinni Ásgarði. Okkar hlutverk er að syngja tvö ævintýralög. Þeir nemendur sem ætla að taka þátt þurfa að vera komnir í anddyri Ásgarðs eigi síðar en kl. 15:50. Á hátíðinni verður einnig sýndur hluti þeirra verkefna sem nemendur hafa verið að vinna að undanfögnu.

23. mars 2006

Listahátíð í Sjáländsskóla

Listahátíð í Sjáländsskóla föstudaginn 24. mars Nemendur Sjáländsskóla hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum seinustu daga vegna listadaga í Garðabæ. Viljum við bjóða fjölskyldum nemenda og öðrum listunnendum að koma og gleðjast með okkur á milli kl. 13 og 14:15.

22. mars 2006

Listadagar - ævintýri

Í dag og á morgun er unnið í aldursblönduðum hópum. Nemendur gátu valið að vinna að tveimur verkefnum af níu. Verið er að vinna að risahafmeyjum, elda og baka ævintýramat, útbúa ævintýri, ævintýraspil, fjörolistaverk, sokkabruður, ævintýratónlist og ævintýradansa. Sýning á afrakstrinum verður síðan á föstudaginn kl. 13-14:15. Sjáið myndir af vinnusömum nemendum í dag á myndasíðunni.



16. mars 2006

Skíðaferðin

Fyrsta skíðaferð skólans var farin í Bláfjöll nú í vikunni. Hópur nemenda var mjög vanur á skíðum og voru þau mjög dugleg. Margir nemendur voru að stíga í fyrsta sinn á skíði og voru margir sigrar unnir. Enn einn hópur valdi að vera á sleðum eða þotum í sleðabrekkunni. Veðrið var mjög gott og voru þreyttir en ánægðir nemendur sem komu heim um kaffileytið.



12. mars 2006

Skíðaferð á þriðjudag

Skjótt skiptast veður í lofti. Við vorum eiginlega búin að afskrifa möguleikann á skíðaferð en ... nú er allt á kafi á snjó í Bláfjöllum og verður þannig mánudag og þriðjudag en síðan á að fara að rigna á miðvikudag. Við höfum ákveðið að fara með allan skólann í skíðaferð á þriðjudag. Við gerum ráð fyrir að brottför verði um 9:30 eða beint á eftir Norðurlandakynningu hjá 5. og 6. bekk. Heimkoma hefur ekki verið ákveðin en við verðum örugglega ekki komin seinna heim en kl. 15:30. Við þurfum að hafa hraðar hendur og því munum við hæðar- og þyngdarmæla þau börn sem þurfa að fá leigð skíði í skólanum á mánudag. Skólinn greiðir rútufargjaldið en börnin þurfa sjálf að greiða lyftukort og leigu á skíðum, þ.e. þau sem hafa hug á að leigja sér skíði. Sérstök dagskrá verður fyrir þau börn sem ekki fara á skíði og eru þau hvött til þess að taka með sér sleða eða þoturassa. Allir verða að! nota hjálma. Nánari upplýsingar sendar á morgun í tölvupósti og töskupósti. Þeir foreldrar sem vilja fara með okkur á skíði eru beðnir um að hafa samband við skrifstofuna.

9. mars 2006

Heimaping

Í vikunni var haldið heimaping nemenda og starfsmanna skólans. Umræðuefnið var öskudagurinn í Sjálandsskóla. Nemendur voru mjög duglegir að tjá sig og hlusta á aðra. Flestir voru mjög ánægðir með daginn en frekari niðurstöður fundarins eru hér til vinstri undir "Skólaping".

6. mars 2006

Fræðslu- og skemmtifundur

Foreldrafélög skólanna í Garðabæ halda skemmti- og fræðslufund í Félagsheimili Vídalínskirkju miðvikudagskvöldið 8. mars. kl. 20-22. Ræðumenn kvöldsins verða sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, Páll Ólafsson félagsráðgjafi og Margrét Pála Valdimarsdóttir skólastjóri. Sjá nánar í tölvupósti sem fór heim í dag.

1. mars 2006

Öskudagur


Frábær dagur í skólanum í dag. Nemendur og starfsfólk mættu í búningum í skólann og var kennsla fram að hádegi. Nemendur voru einnig duglegir við að æfa söng- og dansatriði. Eftir hádegi hófst síðan öskudagsskemmtun þar sem var dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni. Því næst fóru nemendur á milli "búða" innan skólans, fluttu söng sinn eða dans og fengu að launum sælgæti. Hægt var að fara í Ípróttabúðina, Mökkakaffi, Bókabúð hafmeyjunnar, Soffíu frænku, Skátabúðina, Tískuhúsið og Pizzahúsið. Draugahúsið vakti líka mikla athygli en það voru nokkrir nemendur skólans sem áttu frumkvæði að því að koma því upp. Sjáið myndirnar af öllum flottu krökkunum í myndasafninu og myndasafni bekkja.



1. mars 2006

Öskudagur - kennsla og skemmtun

Í morgun mættu nemendur og starfsfólk skólans í litríkum búningum. Það voru hinar ýmsu furðuverur. Kennt var fram að hádegi ásamt því sem nemendur undirbjuggu söngatriði sem þeir ætla að flytja á eftir í "búðunum" sem settar hafa verið upp á ýmsum stöðum í skólanum. Einnig verður skemmtun og óvænt atriði sem enginn veit hvað er. Nánari fréttir á eftir. Sjá nokkrar myndir úr skólafarfinu.



24. febrúar 2006

Tómstundaheimili og íþróttir

Það hefur verið líf og fjör í tómstundaheimilinu í vetrarfríinu. Nú höfum við sett fullt af myndum úr starfinu þar s.l. vikur á heimasíðu tómstundaheimilis hér til vinstri. Þá eru einnig nýjar myndir úr íþróttatímum á myndasíðum bekkjanna.



17. febrúar 2006

Skráning í Sjáländsskóla

Innritun nemenda fædd árið 2000 fer fram á skrifstofu Sjáländsskóla föstudaginn 17. febrúar og dagana 20. og 21. febrúar kl. 9-15. Innritunarblöð er að finna hér til vinstri undir liðnum "Eyðublöð".

16. febrúar 2006

Vinnustund hjá 5.- 6.bekk

Eina vinnustund á dag áætla nemendur í 5. - 6. bekk vinna sína í íslensku og stærðfræði. Færni nemenda í að gera áætlun og ná markmiðum sínum hefur aukist jafnt og þétt. Skoðið myndirnar af vinnusömum nemendum á myndasíðu 5.- 6.bekkjara. Stelpu og strákahópar röppuðu einnig Þorraþrælinn um daginn og má hlusta á það undir tónlist nemenda.



15. febrúar 2006

Útikennsla hjá 5.- 6. bekk

Í útikennslutímanum þriðjudaginn 14. febrúar gengu 5. og 6. bekkur um Sjálundshverfið til að skoða hvernig götunöfnin tengjast nöfnum á götum í Kaupmannahöfn. Þemavinna þeirra um þessar mundir er einmitt Norðurlöndin. Krakkarnir unnu í hópum við að geta sér til um dönsku nöfnin. Í framhaldi af því var loftmynd af miðborg Kaupmannahafnar skoðuð í forritinu Google Earth til að finna hin dönsku heiti. Göngutúrinn og vinnan í kringum hann gekk mjög vel í veðurbliðunni.



14. febrúar 2006

Opið hús í Vídalínskirkju í næstu viku

Þriðjudaginn 21. febrúar frá kl.09:00-kl.13:00 verður opið hús í Vídalínskirkju fyrir börn á aldrinum 6-9 ára í Garðabænum. Tílefnið er vetrarfrí í skólum bæjarins. Þau sem vilja nýta sér þetta tilboð geta skráð þátttöku fyrir fimmtudaginn 16. febrúar á netfangið gardasokn@gardasokn.is eða í síma 565 6380. Upplýsingar um dagskrá hafa verið sendar til foreldra í tölvupósti.

9. febrúar 2006

Tómstundaheimilið

Í vikunni fóru krakkarnir í tómstundaheimilinu niður í fjöru. Þetta var skemmtileg ferð þar sem kveikt var bál og allir fengu kakó og piparkökur. Síðan tóndu krakkarnir skeljar og marflær. Það er alltaf líf og fjör í tómstundaheimilinu og krakkar og foreldrar mjög ánægðir með starfið þar. Sjáið finu myndirnar á myndasíðunni.



7. febrúar 2006

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Í tílefni dagsins var haldin ráðstefna á vegum SAFT (Samfélag Fjölskylda og Tækni) um siðferði á Netinu. Rætt var um mikilvægi þess að þær umgengisreglur sem við temjum okkur almennt í samskiptum við fólk séu einnig viðhafðar á netinu. Þá var mikið rætt um ábyrgð foreldra á að kynna sér það sem börn eru að fást við í netheimum. Kíkið endilega á heimasíðu SAFT, sjá tengil hér til hliðar og kynnið ykkur netheilræðin 10.

1. febrúar 2006

Hundur í heimsókn

Tása hundurinn hennar Ólafar kennara kom í heimsókn í 1.-2.bekk. Nemendur voru að fara í útikennslu og fræddust um hunda. Þau skoðuðu feldinn á henni, spenana, klærnar og tennurnar. Allir nemendur fengu að halda í tauminn á henni og lærðu um umhirðu hunda og dýrahald. Þau gengu með hundinn heim til Ólafar og fengu kakó og brauð. Sjáið myndirnar hjá 1.-2.bekk.



27. janúar 2006

Efnafræðitilraunir

Við fengum góða heimsókn í dag þegar Gísli Hólmar Jóhannesson formaður foreldraráðs kom og gerði ýmsar tilraunir til vekja áhuga nemenda á undrum efnafræðinnar. Hann mældi t.d. "andfýlu" sem kom fram í mismunandi litum vökvum, sýndi okkur Pesi dós sem beyglaðist og svo gaus eldfjall fyrir fram okkur og askan fór uppá aðra hæð. Þetta var allt stórmerkilegt og börnin voru mjög áhugasöm um efnið. Sjáið myndirnar.



24. janúar 2006

Hljómskálakvintettinn

Hljómskálakvintettinn sem er hornaflokkur kom í heimsókn í morgun. Þeir fluttu ýmis ættjarðarlög, þjóðlög og fleira. Nemendur tóku undir í söng nokkrum sinnum og hljómaði það frábærlega. Þeir fræddu okkur um hljóðfærin sín trompet, horn, túbu, básúnu og kornett. Nemendur í 1.-2. bekk sýndu þeim síðan hljóðfærin sem þau höfðu útbúið í hljóðfærapemanu fyrir í vetur. Mjög fróðlegir og skemmtilegir tónleikar sem vöktu mikinn áhuga hjá krökkunum.



18. janúar 2006

Rassapotur og diskar

Nú hefur skólinn eignast rassapotur og diska sem nemendur fá til afnota í frímínútum. Krakkarnir eru duglegir að nota snjóinn í leik og um að gera meðan hann er. Nemendur í 5.-6.bekk fengu einnig mikla hreyfingu í dag er þau renndu sér af miklum krafti í útiþróttum hjá Hrafnhildi. Sjáið myndirnar hjá 5.-6.bekk



13. janúar 2006

Loksins kom snjórinn.

Byggingaframkvæmdir héldu áfram í dag en nú var byggt snjóhús. Nemendur sameinuðust í þeirri framkvæmd og úr varð flott snjóhús. Nemendur nutu sín í útikennslu með umsjónarkennurum og íþróttakennara. Það voru næg viðfangsefni. Kíkið á myndirnar.



Þórdís og Lilja inn í snjóhúsinu.

12. janúar 2006

Byggingaframkvæmdir

Einingakubbar komu í hús nú á nýju ári. Börnin hafa tekið þeim fagnandi og sköpunargleðin fengið að njóta sín. Hér sjáið þið afrakstur eins hóps í hádeginu í dag. Fleiri myndir munu birtast næstu daga.



10. janúar 2006

Álfabrenna hjá 1.-2. bekk

Nemendur í 1.-2. bekk undirbjuggu sig vel fyrir útikennslu á þrettándanum s.l. föstudag. Þau smurðu sitt eigið nesti og héldu síðan með sitt hafurtask í kerru úti hraun. Dimmt og drungalegt var í veðri og mikið rok. Þau stóðu sig frábærlega í ferðinni þó ekki hefði verið hægt að kveikja í bálkestinum. Sjáið myndirnar á síðu 1.-2. bekkjar.



6. janúar 2006

Þrettándabrennu aflýst

Í dag var í fyrsta skipti leikfangadagur í skólanum. Mikill áhugi hafði verið meðal barnanna að fá að hafa leikföng með sér í skólann. Börnin komu með hin ýmsu leikföng og tókst dagurinn frábærlega vel. Allir nemendur fengu að leika með leikföngin sín í einn kennslutíma ásamt hádeginu. Kíkið á myndirnar, þær sýna ánægða krakka í flottum leik.



Steinþór Örn og Sindri Freyr

4. janúar 2006

Velkomin í skólann á nýju ári

Skólinn hófst með morgunsöng eins og venja er. Helgi skólastjóri gerði grein fyrir töskuskápum sem nú eru komnir inn á svæði og örlitlum breytingum á svæðunum. Þá var rætt um mikilvægi þess að ganga vel frá fötum í fatahengi og náttúrlega annars staðar. Einnig var ítrekað að hér göngum við á milli svæða en hlaupum ekki innandyra. 3 nýjir nemendur hefja nú nám við skólann og eru þeir boðnir hjartanlega velkomnir.



Nokkrir af yngstu nemendum ásamt Ólöfu.

3. janúar 2006

Gleðilegt nýtt ár!

Nú hefst kennsla á morgun. Við hlökkum til að hitta ykkur krakkar. Ragnheiður Gröndal sendi okkur smá kveðju sem þið getið fundið undir "Útgáfa" hér til vinstri.

20. desember 2005

Gleðilega jólahátíð

Það var notaleg samvera á jólaskemmtun í dag. Nemendur sýndu skemmtiatriði í tröppunum, síðan var dansað í kringum jólatréð sem var fallega skreytt af jólapokum og kúlum sem nemendur höfðu unnið sjálfir. Loks var farið inná svæði þar sem lesnar voru sögur, farið í leiki, spjallað og sprellað. Allir fengu síðan að njóta konfeksins sem nemendur höfðu útbúið. Skoðið myndirnar í myndasöfnunum.

Nemendum, foreldrum og aðstandendum eru færðar hugheilar jólakveðjur um leið og við þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.



19. desember 2005

Kirkjuferð í Garðakirkju

Dagurinn byrjaði á því að Rúna K. Tetzschler las úr bók sinni Ófétabörnir fyrir yngstu nemendurnar. Síðan fóru allir í Garðakirkju. Þar tók séra Jóna Hrönn Bolladóttir á mót okkur. Nemendur í 5. bekk fluttu helgileik og eins og sjá má á myndunum lögðu allir sig fram um að gera þetta að fallestri stund. Loks gengu allir yfir að Garðaholti þar sem við gæddum okkur á samloku og borðuðum piparkökur úr kökugerð nemenda. Kíkið á myndirnar. Skoðið líka tónlist nemenda hér til hliðar.



16. desember 2005

Fallegur söngur í morgun

Ragnheiður Gröndal og Haukur bróðir hennar fluttu mörg falleg lög fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Börnin tóku einnig undir í nokkrum lögum. Í lokin fluttu nemendur í 1.-2. bekk lagið Ást fyrir Ragnheiði. Það var fallegur söngur sem hljómaði þennan morgun. Foreldrum var boðið uppá konfekt úr konfektgerð nemenda. Í hádeginu snæddu allir nemendur og starfsfólk hangikjöt. Sjá myndir í myndasafni.



15. desember 2005

Ragnheiður Gröndal kemur á morgun

Á morgun kemur Ragnheiður Gröndal söngkona og syngur fyrir okkur í morgunsöng. Foreldrar og aðstandendur eru velkomnir strax í fyrramálið. Annars gengur vel með jólaundirbúninginn og ýmis verkefni að taka á sig lokamynd.



Hvað leynist í þessum pökkum?

13. desember 2005

Bakað og fönðrað


Í dag voru vinnusamir nemendur að störfum. Laufabrauð, konfektgerð og piparkökubakstur. Góður ilmur barst um skólann. Þá hafa nemendur verið að þæfa glæsilegar jólakúlur, útbúið kerti, jólapoka, málað á plexigler frábærar myndir, stórkostlegir englar og jólasveinar sveima í loftinu og jólalög sungin. Þá eru æfingar á fullu fyrir helgileik og skemmtiatriði á jólaskemmtun.



7. desember 2005

Jólasiðir í nýjum skóla

Í dag hófst undirbúningur jólanna í skólanum. Nemendur fengu að velja sér 6 viðfangsefni af 10 sem eru í boði og fá síðan að vinna að fjórum þeirra. Unnið verður 2 daga í þessari viku og 2 daga í næstu viku. Flest verkefni miða að því að útbúa sameiginlegar jólaskreytingar fyrir skólann eða góðgæti sem við munum njóta í kirkjuferð og jólaskemmtun. Unnið var gluggaskraut á plexigler, útbúnar kúlur og pokar úr þæfðri ull, fléttaðir jólapokar eins og H.C.Andersen gerði, englar og jólasveinar, gluggamálning, kertagerð, jólakort og jólatónlist. En myndirnar tala sínu máli. Skoðið myndir úr skólafarfinu.



5. desember 2005

Foreldraheimsókn hjá 3. - 4.bekk

Í dag buðu nemendur í 3.-4. bekk foreldrum og aðstandendum sínum í heimsókn. Þau sýndu stolt afrakstur vinnu sinnar í tengslum við húsdýraþemað. Þau sýndu flott myndverk, heimildavinnu og margmiðlunarsýningu í tölvuveri. Einnig buðu þau foreldrum kaffi og kökur sem nemendur höfðu bakað. Það voru glaðir nemendur og foreldrar sem voru á sveimi í skólanum í dag. Kíkið á myndirnar í myndasafni 3.-4.bekkjara.



1. desember 2005

Fullveldisdagurinn

Dagurinn var haldinn hátíðlegur með því að minnast að Ísland var lýst frjálst og fullvalda ríki árið 1918. Það voru nokkrir nemendur í 5.-6. bekk sem sögðu okkur frá því. Fjallað var um íslenska fánann en hann var dreginn að húni í fyrsta skipti 1. des. 1918. Kötlugos, frostaveturinn mikli og spænska veikin voru einnig árið 1918. Þá var sagt frá því hvernig börn léku sér á þessum tíma. 4 nemendur spiluðu á básúnur og trompet og síðan sungu allir nokkur ættjarðarlög. Sigú umsjónarmaður kynnti meðferð íslenska fánans fyrir elstu nemendurna. Kíkið á myndirnar.



25. nóvember 2005

Hljóðfæragerð og margt fleira

Nemendur í 1.-2. bekk hafa verið að útbúa hljóðfæri af ýmsum gerðum. Þarna eru regnstafir, vindhörpur, tappatamborínur og trommur. Síðan er hljómsveitin búin að æfa nokkur lög. Kíkið á frábærar myndir af krökkunum og hljóðfærunum þeirra ásamt fullt af myndum úr skautuferð, fjöruferð og stærðfræðivinnu.



23. nóvember 2005

Og það varð ljós....

Nemendur 5. og 6. bekkjar hafa á liðnum vikum verið að fræðast um rafmagn. Þau hafa m.a. farið í vettvangferð í Rafheim, kannað rafmagn og öryggi í Sjálandsskóla og búið til rafstöð á netinu. Í gær bjuggu hóparnir til sína eigin ljósaseríu undir handleiðslu Helga skólalastjóra. Vopnuð rafmagnsvírum, þerustæðum, marglitum ljósaperum og skrúfjárnnum bjuggu þau í sameiningu til ljómandi ljósaseríur sem munu lýsa þeim í desember. Tilvitnun: Nemandi 1: "Mamma er búin að banna mér að fíkta í rafmagni". Nemandi 2: "Þetta er í lagi. Núna er Helgi eins og mamma þín og þá er það allt í lagi". Kíkið á myndasíðu 5.-6. bekkjar.



Flott jólasería.

16. nóvember 2005

Dagur íslenskrar tungu

Í tilefni dagsins fóru allir nemendur skólans og fluttu ljóð fyrir íbúa Garðabæjar. Hópar fóru á Garðatorg, á bæjarskrifstofurnar, á leikskólann Ás, á bókasafnið, í sundlaugina og í Holtsbúð. Börnin stóðu sig frábærlega og var vel tekið af gestum og gangandi. Í lok dags kom Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur og las úr bókunum sínum um Fíusól. Skoðið myndir frá ferðum barnanna í myndasafni.



Börnin flytja ljóð fyrir sundgesti

15. nóvember 2005

Jóga og íþróttir

Kíkið á nýjar myndir af nemendum í 3.-4. bekk sem fóru í ýmsa skemmtilega leiki og enduðu síðan á jóga. Einnig eru nýjar myndir af samvinnuleik í íþróttatíma hjá 1.-2. bekk.



9. nóvember 2005

Heimaþing

Heimaþing var haldið í fyrsta skipti í skólanum í morgun. Þá komu allir nemendur og starfsfólk saman í hring og umræðuefnið var hvernig var að skipta um skóla eða byrja í nýjum skóla og hvernig okkur líður með það. Nemendur voru duglegir að taka til máls og lýsa skoðunum sínum. Heimaþing verða á dagskrá næstu 4 miðvikudagsmorgna.



Allir saman í hring

8. nóvember 2005

Listaverk eftir Lúkas Kárasón

Skólinn hefur fengið tvö listaverk eftir Lúkas Kárasón. Þau bera heitin öndvegissúla og undraverur og eru unnin í rekavið. Í verkunum birtist margt sem Lúkas hefur upplifað á bernskuárunum á Hólmavík og Drangnesi á Ströndum en einnig frá ferðum hans og störfum í Afríku, Asíu eða Suður-Ameríku. Verkin eiga örugglega eftir að vera uppspretta margvíslegra upplifana hjá nemendum.



Öndvegissúla

7. nóvember 2005

Stiginn

Á hverjum morgni hefst skólastarfið á söng í stiganum góða. En stiginn er einnig að nýtast börnunum í náminu. Þangað leita stundum litlir hópar að vinna að verkefnum. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig mismunandi staðir í skólanum nýtast á fjölbreytilegan hátt.



3. nóvember 2005

Nýr nemandi í skólanum...

Fyrst til að mæta í skólann í morgun var þessi litla sæta hagamús. Búið er að gefa henni súkkulaðikex, ost og vatn. Henni líkar súkkulaðið mjög vel. Við vonum að henni líki vel í skólanum en nemendur tóku henni mjög vel.



2. nóvember 2005

Tölvupallurinn

Kíkið endilega á myndirnar af tölvustofunni okkar. Hún var þétt setin af nemendum í 1.-2. bekk sem voru að kynna sér teikni- og margmiðlunarforritið Kidpix og nemendum í 5.-6. bekk sem voru að vinna úr vettvangsferðinni á Smáratorg í tengslum við heimilisvikuna. Þau unnu frásögn um ferðina í Word og notuðu myndir sem þau tóku í ferðinni. Einnig settu þau upp í Excel lista og súlurit yfir vörurnar sem þau "keyptu" í herbergið sitt.



28. október 2005

KK í heimsókn

Tónlistarmaðurinn KK eða Kristján Kristjánsson ásamt Guðmundi Péturssyni komu í heimsókn í morgun. Þeir fluttu okkur dagskrána Þýtur í stráum sem fjallar um íslenska tónlistararfinn. Þeir flutt ýmis þjóðlög, sögðu þjóðsögur og m.a. draugasögu. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir foreldrar höfðu tók á að koma. Allir nutu vel.



27. október 2005

Stórveisla hjá 1.-2. bekk

Sjáið myndirnar af glæsilega veisluborðinu hjá nemendum í 1.-2. bekk sem þau útbjuggu alveg sjálf. Boðið var uppá ávaxtasalat, brauðbollur, appelsínusafa og súkkulaðibúðing. Kíkið á nýjar myndir úr heimilisfræðiviku undir bekkjarmyndir.



26. október 2005

Heimilisvika

Mikið líf og fjör í skólanum í dag. Börnin hafa verið mjög dugleg að leysa heimaverkefnið í heimilisfræðiviku. Þau hafa bakað, ryksugað og tekið til í herberginu sínu, verslað í matinn, eldað, gengið frá, farið út með ruslið, hreinsað ísskápinn og fleira og fleira. Enn eru nokkrir dagar eftir til að ljúka skylduverkefnum og valverkefnum. Í gær fór 3.-4 bekkur út í Hagkaup að gera verðkönnun á ýmsum vörum. Þau kynntu sér einnig næringargildi ýmissa vara. Þau eru nú að vinna úr niðurstöðum m.a. í Excel töflureikninum. Þau útbjuggu líka salat úr grænmeti sem þau versluðu inn í gær. Nemendur í 5.-6. bekk fóru á Smáratorgið í dag og "versluðu" húsgögn og fleira sem þarf til að innrétta eitt barnaherbergi. Þau höfðu takmörkuð fjárráð og þurftu að miða "kaup" sín við það. Það var mjög misjafnt hvað nemendum fannst að þyrfti að vera í herberginu og mun það koma fram við úrvinnsluna. Nemendur í 1.-2. bekk fóru líka í Hagkaup og skoðuðu verð á ávöxtum. Gerðu síðan könnun á uppáhaldsávöxtum nemenda og starfsfólks skólans.



25. október 2005

Skólar framtíðar

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að endurskoða heildstæða skólustefnu Garðabæjar fram til ársins 2009. Lögð er áhersla á að fulltrúar starfsmanna skólanna, stjórnábyrgð og foreldra í Garðabæ fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við endurskoðun skólustefnunnar. Af því tilefni er boðað til skólaþings fimmtudaginn 10. nóvember frá kl. 19:30-22:00 í Flataskóla. Margt hefur áunnist í skólastarfi í Garðabæ á liðnum árum og gert skólana í bænum viðurkennda fyrir gott skólastarf og eftirsóttu bæði af foreldrum sem og kennurum. Mikilvægt er að efla skólastarf enn frekar og skoða reglulega með hvaða hætti það verður best gert.

19. október 2005

Sigling við Sjálandsskóla

Í dag bauðst nemendum í 5.-6. bekk að sigla á kanó við Sjálandsskóla. Helgi skólastjóri og Sigu umsjónarmaður leiðbeindu nemendum. Krakkarnir stóðu sig mjög vel og voru mjög ánægð með þessa upplifun. Krossfiskar af öllum stærðum urðu á vegi barnanna. Veðrið var líka frábært eins og myndirnar sýna. Eftir kennarafund bauðst kennurum að prófa græjurnar. Þeir fóru endurnærðir



heim eftir siglinguna. Kíkið á myndirnar hér til hægri undir myndir úr skólafarfinu.

17. október 2005

Norræna skólahlaupið

Nú hafa allir nemendur skólans tekið þátt í hlaupinu. Margir hlupu 2,5 kílómetra, aðrir 5 kílómetra og sumir 10 kílómetra. Frábær árangur hjá þessum snillingum. Kíkið á myndirnar á myndasíðu.



17. október 2005

Marbendill og foreldrafélagið

Marbendill fréttablað skólans er komið út og hefur verið sent í tölvupósti. Það er einnig að finna hér til vinstri á síðunni undir Útgáfa. Þar er einnig að finna nýjan tengil Foreldrar. Þar birtast upplýsingar frá Foreldrafélagi Sjálandsskóla.

14. október 2005

Út og suður

Í dag fóru elstu börnin á Þjóðminjasafnið í tengslum við vinnu þeirra um landnámið. Þar fræddust þau um landnámsmenn og lífnaðarhætti þeirra. Þau fengu að prófa ýmsan klæðnað sem líktist því sem þá var notaður. Nemendur í 5.-6. bekk voru að fara í sína 8. vettvangsferð. Börnin í 3.-4. bekk fóru út í eina krónu og könnuðu síðan fjöruna. Börnin í 1.-2. bekk fóru öll í sund. Þannig að námsumhverfið var mjög fjölbreytt í dag.



10. október 2005

Er rugl að setja reglur?

Fyrsti aðalfundur foreldrafélags Sjálandsskóla verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 11. október kl. 17:30. Á fundinum verða félaginu sett lög, fólk valið í stjórn og í foreldraráð. Að fundi loknum mun Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur flytja erindi sem hún nefnir: "Er rugl að setja reglur".

6. október 2005

Krabbagildran

Sigu umsjónarmaður og krakkarnir hafa komið fyrir krabbagildru í sjónum. Á hverjum degi þegar það er fjara fara þau að vitja hennar. Í dag kom stór marhnútur og 2 fingurlangir ufsatittir sem voru reyndar dauðir. Aflinn er síðan settur í sjávarbúrið og Loðmundur krabbi var frekar glaður með ufsatittina!



Sigu og nemendur að kíkja í krabbagildruna.

4. október 2005

Heimsókn úr Hlíðaskóla

Í dag komu 14 kennarar úr Hlíðaskóla í Reykjavík í heimsókn. Heimsóknin var liður í símenntun þeirra. Eftir að hafa hlustað á morgunsöng hlustuðu þau á Helga skólástjóri tala um hugmyndina á bak við skólann og hvernig við skipuleggjum okkar starfs. Því næst fóru þau í þrem hópum í kynnisferð um skólann. Sex nemendur úr 5./6. bekk voru sendiherrar í kynnisferðinni, þau Iðunn Snædís, Karólína, Árný, Brynjar Már, Hinrik Hrafn og Þórhallur Kári. Gestirnir voru afskaplega ánægðir með heimsóknina, sérstaklega kynnisferðina og hrósu nemendum í hástert fyrir áhuga og einlægni.



28. september 2005

Stærðfræðidagurinn í gær

Frábær dagur helgaður stærðfræði og var áherslan á mynstur og algebru eins og Flötur, samtök stærðfræðikennara höfðu lagt upp með. Nemendur unnu saman í 5 manna hópum. Boðið var upp á 18 mismunandi stöðvar bæði inni og úti. Nemendur fengu mismunandi hlutverk sem voru hópstjóri, ritari, tímavörður og sáttasemjari. Dagurinn gekk afar vel og börnin skemmtu sér konunglega. Óskir bárust um að hafa svona dag fljótt aftur. Kíkið á myndirnar á myndasíðunni.



Tangram

26. september 2005

Dagur stærðfræðinnar

Komið með spil í skólann. Á morgun er dagur stærðfræðinnar. Þá munu nemendur vinna fjölbreytt verkefni í stærðfræði í litlum hópum. Boðið verður upp

á 18 mismunandi stöðvar m.a. risamikadó, kaplakubba, rökkubba, mynsturdúk, tangram, þraut í stauraskógi, súdoka, dulmál o.fl. Í síðasta tíma verður síðan spilað á margs konar spil og eru nemendur hvattir til að koma með spil í skólann.

22. september 2005

Vífilsstaðavatn

Í vikunni fór 5. og 6. bekkur ásamt kennurum og skólustjóra að Vífilsstaðavatni þar sem lífríki vatnsins var skoðað. Bjarni Jónsson vistfræðingur ásamt Sigurði og Elínu Maríu Björnsdóttur kennsluráðgjafa í náttúrufræði fræddu nemendur. Nemendur gengu síðan heim og tóku með sér margs konar sýni.

Myndir úr ferðinni og vinnu með sýnin má finna á myndasíðunni.



21. september 2005

Kynning á skólastarfi í 3.-4.bekk

Á morgun kl. 17:30 - 18:30 verður námskynning fyrir foreldra og nemendur í 3.-4.bekk. Nemendur og kennarar munu kynna verkefni vetrarins og skipulag skólastarfsins. Einnig verður sýndur stuttur leikpáttur.

15. september 2005

Hjólaferð

Í gær fóru nemendur í 5. og 6. bekk í hjólaferð umhverfis Garðabæ. Hrafnhildur íþróttakennari skipulagði þessa ferð og fór Helga skólaliði einnig með. Fyrst fór strákahópurinn og síðan stelpuhópurinn. Krakkarnir voru mjög dugleg og náðu að hjóla stóran hring um Garðabæ. Sjáið myndir úr ferðinni á myndasíðunni.



Hressar og duglegar

13. september 2005

Námskynningar

Miðvikudaginn 14. sept. kl. 17:30-18:30 munu nemendur í 5.-6.bekk kynna fyrirkomulag námsins og afrakstur síðustu tveggja vikna. Kennarar munu síðan kynna fyrirkomulag námsins og námsmat næstu vikna og mánaða. Fimmtudaginn 15. sept. kl. 17:30-18:30 munu nemendur í 1.-2.bekk ásamt Ólöfu kennara kynna námið hjá þeim. 3.-4. bekkur verður með námskynningu í næstu viku. Nánari tímasetning kemur fljótlega.

13. september 2005

Sund hjá 5.-6.bekk

Listgreinahópur 1 byrjar í skólasundi á morgun í Ásgarði. Nemendur fara 3 sinnum í viku í þrjár vikur.

9. september 2005

Gróðursetning

Frábær dagur við gróðursetningu og útivist í allan dag. Í Guðmundarlundi skoðuðum við skóginn en þar var gróðursett 1968. Börnunum var skipt í 3 aldursblandaða hópa og fór síðan einn hópur í einu upp í Sandahlíð sem er beint á móti Guðmundarlundi er þar er enginn skógur ennþá. Starfsmenn Skógræktar Garðabæjar leiðbeindu börnunum með gróðursetningu. Börnin voru mjög dugleg að stinga holur, setja plöntur og hrossaskít í. Síðan var farið aftur að Guðmundarlundi og allir fengu grillaðar pylsur, drykk og súkkulaðiköku. Farið var í margskonar leiki, kubb eða kóngaleik, hlaupa í skarðið, boltaleiki, snú-snú og svo snérust flestir marga hringi í leiktækinu sem þarna er. Það var frábært að sjá hvað börnin voru dugleg að leika sér úti. Margar frábærar myndir af ferðinni á myndasíðunni.

9. september 2005

Skólapeysur

Byrjað verður að taka á móti pöntunum á skólapeysum eftir helgi. Frekari upplýsingar hér til hægri undir fréttir.

8. september 2005


Plöntun og útivist

Föstudaginn 9. september fer allur skólinn í plöntunar- og útivistarferð í Heiðmörk. Ekið verður með rútu að Guðmundarlundi sem er í umsjá Skógræktarfélag Kópavogs og þar farið í plöntuskoðun. Þaðan verður gengið að landsvæði í Sandahlíð sem Skógræktarfélag Garðabæjar hefur úthlutað Sjálandsskóla til skógræktar. Að plöntun lokinni tekur við almenn útivist, leikir og náttúruskoðun. Við munum grilla pylsur í hádegismat fyrir alla nemendur skólans og bjóða upp á svaladrykk. Upphaf og lok skóladags eru í samræmi við stundaskrá. Nemendur komi með gott morgunnesti og útbúnir til útvistar allan daginn.

5. september 2005

Vígslan á laugardaginn

Margt góðra gesta kom í heimsókn s.l. laugardag er skólinn var formlega vígður. Myndirnar tala sínu máli. Kíkið á



Nemandi tekur viðtal við bæjarstjórnann

myndasíðurnar hér til hliðar.

5. september 2005

Skólapeysur

66°N byrja að taka á móti pöntunum mánudagin 12. sept. til 30 sept. í verslun sinni í Miðhrauni. Foreldrar munu greiða fyrir peysurnar á staðnum við pöntun eins og síðast. 66°N bjóða einnig 15% afslátt af öðrum fatnaði þegar fólk kemur og verslar skólapeysu. Afhendingartími verður auglýstur síðar.

2. september 2005

Vígsluhátíð skólans er á morgun kl. 13. Í dag hafa nemendur verið að kynna sér sjávarbúrið sem er ótrúlega spennandi. Þá hafa allir nemendur komið að hönnun á sameiginlegu listaverki. Allir nemendur eiga lista í listaverkinu. Kíkið á nýjar myndir í myndasafninu af sjávarbúrinu, listaverkinu og vinnu á heimasvæðum.



trjónukrabbinn

31. ágúst 2005

Vígsla og opið hús

Laugardaginn 3. september verður Sjálandsskóli formlega vígður. Vígslan hefst kl. 13 og í framhaldi af henni er opið hús til kl. 15. Foreldrar, nemendur og aðstandendur eru hvattir til þess að koma í heimsókn og samfagna þessum áfanga í skólamálu í Garðabæ

26. ágúst 2005

Fyrsta vikan fór vel af stað. Allir hópar hafa verið að skoða nánasta umhverfi sitt. Börn, kennarar og starfsfólk ánægt með skólabyrjunina. Við hlökkum til að halda áfram. Góða helgi.



Ólafur Schram og 5.-6.bekkur

25. ágúst 2005

Fengum góða heimsókn í morgun frá kennurum úr Tónlistarskóla Garðabæjar. Þeir Guðmundur og Jóhann Björn spiluðu fyrir okkur á málmblasturshljóðfærin horn, trompet, básúnu og túpu. Nokkrar myndir í myndasafninu.

24. ágúst 2005

Fyrsti skóladagurinn í Sjálandsskóla hófst í stiganum eins og allir skóladagar munu gera. Börnin röðuðu sér fallega í stigann eins og sjá má á myndum í

myndasafni. Helgi skólastjóri bauð alla velkomna, kennarar kynntu sig og séra Friðrik J. Hjartar blessaði skólann. Síðan sungu allir tvö lög og fóru síðan inn á sín heimasvæði ásamt umsjónarkennurum. Í dag var áherslan á að nemendur og kennarar kynntust innbyrðis ásamt því að skoða skólaumhverfið. Í hádeginu borðuðu nemendur nestið sitt og völdu síðan útiveru eða inniveru og skiptist það nokkuð jafnt. Það var gaman að fá loks líf í skólann með þessum frábæru krökkum sem mættu í dag. Kíkið endilega á allar myndirnar.

23. ágúst 2005

Nemendur streyma í skólann með foreldrum og eftirvænting skín úr augum nemenda. Skólabíll. Á meðan á framkvæmdum við Löngulínu stendur mun skólabíll vera í boði fyrir börnin. Bíllinn leggur af stað frá horni Norðurbrúar og Strandvegur kl. 8:05 og frá Asparási kl. 8:10. Farið verður öfugan hring frá skólanum að skóladegi loknum. Mataráskrift. Heitur matur verður í boði frá og með 1. september. Gengið er út frá því að það verði mánaðaráskriftir. Verð pr. dag verður 333.kr. Það þarf að skrá nemendur hjá umsjónarkennara eða ritara skólans. Sjá frekari upplýsingar hér til hliðar.

22. ágúst 2005

Á morgun mæta nemendur í skólann ásamt foreldrum í viðtöl til umsjónarkennara. Upplýsingar um staðsetningu viðtala verða í anddyri og hjá ritara.

19. ágúst 2005

Undirbúningur skólastarfs hófst 3. ágúst er kennarar hófu störf. Verið er að leggja lokahönd á frágang innanhúss og utan. Vel miðar á öllum stöðum. Foreldrafundur var mánudagskvöldið 15. ágúst þar sem skólastjóri og kennarar gerðu grein fyrir skipulagi skólastarfsins. Það var ánægjulegt að hitta þarna stóran hluta foreldrahópsins og finna hinn jákvæða meðbyr sem við fáum frá þeim. Við fengum góðar heimsóknir af starfsfólki Flataskóla og Garðaskóla í s.l. viku.